



Sigríður Elva og Hilmar Örn á rökstólum:
TRÚ OG TÝNDIR PÚÐLUHUNDAR ▶ 30



VONARGLETA Í ÚKRAÍNU ▶ 36

Hagstæð verð
í sólina!



www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ


14. febrúar 2015
38. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



STÓRIÐJUKONUR

Esther Gunnarsdóttir, Eyrún Linnet og Sunna Björg Helgadóttir starfa í álverinu í Straumsvík. Þær segja stóriðjustörf vera fjölbreytt, skemmtileg og langt frá því að vera karlastörf. Einnig að karlarnir fagni því að fá konur í starfshópinn og eigi það til að fara á trúnó. ▶ 24



SLAGSMÁL Í BEINNI Fjallað um ofbeldi meðal ungingla sem hefur færst í vöxt ef marka má tilkynningar til lögreglu. ▶ 28



SYNGUR LÖG ELLU FITZGERALD ▶ 54



MÍN SKOÐUN
JÓN GNARR

Misheppnaðar tilraunir til að trúá á guð ▶ 18



Bakarísbollur

Tilboð!
219 kr. stk.

Iceland

Aðeins í Engihjalla

Í dag er valentínusardagur,
og á miðvikudag er öskudagur!
Gaman að lifa!

Í kvöld er eurovisionkvöld

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11, s. 534-0534

OPÍÐ TIL 18
NÝJAR VÖRUR

SMÁRALIND

GLEÐIFRÉTTIN

Keypti sér vespu

Lárus Sigfússon, fyrrverandi ráðherrabílastjóri, fagnaði 100 ára afmæli sínu þann 5. febrúar. Hann starfaði sem ráðherrabílastjóri í alls tuttugu og eitt ár, lengst af fyrir Steingrím Hermannsson. Lárus hætti alfarið að keyra í nóvember í fyrra, rétt fyrir aldarafmælið, og fékk sér rafmagnsskutlu sem hann hyggst keyra þegar snjóá leysir. „Hún jafnast nú ekkert á við bílinn,“ segir Lárus hress.



FIMM Í FRÉTTUM TANNLÆKNINGAR, HÓTANIR OG ESB



Kristín Heimisdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands, segist ósatt fyrir hönd reykviskra barna sem fengu ekki tannbursta að gjöf frá félaginu. „Auðvitað er þetta mismunur. En mismunurinn er á grundvelli þeirra reglna sem forsvarsmennirnir setja, þeir sem stjórna borginni.“



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, vill skoða sameiningu við Seltjarnarnes. „Ég er mjög opin fyrir frekari sameiningu og ég held að Reykjavík sé það og hafi verið. Við hugsum þetta sem eitt svæði og þetta er auðvitað eitt búsetusvæði.“



Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólastjóri í Hagaskóla, segist ekki hafa orðið var við hótanir og ógnanir. „Það er bara allt á áætlun. Þetta voru nokkrir einstaklingar sem þurfa ákveðna vinnu í tengslum við þeirra hegðun eða stöðu.“



Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrisgjóða, vill skoða breytingar á eftirlaunaaldri. „Það er staðreynd að við lifum lengur sem er mjög jákvætt en það kostar pening.“

→ **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra segir ESB hrjáð af innanmeinum og telur hagsmunum Íslands betur borgið utan sambandsins „Fá ríki eða ríkjasambönd njóta jafn þéttariðs fríverslunarnets og Ísland. Ríkin eru að nálgast 70 þar sem viðskipta-hindrunum af ýmsu tagi hefur verið rutt úr vegi,“ sagði hann á Viðskiptaþingi.



GJÖREYÐING Dresden var rústir einar eftir að breskir og bandarískir hermenn höfðu lokið sér af.

FRÉTTABLAÐID/EPA

Forseti Þýskalands minnst loftárásanna á Dresden:

Minnir á mikilvægi sátta

ÞÝSKALAND Bæði Þjóðverjar og Bretar minnst þessa dagana loftárásarinnar á Dresden, sem hófst 13. febrúar árið 1945 og stóð til 15. febrúar. Alls flugu breskar og bandarískar herflugvélar nærri 800 sinnum yfir borgina og vörpuðu bæði venjulegum sprengjum og eldsprengjum, sem kostuðu um 25 þúsund manns lífið.

Joachim Gauck, forseti Þýskalands, flutti ávarp í tilefni dagsins þar sem hann sagði upprifjun á þjáningum íbúa í Dresden ekki gera lítið úr þjáningu fólks í útrýmingarbyggingum og stríðsglæpum þýskra nasista. „Við vitum hverjir áttu upphafið að manndrapsstýrjöldinni,“ sagði hann. „Þegar sárur er haldið opnum þá getur óvináttan ekki liðið undir lok. Ef andúðin er ræktuð þá vex löngunin í hefnd og málagjöld.“ Gauck sagði mikilvægt að eyðing Dresden væri áminning um mikilvægi friðar og sátta.

-gb

Samið um Smáþjóðaleikana:

Smáþjóðaleikarnir á Íslandi

ÍPRÓTTIR Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, skrifuðu í gær undir samstarfssamninga um Smáþjóðaleikana 2015.

Um er að ræða íþróttakeppni með þátttöku smáþjóða í Evrópu í Reykjavík dagana 1. til 6. júní næstkomandi. Þjóðirnar sem taka þátt eru Ísland, San Marínó, Andorra, Mónakó, Malta, Liechtenstein, Kýpur, Svartfjallaland og Lúxemborg.

-ngy

Viðvörðun frá Veðurstofu:

Mikilli rigningu spáð í dag

VEÐUR Vatnavárhópur Veðurstofu Íslands hefur sent frá sér viðvörðun vegna vatnavaxta og hálfu. Spáð er mikilli rigningu sunnan- og vestanlands með hlýindum síðdegis í dag, laugardag, auk hlýinda um allt land og fram á sunnudag.

Þá kemur fram í tilkynningunni að búast megi við mestri úrkomu í kríngum fjöllum og jökla sunnan- og vestanlands. Á slíkum slóðum gæti sólarhringsafrennsli farið vel yfir hundrað metra á sekúndu.

-ngy

Sjúkraliðar veikir vegna langtímaálags

Framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands segir alvarlegt að ófaglærðir gefi lyf á hjúkrunarheimilum og það geti skapað stórhættu. Álagið sé svo mikið á sjúkraliðum að dæmi séu um að þeir noti hlaupahjól til þess að komast hraðar á milli.

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkraliðar lýsa yfir miklum áhyggjum af því ástandi sem er í heilbrigðiskerfinu og vísa þar sérstaklega til aðbúnaðar aldraðra. Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, gagnrýnir harðlega það ástand sem er inni á hjúkrunarheimilum og segir alltof fáa sjúkraliða vera við störf. „Í öllu þessu fjársvelli hafa hjúkrunarheimilin frekar ráðið ófaglærða. Jafnvel fólk sem talar ekki íslenska tungu. Því miður hefur landlæknir gefið grænt ljós á að ófaglærðir gefi vistmönnum á hjúkrunarheimilum lyf sem að okkar mati er algjörlega út úr korti og býður hættunni heim. Eftirlit landlæknis er ekki meira en það. Það er alveg þekkt að það hafi skapað hættu,“ segir Gunnar.


Hann segir félagið margsinis hafa bent á þann vanda sem nú sé kominn upp og eigi sér langan aðdraganda. Sjúkraliðum fækki, laun séu léleg og álag aukist stöðugt. Það skili sér í því að langtímaveikindi hrjá fjölda sjúkraliða sökum langvarandi vinnuálags. „Við erum aðilar að styrktarsjóði BSRB þar sem fólk getur sótt um dagpening eftir að það hefur klárað veikindaréttinn. Stór hluti þeirra sem sækja um dagpeninga í þennan sjóð er sjúkraliðar.“

Gunnar segir álag hafa aukist mikið undanfarin ár, sérstaklega á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. „Heimilin eru meðal annars farin að bregðast við með því að láta fólk mæta á svokallaðar stubbavaktir þar sem álagið er mest og launin minnst. Þá



ÁHYGGJUR Formaður sjúkraliðafélagsins segir langtímaveikindi hrjá fjölda sjúkraliða vegna langtímaálags.

FRÉTTABLAÐID/VALLI



GUNNAR ÖRN GUNNARSSON

mætir fólk í nokkrar klukkustundir. Þannig að einhver vitræn hjúkrun eða umönnun fer ekki fram, þú ert bara á sprettinum. EINHVERS STAÐAR ERU MENN MEIRA AÐ SEGJA BÚIN AÐ TAKA UPP HLAUPAHJÓL TIL ÞESS AÐ FARA HRAÐAR Á MILLI,“ segir hann og ítrekar að undir slíku álagi bitni það á faglegri umönnun.

Gunnar segir sjúkraliða forðast að vinna á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og vilji frekar vinna á spítölum. „Fólk er að færa sig

yfir í hjúkrun sem er meira vit í og meira faglegt. Þeir hafa sem betur fer vandað sig í að hafa faglaert fólk á spítölunum.“

Á fundi Sjúkraliðafélagsins í fyrradag sömdu félagsmenn ályktun þar sem þeir hvetja stjórnendur heilbrigðisþjónustunnar til að leita allra leiða til að fjölga í sjúkraliðastéttinni, meðal annars með hækkun launa, með því að auka jákvæðni gagnvart stéttinni og hvetja markvisst ófaglærða starfsmenn og ungt fólk til þess að mennta sig í faginu. Einnig að hlúð verði að heilbrigðisstarfsfólki og byggt upp kröftugt, faglegt heilbrigðiskerfi sem þjóðin getur verið stolt af til framtíðar.

viktoria@frettabladid.is

Athugun Persónuverndar á samskiptum í lekamálinu er á lokastigum:

Niðurstaða um mánaðamótið

STJÓRNSÝSLA Persónuvernd mun ekki skila af sér niðurstöðu um athugun á samskiptum Gísla Freys Valdórssonar, þáverandi aðstoðarmanns innanríkisráðherra, og Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, þáverandi lögreglustjóra á Suðurnesjum, í aðdraganda lekamálsins svokallaða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er athuginin á lokastigi en niðurstaða mun ekki liggja fyrir fyrr en stjórn Persónuverndar hefur afgreitt hana af stjórnarfundum. Þeir eru haldnir mánaðarlega um mánaðamót.

Persónuvernd fór fram á að Sigríður skýrði hvernig gagnöryggi var tryggt þegar hún sendi Gísla greinargerð um hælisleitandann Tony Omos sem síðan rataði í fjölmiðla. Hún hefur þegar sent Persónuvernd skýringar sínar. Gíslur hefur einnig sent sínar skýringar til Persónuverndar.

Það var í nóvember árið 2013 sem Sigríður Björk sendi Gísla greinargerðina í tölvupósti. Persónuvernd ákvað að hefja athugun á málinu og fór fram á afhendingu allra gagna sem því tengdust. Ganga á úr skugga um að sending Sigríðar brjóti ekki í bága við lög.



SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR Persónuvernd athugar samskipti þáverandi lögreglustjóra og aðstoðarmanns ráðherra í aðdraganda lekamálsins.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Í þeim gagnapakka sem Sigríður afhenti Persónuvernd var greinargerðin meðal gagna, en ekki tölvupósturinn. Stofnunin óskaði eftir að pósturinn yrði afhentur sem Sigríður sagðist í yfirlýsingu ætla að gera.

-fbj

Páskflug til **Alicante**

31. mars - 6. apríl

Verð frá **69.900** kr.

Verð á flugsæti til og frá Alicante. Morgunflug með Icelandair.



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



VITA er lífið

NÝR korando

HÖRKUDUGLEGUR 4X4 DÍSEL TÚRBÓ SPORTJEPPI

**FRÁBÆRT VERÐ
4.890 ÞÚS. KR.**

DÍSEL TÚRBÓ • Próunarvinna SsangYong bílaframleiðandans skilar sér í stílhreinum og fjórhjóladrifnum sportjeppa sem
LÆSANLEGUR MILLIKASSI • er eins og sniðinn fyrir íslenska vegi og veðurfar. Korando er óvenju rúmgóður jeppi, togar eins og tuddi
FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR • og honum fylgir ríkulegur staðalbúnaður. Með kaupum á Korando tryggir þú þér sportjeppa á pari við mun
5 ÁRA ÁBYRGÐ • dýrari jeppa. Komdu og reynsluaktu Korando-sportjeppa. Hann mun koma þér skemmtilega á óvart.

- 5 ára ábyrgð
- Tölvuætt fjórhjóladrif (AWD) með læsingu
- Sjálfstæð fjöðrun að framan og aftan
- 6 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS Hemlakerfi
- EBD hemlajöfnunarkerfi.
- ESP Stöðugleikastýring
- HSA kerfi - brekkuhjálp
- ESS bráðaviðvörunarbremsuljós

- Tölvustýrð loftkæling
- Loftþrúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 17" álfelgur
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hiti í stýri
- Hraðastillir (Cruise control)

- Útvarpstæki og geislaspilari / MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Led ljós - framan/aftan
- Pokuljós - framan/aftan
- Aksturstölva
- Sjálfvirkur birtustillir í bakýnispegli
- Hæðarstillanlegt / aðdraganlegt stýri

- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í fram- og aftursætum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Hiti undir þurrkum í framrúðu
- Vindskeið að aftan
- Litað gler
- Þjófavörn

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur

benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bilabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

9.2.2015 → 15.2.2015

1 sinni í viku

fær gamalt fólk að fara í bað á Seljahlíð – heimili fyrir aldraða.

800 milljarða

króna telur Viðskiptaráð Íslands að ríkið geti losað með sölu eigna.



37 fundardagar eru eftir á dag-skrá Alþingis; 45 frumvörp ráðherra bíða afgreiðslu.


1,3 MILLJARÐAR

skiluðu sér í ríkiskassann í aðflutningsgjöldum af innfluttu kjöti á árinu 2014.



150 milljónir króna

eru stjórnvöld tilbúin að greiða fyrir gögn um skattaundanskot.



2:01,77

er nýtt Íslands- og Evrópumet Anftu Hinriksdóttur í 800 metra hlaupi innahúss.

240.000 kr.

er krafa Flóabandalagsins um lægstu laun eftir næstu kjarasamninga.

70.000 TONN

af tæplega 400.000 tonna loðnukvóta eru komin á land.



fimmtíu kílómetrar

er hámarks lengd jarðstrengs yfir Sprengisand vegna ástands flutningskerfis raforku.



500

nýir íbúar gætu sest að á Akranesi með byggingu sólarkísilverksmiðju á Grundartanga.



DAGUR B. EGGERTSSON í fréttapistli kveðst borgarstjóri sjá tækifæri á Gufunesi og Geldinganesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Borgarstjóri sér tækifæri: Kaupa Gufunes og risastóra lóð

SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgararáð hefur samþykkt að Reykjavíkurborg kaupi Gufunes og 70 hektara lands á Geldinganesi af Faxaflóahöfnum.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir þetta tímamót af því að Gufunesið sé í hans huga eitt af mest spennandi þróunarsvæðum sem borgin eigi kost á til byggingar ýmissar atvinnustarfsemi.

„Á svæðinu eru stór mannvirki sem ef til vill mætti nýta undir léttan iðnað eða skapandi greinar og við stefnum að því að kynna fljótlega skipulagssamkeppni til að kortleggja möguleikana,“ segir Dagur í fréttabréfi sínu.

LEIÐRÉTT

Rangt var haft eftir Baldri Helga Benjamínssyni í blaðinu í gær að hátt mjólkurverð skýrði aukinn innflutning á nautakjöti. Baldur Helgi sagði aukna eftirspurn eftir mjólkurvörum hluta skýringar á innflutningsaukningunni.

Pau mistök urðu í umfjöllun um Málþing Félags um nýjar rannsóknir á þjóðtrú Íslendinga á seinni öldum að það hæfist kl. 14.30. Hið rétta er að það hefist kl. 13.30 og er haldið í fyrirlestraral Þjóðarbókhöfðunna á laugardaginn og eru allir áhugasamir velkomnir.

LANDBÚNAÐUR Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að stórfelld lækking tolla á landbúnaðarafurðum væri ekki í samræmi við landbúnaðarstefnu Íslands. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær námu tollar af innfluttu kjöti 1,3 milljörðum króna í fyrra. Sigurður Ingi segir alla tolla greiðast af neytendum, af kjöti sem öðrum vörum, en rétt sé að hafa í huga að engin trygging sé fyrir því að lækking tolla myndi skila sér að fullu til neytenda.



SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON

Spurður hvort komi til greina að lækka tolla á innfluttu kjöti svarar hann:

„Samið er um tolla í gagnkvæmum samningum á milli landa, eða ríkjasambanda. Það þýðir að tollalækking er gagnkvæm. Ríki sem lækkar tolla hjá sér gagnvart öðru ríki eða ríkjasambandi nýtur þess sama í útflutningi.“

En kemur til greina að afnema tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir, líkt og formaður Neytendasamtakanna hefur kallað eftir?

„Tollvernd er hluti af framleiðsluskilyrðum landbúnaðarins. Tilgangur hennar er meðal annars að jafna aðstöðumun landa. Hún er því hluti af landbúnaðarstefnunni og í fullu samræmi við tilgang og markmið búvörulaga.“

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær var 25 til 30 prósentum af öllu seldu kjöti á landinu í fyrra innflutt. Annar innlend framleiðsla eftirspurn, eða þarf að endurskoða landbúnaðarkerfi?



KÁLFAR Landbúnaðarráðherra segir almennt ekki ríkja kjötskort á markaði. Komi upp skortur sé opnað á tímabundna tollkvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Almennt er enginn skortur á kjöti á markaðnum í dag hér á landi. Í þeim tilfellum sem það kemur upp er brugðist við og opnaðir tímabundnir tollkvótar meðan það ástand varir. Unnið er að því að auka framleiðslu á nautakjöti, meðal annars með væntanlegu frumvarpi um innflutning á erfðaeftni.“

Sigurður Ingi segir fyrirkomulag tolla víðast hvar það sama í heiminum. Tollverndin sé óaðskiljanlegur hluti stuðnings við

Heimila innflutning á erfðaeftni

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um innflutning dýra er nú í vinnslu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Verði það að lögum opnar það á innflutning á nýju erfðaeftni til að bæta íslenska holdanaustofninn. „Búið er að senda frumvarpið til umsagnar ýmissa hagsmunaaðila og verður það væntanlega lagt fram á Alþingi innan skamms,“ segir Sigurður Ingi.

innlenda matvælaframleiðslu.

„Þess ber einnig að geta að beinn stuðningur við nautakjötsframleiðslu er óverulegur hér á landi

í samanburði við nágrannalöndin. Stuðningurinn er því einkum í formi tollverndar hvað nautakjöt varðar.“

kolbeinn@frettabladid.is

Dómkirkjan á föstunni

Kyrrðardagur, helgihald, námskeið og þrónakvöld



• Á miðvikudagskvöldum frá 18. febrúar til 25. mars, verður boðið upp á námskeið, „Samtal um trú,“ Fjallað verður um grundvallaratriði kristinnar trúar. Samtalið hefist með inngangserindi kl. 18:00. Ekkert námskeiðgjald en boðið er upp á léttu máltíð við vægu verði. Í framhaldi af því samræður til kl. 21:00. Karl Sigurbjörnsson, biskup og séra Sveinn Valgeirsson verða leiðbeinendur. Auk þeirra mun Dr. Gunnlaugur A. Jónsson vera með fyrirlestur 18. mars, um áhrif Davíðssálma, Saltarans. Skráning í síma 520-9700, eða á domkirkjan@domkirkjan.is

• Pann 14. mars verður kyrrðardagur í Safnaðarheimilinu, bæn og ihugun þar sem Bænabandinu er fylgt, undir leiðsögn Karls biskups. Kyrrðardagurinn hefist kl. 8:30 og lýkur um kl. 16:00.


• Þrónakvöld 23. febrúar kl. 19:00, gestur okkar Davíð Scheving Thorsteinsson

• Minnum á bænastundir í hádeginu á þriðjudögum, Opna húsið á fimmtudögum, messur og sunnudagaskólann, sjá nánar á domkirkjan.is

Hjartanlega velkomin.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 19°	Friedrichshafen 6°	New York 1°
Apena 9°	Gautaborg 4°	Orlando 16°
Basel 5°	Kaupmannahöfn 4°	Ósló -2°
Berlín 5°	Las Palmas 19°	París 8°
Billund 4°	London 9°	San Francisco 18°
Frankfurt 7°	Mallorca 18°	Stokkhólmur 1°

Á MORGUN Víða 10-15 m/s í fyrstu en lægir um og eftir hádegi.


MÁNUDAGUR Strekkur í öllum landshlutum.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

UMHLEYPINGAR Í dag hlýnar í veðri með talsverðri rigningu síðdegis, einkum SA-til en úrkomulítið norðaustanlands. Á morgun eru horfur á rigningu eða slyddu S- og V-til, síðar eljum og kólnandi veðri og á mánudaginn má búast við frosti um allt land á ný.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnarnar Helgason hrnarnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


„UMBÚÐIRNAR? ÉG FÆ ALLT HEILA KLABBID HJÁ ODDA“



ODDI HEFUR FRAMLEITT ALLSKONAR PAPPÍRS-, KARTON- OG PLASTUMBÚÐIR Í 80 ÁR. UMBÚÐIRNAR SVARA HÉRÐUM KRÖFVHARÐRA VIÐSKIPTAVINA Í ATVINNULÍFINU, TIL HÉPIS Á VEITINGA-STÖÐUM & KAFFIHÚSUM.



VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR.



© RÁÚ FÍTGEFRING

LANDIÐ



Minnka lokað eldgosasvæði

1 HÁLENDIÐ Almanna- og Almannavarnir hafa minnkað lokað svæði norðan Vatnajökuls vegna eldross í Holuhrauni. Áfram er þó skilgreint hættusvæði þar sem ferðalangar þurfa að fara með ýrtruðu varkárni, ætli þeir sér að ferðast á fjöll.

Athygli vekur að Jökulsárgljúfur sunnan Ásbyrgis er enn lokað og umferð aðeins leyfð með sérstakri heimild lögreglu þrátt fyrir að líkurnar á hamfarahlupum hafi minnkað gríðarlega síðustu vikur og mánuði.

Kalkþörungaverksmiðja til Súðavíkur

2 SÚÐAVÍK Íslenska kalkþörungafélagið áformar að hefja kalkþörungavinnslu í Súðavík á næstu misserum. Fyrir rekur fyrirtækið kalkþörungavinnslu á Bíldudal. Ef allar hugmyndir um kalkþörungavinnslu verða að veruleika í Ísa-fjarðardjúpi verða þrjár verksmiðjur starfræktar á Vestfjörðum á næstu árum, á Bíldudal, í Bolungarvík og á Súðavík. Verksmiðja er ekki komin í gagnnið í Bolungarvík en fjárfestar eru að skoða möguleikann á starfsemi þar.

Vinnslur sem þessar gætu þegar fram líða stundir skapað verðmæt störf á svæðinu.



Sveitarstjórar í háskólastarfshóp

3 NORÐURLAND Sveitarstjórar Borgarbyggðar og sveitarfélagsins Skagafjarðar hafa verið skipaðir af kjörnum fulltrúum til að sitja í starfshópi menntamálaráðherra um framtíðarskipan háskóla í Norðvesturkjördæmi. Bygðarráð beggja sveitarfélaga skipaðu sveitarstjóra á síðasta bygðarráðsfundum sínum í vikunni. Hugmyndum ráðherra um hugsanlega sameiningu hefur verið fálaga tekið af rektorum skólanna og Bjarni Jónsson, bæjarráðsmaður í Skagafirði, lét á síðasta fundi bóka harða gagnrýni sína á hugmyndina.

Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um

Útgáfu- og þýðingastyrki

Útgáfustyrkjum er ætlað að styðja við útgáfu og miðlun íslenskra ritverka.

Þýðingastyrkjum er ætlað að stuðla að þýðingum erlendra fagurbókmennta og fræðiritna á íslensku.

Umsóknarfrestur er til 16. mars 2015.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Miðstöðvar íslenskra bókmennta, www.islit.is



Líkur á jarðstreng við Akureyri aukast

Úttekt Landsnets á kostnaði við jarðstrengi bendir til að strengir á hárru spennu séu að verða raunhæfur kostur á viðkvæmum svæðum. Stefnumörkun stjórnvalda er einn óvissuþáttur. Gæti þýtt sáttafarveg í deilum Akureyringa og Landsnets.

ORKUMÁL Líkurnar á því að lagður verði jarðstrengur sem hluti af raflínu frá Akureyri um Eyjafjörð í átt að Kröflu hafa aukist með úttekt verkefnishóps á vegum Landsnets á lagningu háspennustrengja á Íslandi. Úttektin bendir til að kostnaðartölur við framkvæmdina séu innan þeirra kostnaðarmarka sem drög að þingsályktunartillögu um lagningu flutningslína í jörðu miða við.

Spurður um niðurstöður sérfræðingahópsins segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, að líkurnar hafi aukist að því leyttinu til að með jarðstreng sé hægt að fara styttri leið en með loftlínu, sem leysi öryggismálin og ákveðna umhverfislega þætti, fyrir svipáða upphæð og loftlínu. Þó þarf að leggja annan jarðstreng síðar vegna aukningar á flutningsþörf, en heildarkostnaðurinn af þeirri framkvæmd væri líklega innan ramma þingsályktunarinnar. „Það hlýtur að auka líkurnar á að menn telji þetta skynsamlegt,“ segir Guðmundur sem vill stíga varlega til jarðar. Ástæðan er ekki síst sú að stjórnvöld séu enn að ræða stefnumörkun í jarðstrengjamálum og enginn viti hver niðurstaðan af því verði.

Guðmundur Ingi bendir á að vinna sérfræðingahóps Landsnets hafi beinst að því að ná niður kostnaði við lagningu jarðstrengja á öllum sviðum. Bæði verðinu á strengjunum sjálfum sem hefur lækkað vegna aðstæðna á markaði, og hins vegar að finna hagkvæmstu kosti við jarðstrengjalögnina sjálfa og frágang. „Það er ekki



VIÐ EYJAFJÖRD Áform um línulögn yfir útivistarsvæði og við flugvöllinn á Akureyri hafa valdið deilum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUGUNN

Loftlína og jarðstrengur nálgast í verði

Í skýrslu sérfræðingahópsins er bent á að stofnkostnaður tveggja jarðstrengja með samtals 600 megavoltampera (MVA) flutningsgetu á fyrstu 12 kílómetrum leiðarinnar milli Akureyri og Kröflu sé um 2,6 milljarðar króna. Stofnkostnaður loftlínu á sömu leið með sömu flutningsgetu er til samanburðar metinn ríflega 1,2 milljarðar. Stofnkostnaður strengs með helmingi minni flutningsgetu er sambærilegur stofnkostnaði við lagningu loftlínunnar sem er til samanburðar en loftlínuleiðin er nokkrum kílómetrum lengri en strengleiðin. „Hagkvæmt gæti því verið að áfangaskipta jarðstrengsframkvæmdum, þ.e. að leggja annan strenginn fyrst og bíða með þann síðari á meðan forsendur um flutningsþörf leyfa,“ segir í skýrslunni.

síst þar sem við höfum náð góðum árangri,“ segir Guðmundur Ingi.

Bæði Akureyrarbær og Eyjafjarðarsveit hafa til þessa gagnrýnt áform Landsnets um loftlínulögn yfir þetta viðkvæma svæði sem um ræðir. Hafa sveitarfélögin talið hag sínum betur borgið með því að leggja jarðstreng á þeim hluta sem var til athugunar hjá verkefnishópnum, og farið fram á að samráð verði haft um fram-

kvæmdina. Áhyggjur af flugöryggi við Akureyrarflugvöll hafa verið nefndar og umhverfismál við útivistarsvæði í nágrenni bæjarins, ekki síst Eyjafjarðará og Kjarnaskóg. Landsnet hefur til þessa bent á kostnaðinn sem því fylgir að velja jarðstrengjalausn í stað loftlínu og takmörkunum sem lagarammi setur fyrirtækinu – eða að ætíð sé hagkvæmasti kosturinn valinn. svavar@frettabladid.is

23.-27. apríl

Verona

Frá kr. **107.900**

Hotel Mastino
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á hotel Mastino. 23. apríl (sumardaginn fyrsta) í 4 nætur með afslætti.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Vissir þú að...
bannafer at mismuna börnum eftir því hvað foreldrar þeirra gera.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Fyrsta tilfelli sauðfjársjúkdómsins riðuveiki hefur greinst frá því árið 2010: Riðuveiki greinist á einum bæ

LANDBÚNAÐUR Riðuveiki greindist nýverið á bænum Neðra-Vatnshorni á Norðvesturlandi. Þetta er fyrsta tilfelli hefðbundinnar riðu sem greinist á landinu frá árinu 2010.

Riðan greindist í sýnum úr tveimur kindum frá bænum en þar er fjöldi fjár hátt í 500. Sýnin voru tekin samkvæmt skimunaráætlun Matvælastofnunar við slátrun síðastliðið haust. Sýnin voru rannsökuð á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, að því er fram kemur í frétt Matvælastofnunar.

Um er að ræða hefðbundna gerð riðusmittefnisins, sem ekki hefur

greinst hér á landi síðan árið 2010. Fram til ársins 2010 greindist riða á nokkrum bæjum á landinu á hverju ári en engin tilfelli hefðbundinnar riðu greindust á árunum 2011, 2012 og 2013. „Riðuveikin er því á undanhaldi en þetta tilfelli sýnir að ekki má sofna á verðinum,“ segir í fréttinni.

Héraðsdýralæknir vinnur nú að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og úttektar á búinu til að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótttheinsun. Því næst fer málið í hefðbundið ferli hvað varðar gerð samnings um niðurskurð. -shá



Í SVEITINI Riðuveiki þýðir aðeins eitt – niðurskurð á öllu fé á viðkomandi býli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

50% AFSLÁTTUR

AF RJÓMABOLLUM UM HELGINA

Bolla
bolla...



699 kr/stk

Bolluvendir
Margir litir.



197 kr/stk

fullt verð 394

SALA Á RJÓMABOLLUM HEFST:

Laugardag kl. 9 í Skeifunni, Garðabæ og á Eiðistorgi en kl. 10 í öðrum verslunum.

Sunnudag kl. 9 í Skeifunni, Garðabæ og á Eiðistorgi en kl. 12 í öðrum verslunum.

Tilbúnar bollur

- Rjómbollur (ger) með súkkulaði
- Rjómbollur (ger) með púnsi
- Vatnsdeigsbollur:
- Irish coffie og karamella
- Rjómbollur með súkkulaði
- Bananafylling og karamella
- Daim með kaffi og karamellu
- Kókosbolla

Gildir til 15. febrúar á meðan biggðir endast.



Royal búðingur
Góður á milli.



Nizza súkkulaðismjör
Gott á bollunum.



229 kr/stk

Bolluglassúr

579 kr/pk



379 kr/pk

Myllu bollur
Gerbollur, vatnsdeigsbollur
litlar og stórar.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vinnnum hratt ef allir ná saman

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, leggur brátt fram frumvörp um breytingar á húsnæðiskerfinu og kallar eftir aðkomu lífeyrissjóða, atvinnurekenda, verkalýðshreyfingar, sveitarfélaga og ríkis til að tryggja fólki fjölbreyttari möguleika og meira öryggi.

Heiða Kristín Helgadóttir

heidakristin@frettabladid.is



Frumvörp um breytingar á húsnæðiskerfinu hafa verið í vinnslu nokkuð lengi í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu. Spurð að því hvort umfangið við frumvarpsgerðina og biðin eftir því að vinnan kláraðist hefði komið ráðherranum á óvart segir hún: „Þegar ég var þingmaður áttaði ég mig kannski ekki nógu vel á því hvað frumvörp sem koma frá ráðuneytum eru miklu flóknari, enda eru talsvert meiri líkur á því að slík frumvörp verði að lögum og að í þeim séu reglur sem við ætlum að starfa eftir. Þingmenn geta fengið hugmynd að morgni og nánast verið komnir með frumvarp síðar um daginn, sem er svo dreift tveimur dögum síðar.“

Í maí á síðasta ári skilaði verkefnastjórn um framtíðarskipan húsnæðismála tillögum til Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra. Frumvörp byggð á tillögum verkefnastjórnarinnar eru nú í vinnslu hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og væntir ráðherra þess að þau verði lögð fram á þingi í lok mars.

Lausn í kjarasamningum

Það stefnir í hörð átök á vinnumarkaði, telur þú að útspil í kjarasamningum varðandi húsnæðismál geti orðið til þess að liðka fyrir að aðilar nái saman?

„Ég held að menn geri sér betur

grein fyrir því hvað húsnæðisvandi er orðinn stór hjá mörgum félagsmönnum þeirra, ekki síst hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar, því sá hópur greiðir hlutfallslega mest af sínum ráðstöfunartekjum í húsnæði. Ég hef verið að benda á að með auknum stuðningi í gegnum húsnæðisbætur getum við stýrt mjög vel hvert þeir fjármunir eru að fara með tekju- og eignarmörkum. Það að við tökum höndum saman um að fjármagna húsnæðisbætur og uppbyggingu húsnæðis, hið opinbera, lífeyrissjóðir, atvinnurekendur, verkalýðsfélög og sveitarfélög, myndi það gera það að verkum að fólk gæti búið við meira öryggi í húsnæðismálum.“

Orlofshús ákveðin fyrirmynd

„Við höfum séð ákveðnar fyrirmyndir í því hvernig atvinnurekendur hafa komið að því að byggja upp sjóði hjá verkalýðshreyfingunni, til dæmis orlofsjóði. Verkalýðshreyfingin hefur þannig margra áratuga reynslu af því að tryggja fólki húsnæði í sumarfríum, af hverju ætti hún ekki að tryggja því húsnæði þegar það er í vinnu?“

Eygló segist vilja leggja áherslu á hugmyndafræðina að baki því hverjir koma að því að leysa mjög erfiða stöðu á vinnumarkaði og líka þrönga stöðu á húsnæðismarkaði, sem endurspeglast í óróa á vinnumarkaði. „Hin svokölluðu „milljónaverkefni í Svíþjóð eru góð fyrirmynd að uppbyggingu á húsnæðiskerfi. Þar komu lífeyrissjóðir, verkalýðshreyfingin, atvinnu-

rekendur, sveitarfélög og ríkið að. Allir lögðu eitthvað fram og ég held að það sé sannarlega tækifæri núna vegna þess að tillögurnar sem við erum með á borðinu núna þær kosta umtalsverða peninga.“

Hún bendir á að lífeyrissjóðirnir hér hafa verið þeir helstu sem hafa fjármagnað Íbúðalánasjóð, „þannig að þeir hafa verið stærstir í að fjármagna íbúðarkaup og það er ekki langt síðan við veittum lagaheimild fyrir því að þeir geta átt húsnæði beint, þar er svo sannarlega eigið fé og þeir eru með ákveðna lágmarksávöxtunarkröfu og ég held að það sé alveg öruggt að fólk getur staðið undir þeirri ávöxtunarkröfu og jafnvel einhverju til viðbótar, ekki síst ef fólk þarf ekki að vera að endurgreiða höfuðstólinn líka, eigið fé hjá lífeyrissjóðunum, sem er ekki krafa sem lífeyrissjóðirnir gera gagnvart öðrum fjárfestingum hjá sér.“

Er samstaða um málið

Heldur þú að samstarfsflokkur þinn í ríkisstjórn sé jafn hrifinn af þessari aðferðafræði og þú?

„Báðum flokkunum er mjög annt um að tryggja stöðugleika, og öflugt húsnæðiskerfi er undirstaða þess að við náum því fram. Það er enginn ágreiningur um það milli okkar.“

Hversu hratt telur þú að þetta gæti komið til framkvæmda?

„Við höfum ítrekað sýnt það að þegar við náum saman getum við unnið mjög hratt, en ef við gerum það ekki þá gerast hlutirnir mjög hægt.“



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR í máli Eyglóar kemur fram að stjórnarflokkarnir séu báðir meðvitaðir um að öflugt húsnæðiskerfi sé undirstaða stöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

TILLÖGUR VERKEFNASTJÓRNAR UM FRAMTÍÐ HÚSNÆÐISMÁLA

Húsnæðissparnaður verði festur í sessi.

Heimild til nýtingar séreignarsparnaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis verði varanleg.

Fjárhagslegur stuðningur við leigufélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða verði í formi stofnframlaga.

Vaxtabætur og húsaleigubætur verði sameinaðar í eitt húsnæðisbótakerfi og stuðningurinn miðist við efnahag en ekki búsetuform.

Fjármagnstekjuskattur á tekjur af útleigu íbúðarhúsnæðis verði lækkadur úr 20% í 10%.

Audi Vorsprung durch Technik 


Besti bíllinn.

Audi A3 var valinn besti bíll ársins 2014* af blaðamönnum frá 22 löndum.



Verð frá kr. 4.890.000,-

Eyðsla: 4,7l í blönduðum akstri, 109 CO₂. Vél: 1,4 TFSI COD, 150 hð.

 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

OPIÐ Í DAG



WORLD CAR OF THE YEAR
2014 WORLD CAR AWARDS

*World Car Awards 2014, New York: www.wcoty.com

Smáhundakynning

ALLT GÆLUDÝRAFÓÐUR OG VÖRUR 20 – 30 % AFSLÁTTUR



FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST UM 20 TEGUNDUM SMÁHUNDA, S.S. GRIFFON, MINI PINCHER, POODLE, PUG OFL.
FULLT AF SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGUM ★ LUKKUPOTTAR ★ HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF
HUNDAUDDARI ★ HUNDAÞRJÓNARI ★ DÝRALÆKNIR ★ RAUÐAKROSSHUNDUR OG MARGT FLEIRA

PRO PLAN

ROYAL CANIN

ARION Friends



SÁNINGARHELGI
RÁÐGJÖF MILLI 13 OG 16



Gleðilegan
Valentínusardag!

KJALLARINN

ÖLLUM BLÓMUM FYLGIR
2 FYRIR 1 Á KJALLARANUM
Á MEÐAN RINGIR ENDAST

SPÍRAN
BODRUM VEL
HELGARTILBOÐ

- KAFFI OG CROISSANT 490kr
- MEXÍKÖSK KJÚKLINGASÚPA 1090kr
- ÍS Í BRAUÐFORMI 150kr
- VÖLLA OG KAFFI 690kr

OPNUM
KL 10 Á LAUGARDAG
OG KL 11 Á SUNNUDAG



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



LÆRBU ALLT
UM SÁNINGU

FYRIRLESTUR MEÐ STEINUNNI REYNISDÓTTUR
GARBYRKJUFRAEBINGI KL 12:00 Á LAUGARDAG
ABGANGUR ÓKEYPIS

Öll fræ, ýmsar
sáðvörur og mold
með 20% afslætti

20%

Einstakir hópar fá svipaða hækkun þegar til lengri tíma er litið:

Hækkunin 57 til 74% frá 2006

KJARAMÁL Kaupmáttur launa var 4,2 prósentum meiri í lok síðasta árs en hann var árið 2006, samkvæmt nýrri skýrslu stóru bandalaganna í verkalýðshreyfingunni, Samtaka atvinnulífsins, ríkis og sveitarfélaga.

Nú þegar risavaxin samningalota er að hefjast á vinnumarkaðnum er lögð fram skýrsla sem sýnir hvernig launabróun hefur verið frá 2006 og hvernig efnahagsumhverfið hér er í samanburði við nágrannalöndin. Um 30 prósent vinnumarkaðarins falla utan við skýrsluna, svo sem eins og lækna, flugmenn og aðrar stéttir sem ekki eru hluti stóru bandalaganna.

Rannsóknin leiðir í ljós að launabróun einstakra hópa frá árinu 2006 til síðasta árs er með svipuðum hætti á tímabilinu, þótt misjafnt sé á hverjum tíma hverjir hækka mest.

Þá hefur kaupmáttur nokkurn veginn fylgt þróun launavísitölu. Hann hrundi á árunum 2008 og 2009, en hefur að jafnaði aukist um 4,2 prósent frá 2006.

Oddur Jakobsson, hagfræðingur og fulltrúi Kennarasambands

VR vill 254 þúsund króna lágmarkslaun

VR krefst þess að lægstu laun félagsmanna hækki um 40 þúsund krónur á mánuði og lágmarkslaun verði 254 þúsund krónur, í samningi sem gerður verði til eins árs. Félagið kynnti Samtökum atvinnulífsins kröfugerð sína í gær. Laun hækki að meðaltali um 24 þúsund auk leiðréttingar vegna launabróunar. Kostnaður atvinnurekenda af þessu er sagður verða tæpir sjö milljarðar króna.



Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir kröfurnar raunhæfar. „Að okkar mati eru þær það. Við lögðum fram mjög góðar og ítarlegar skýringar og útreikninga með okkar kröfugerð og byggjum á þeim,“ segir hún. Farið sé fram á samning til aðeins eins árs því mat félagsins sé að staðan í dag sé ekki nægjanlega traust. „Við höfum áhyggjur af hvernig við förum inn í afnám gjaldyrishaftanna og svo er traustið til stjórnvalda einfaldlega ekki gott.“

Íslands í vinnuhópi sem sá um skýrslugerðina, segir einstaka hópa innan verkalýðshreyfingarinnar fá svipaðar launahækkanir þegar til lengri tíma er litið. „Já, frá 2006 má kannski segja það. En auðvitað er staðan ekki hnífjöfn og menn deila um muninn,“ segir Oddur.

Vinnumarkaðurinn á Íslandi er um margt ólíkur vinnumarkaði í helstu viðskiptalöndum þar sem stöðugleikinn er meiri. Meginmunurinn er vegna mikillar verðbólgu

hér, óstöðugs gjaldmiðils og mikilla sveiflna í efnahagslífinu. Þá eru skammtímavextir um fjórum prósentum og langtímavextir um sex prósentum hærri hér en í viðskiptalöndunum.

Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í vinnuhópnum, segir að ef vextir væru þeir sömu hér og í viðskiptalöndum Íslendinga, mætti hækka laun um 10 prósent. Enda hafi vextir áhrif á framleiðni. -hmp



KIRKJUBÆJARKLAUSTUR Auglýst verður eftir nýjum oddvita Skaftárhrepps í næstu viku. Að sögn oddvita sveitarstjórnar þurfti samvinna þeirra að enda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Launin hærri en samningur sagði til um

Stirt hafði verið milli oddvita og sveitarstjóra í Skaftárhreppi áður en kom að starfslokum sveitarstjórnar. Trúnaðarbrestur varð milli sveitarstjóra og meirihluta hreppsnefndar þegar ljóst var að sveitarstjórinn hafði notið launagreiðslna utan skilmála ráðningarsamnings.

SKAFTÁRHREPPUR Eygló Kristjánsdóttir, fráfarandi sveitarstjóri Skaftárhrepps, greiddi sér hærri laun en greint var frá í ráðningarsamningi við hana.

Eygló greiddi sér sömu upphæð og aðrir starfsmenn fá fyrir kaffitíma en sú upphæð var ekki tilgreind í ráðningarsamningi við hana.

Þetta var meðal þeirra atriða sem ollu því að trúnaðarbrestur varð milli hennar og meirihluta hreppsnefndar Skaftárhrepps. Að endingu var Eygló látin fara sem sveitarstjóri og mun hún hætta störfum í lok mánaðarins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti hreppsnefndar Skaftárhrepps, segir málið hafa farið í ákveðinn farveg upp á síðkastið.

„Við fórum, öll hreppsnefndin, inn í þetta kjörtímabil saman og ætluðum að vinna saman. Hins vegar er ekki meirihluti lengur í hreppsnefndinni og því ekki samstarfsgrundvöllur lengur. Við viljum þó ekki greina frá því nákvæmlega hvað veldur þessum trúnaðarbresti og ætlum okkur ekki að fara þá leið í málinu,“ segir hún.

„Á síðasta ári kom upp nokkur óánægja meðal starfsmanna sveitarfélagsins með kaffiáðstöðu. Stéttarfélag starfsmanna krafðist þess að starfsmenn fengju greitt fyrir kaffitímamann vegna aðstöðuleysis og á endanum var ákveðið að fara þá leið innan sveitarfélagsins. Sveitarstjóri greiddi sér einnig



EYGLÓ KRISTJÁNSDÓTTIR



Við vonum bara að allir gangi sáttir frá þessu. Ég mun allavega ekki fara að týna neitt á hana.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps.

fyrir kaffitíma eins og aðrir starfsmenn, í óþökk meirihluta hreppsnefndar.

Eva Björk vill ekki ræða þetta tiltekna mál en segir það vissulega hafa verið einn hluti af þeim trúnaðarbresti sem átti sér stað milli hreppsnefndarmeirihlutans og sveitarstjóra. „Það eru nokkur atriði sem við ætlum ekkert að telja upp, það er ákvörðun okkar sem stöndum að þessu. Það held ég að gagnist engum að fara þá leið og við værum engu bættari eftir svoleiðis málflutning,“ segir Eva Björk. „Það er bara ekki lengur meirihluti innan hreppsnefndar með hana og þar við situr.“

Samstarf þeirra Evu Bjarkar og Eyglóar hefur ekki verið gott síðustu mánuði og hafa samskipti þeirra ekki verið mikil. „Tíminn líður og þetta er niðurstaðan. Ég sagði sveitarstjóra að ég væri þess fullviss að hún gæti unnið með öðrum aðilum þó að okkar samstarf hafi ekki gengið sem skyldi. Við vonum bara að allir gangi sáttir frá þessu. Ég mun allavega ekki fara að tina neitt á hana,“ segir Eva Björk.

Ekki náðist í Eygló Kristjánsdóttur, fráfarandi sveitarstjóra.

svainn@frettabladid.is

Greiningardeildir spá smávægilegri aukningu á verðbólgu: Útsöluáhrif sögð ganga til baka

VIÐSKIPTI Greiningardeild Arion banka spáir 0,7 prósentu hækkun á vísitölu neysluverðs í febrúar og Greining Íslandsbanka 0,8 prósentu hækkun.

Gangi spár bankanna eftir fer 12 mánaða verðbólga úr 0,8 prósentum í 0,9 prósent. „Og er lægsta gildi ársverðbólgunnar þar með að baki í bili,“ segir í Morgunkorni Íslandsbanka í gær. Verðbólga verði þó áfram undir neðri þölmörkum verðbólguþröskuldrá Seðlabankans, þriðja mánuðinn í röð.

Greiningardeild Arion banka segir þungst vega að útsöluáhrif gangi til baka í mánuðinum. Þá hafi eldsneytisverð hækkað frá síðustu mælingu og gert sé ráð fyrir að húsnæðisverð hækki einnig lítillega í mánuðinum.

-nry

VÍSINDI Á MANNAMÁLI



OPINN FYRIRLESTUR Í HÁTÍÐASAL HÁSKÓLA ÍSLANDS

Jarðeldur á söndum norðan jökla

Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur og vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans, fjallar um eldgosíð í Nornahrauni og framgang þess frá upphafi til dagsins í dag í fyrirlestraröðinni **Vísindi á mannamáli**. Fyrirlesturinn verður **17. febrúar nk. kl. 12.10 í Hátíðasal Háskóla Íslands**.

Ármann, sem er í hópi þekktustu jarðvísindamanna landsins, hefur ásamt hópi vísindamanna við Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands staðið í ströngu frá því að gosíð í Nornahrauni hófst í lok ágústmánaðar á síðasta ári. Fram hafa farið ítarlegar rannsóknir, m.a. á aðdraganda gossins og útbreiðslu þess og jarðskorpuhreyfingum í tengslum við eldsumbrotin. Gosíð er nú þegar orðið stærsta hraungos sem runnið hefur á Íslandi síðan í Skaftáreldum. Í erindi sínu mun Ármann fara yfir framgang þess og þá nýju þekkingu sem vísindamenn við háskólann hafa aflað með rannsóknum sínum.

Um fyrirlestraröðina

Vísindi á mannamáli er fyrirlestraröð Háskóla Íslands sem hófst haustið 2014 að frumkvæði Lífvísindaseturs og Líffræðistofu Háskóla Íslands. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Nánari upplýsingar má finna á: www.hi.is/visindi_a_mannamali



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Afmælistilboð
á nýjum og betri notuðum bílum



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÚTKALL Í KAUPTÚNI

Risajeppasýning Toyota
í dag kl. 12-16.

Hilux

láttu reyna á'ann á 44"
og sjáðu 6x6 tröll með pallhýsi

Land Cruiser AT35

35" breytingin er góð upplýfting



Land Cruiser

sjáðu hvernig landið liggur á 33"
með 50 ára afmælisþakka



Björgunarsveitarbílar verða í sviðsljósinu
auk þess sem Arctic Trucks kynna Hilux
á sex hjólum og drifi á öllum.

Köllum út allt jeppaáhugafólk á árlega jeppasýningu Toyota í Kaupþúni í dag, laugardaginn 14. febrúar, kl. 12-16. Breyttir jeppar, Land Cruiser, Hilux og RAV4 í öllum útfærslum. Arctic Trucks kynna Hilux 6x6 ofurjeppa og sérútbúna björgunarsveitabíla. Ískalt Coca Cola og sælgæti fyrir sýningargesti. Láttu á það reyna hvaða ævintýri bíða þín og sjáðu hvernig landið liggur hjá söluráðgjöfum í samningsgir með nýja og notaða úrvalsjeppa á betra verði.

Komdu - þetta er útkall



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ Sími: 570-5070



Tölvumyrkur vofir yfir heiminum

Hin mikla upplýsingaöld internetsins mun hverfa inn í myrkur upplýsingatóms, segir Vinton G. Cerf, annar tveggja helstu forkólfa internetsins í viðtali við The Guardian. Forritin til að lesa upplýsingarnar verða úrelt og búnaðurinn til að keyra þau verður ekki til.

VÍSINDI Almennt er talið að allt sem fer út á internetið, svo sem ljósmyndir, tölvupóstur og blogg-færslur, verði þar til eilífðarnóns. Aldeilis ekki, segir Vinton G. Cerf sem státar af því að vera meðal upphafsmanna internetsins.

„Við hendum í kæruleysi öllum okkar gögnum inn í það sem gæti orðið upplýsingasvarthol án þess að gera okkur grein fyrir því,“ segir Cerf í viðtali við breska dagblaðið The Guardian. Þegar fram líða tímar verða nefnilega forritin sem þarf til þess að lesa þessar upplýsingar úrelt. Og búnaðurinn sem nú er notaður til að keyra þessi forrit verður ekki lengur til.

„Við viljum ekki sjá stafrænt líf okkar hverfa. Ef við viljum varðveita það, þá þurfum við að sjá til þess að í framtíðinni verði enn hægt að birta þessa tölvugerðu hluti sem við búum til í dag,“ segir Cerf.

Hann ræddi þessi mál á ársfundum bandarísku vísindasamtakanna AAAS þar sem hann sagðist óttast að kynslóðir framtíðarinnar yrðu í vandræðum með að finna upplýsingar um þann tíma sem við lifum á. Hin mikla upplýsingaöld internetsins muni hverfa í myrkur upplýsingatóms, hina myrku tækniöld.

Lausnin á þessum vanda segir hann, samkvæmt frásögn BBC, geta falist í því að taka eins konar „röntgen-skyndimyndir“ af gögnunum, þar sem sæst í smáatriðum hvers konar forrit og stýrikerfi hafi verið notuð ásamt lýsingum á þeim búnaði sem notaður var til að keyra þessi forrit.

Enn sem komið er sé slík tækni þó ekki í sjónmáli, þannig að menn þurfi að varðveita persónuleg gögn og hvaðeina sem þeim finnst mikilvægt með öðrum


„Ef þér þykir virkilega vænt um einhverjar ljósmyndir, þá skaltu prenta þær.“

Vinton G. Cerf

hætti en að setja það á netið eða geyma það í tölvum okkar.

„Ef þér þykir virkilega vænt um einhverjar ljósmyndir, þá skaltu prenta þær,“ hefur The Guardian eftir honum.

Cerf er orðinn 71 árs og er nú varaforseti Google, en átti á áttunda áratug síðustu aldar, ásamt félaganum Bob Kahn, stærstan þátt í því að gera internetið að veruleika. Þeir störfuðu þá báðir við rannsóknir hjá bandaríska varnarmálaráðuneytinu, þar sem þeir unnu að þróun samskiptanets sem síðar varð að internetinu. gudsteinn@frettabladid.is



VINT CERF
Varaforseti Google ráðleggur okkur að prenta allar ljósmyndir sem okkur þykir vænt um.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2015

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 16. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 22. janúar 2015

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Krínglan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is | www.live.is



SAMSTARFSMENN Þorsteinn Ingi Víglundsson er hér til vinstri, ásamt Hauki Hilmarssyni og Birgi Jósafatssyni, samstarfsmönnum sínum.

MYND/THORICE

Kanna markaði fyrir orkusparandi tækni:

ThorIce fær styrk til að kanna markaði

NÝSKÖPUN Tæknifyrirtækið ThorIce hefur fengið 20 milljóna króna styrk ásamt Iðntæknistofnun Danmerkur til að gera forkönnun á markaðstækifærum í Danmörku og möguleikum á notkun tækni fyrirtækisins til orkusparnaðar í danskri matvælaframleiðslu. Gangi verkefnið vel er möguleiki á stækkun þess í framtíðinni.

Þorsteinn Ingi Víglundsson, ásamt samstarfsfólki sínu, hefur í rúman áratug þróað og framleitt sérhæfðan kælibúnað fyrir sjávarútveg. Sama kjarnatækni hefur svo verið aðlöguð fyrir kælingu

á kjúklingi og við vatnshreinsun í matvælaíðnaði og öðrum iðnaði. Tæknin er nú þegar í notkun í landbúnaði í Hollandi og lyfjaíðnaði þar sem hún er notuð til að hreinsa spilliefni úr vatni.

Tækni ThorIce er nefnd sem gott dæmi um hvernig tækniþróun fyrir sjávarútveg getur opnað ýmis tækifæri í sölu á tækni og þekkingu til annars konar matvælavinnslu og í aðra geira eins og lyfjageirann. ThorIce er eitt þeirra fyrirtækja sem verið hafa í Húsi sjávarklasans frá því það var opnað árið 2012.

- shá

Gæða-heimilistæki frá Bosch, nú á tilboði.

Bosch spanhelluborð frá 79.900 kr. Bosch þvottavélar frá 69.900 kr. Skoðaðu öll tilboðin á bosch.is.

Þvottavél

WAK 28298SN

Tekur mest 8 kg.
Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði
1400 sn./mín.
15 mín. hraðkerfi.

Tilboð:
99.900 kr.

Fullt verð: 118.400 kr.



Ryksuga

BSNC100

Tilboð:
13.900 kr.

Fullt verð: 16.600 kr.



Purrkari

WTB86267SN

Tekur mest 7 kg.
Barkalaus.
Orkuflokkur B.
40 mín. hraðkerfi.
Krumpuvörn.
Skjár sem sýnir
afgangstíma og
tímaseinkun.

Tilboð:
79.900 kr.

Fullt verð: 99.900 kr.



Tilboð gilda til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Við frumsýnum endurnærðan Rio um helgina



Brandenburg

RIO



The Power to Surprise

Prófaðu einn sparneytnasta dísilbíl í heimi

Ný og glæsileg útgáfa af Kia Rio er komin til landsins. Nútímatækni og hönnun hafa skilað kraftmiklum og sparneytnum dísilbíl. Hann eyðir um 3,6 l/100 km í blönduðum akstri og magn CO₂ í útblæstri er með því minnsta sem þekktist. Þess vegna má leggja honum frítt í Reykjavík, 90 mínútur í senn. 7 ára ábyrgð fylgir nýjum Kia Rio.

Við kynnum nýjan Kia Rio á laugardag, kl. 12–16, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu.

Verð frá **2.550.777 kr.**

Útborgun aðeins 10% eða **255.077 kr.**

Kia Rio LX 1,1 — dísil, beinskiptur.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland


PASO DOBLE

VANDAÐIR Á FRÁBÆRU VERÐI




50 (ÁR) 50 (SETT) 50 (%)

Húsgagnahöllin var stofnuð árið 1965 og er því **50** ára á þessu ári. Í tilefni afmælisins bjóðum við nú **50** fallega „retro“ sófa ásamt stól á **50%** afslætti. Fyrstur kemur fyrstur fær.



Vandaður 3ja sæta „retro“ sófi og stóll. Ljósgrátt slitsterkt áklæði og viðarlappir.
FULLT VERÐ: SÓFI 119.990 STÓLL 74.990

50
GRÁIR
SÓFAR



AFMÆLISTILBOÐ – SETTID AÐEINS KRÓNUR

97.490

Verð og vörupplýsingar eru birtar með fyrirvara um þentvillur.



CLEVELAND 3JA SÆTA SÓFI

Stærð: 208 x 86 H 78 cm.
Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði.

79.990

FULLT VERÐ: 89.990



CLEVELAND 2JA SÆTA SÓFI

Stærð: 180 x 86 H 78 cm.
Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði.

69.990

FULLT VERÐ: 79.990



*Bloomingville

NÝJAR OG
SPENNANDI
VÖRUR



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI



Götu- og torgsala

Opnað verður fyrir umsóknir um götu- og torgsölu mánudaginn **16. mars kl. 9:00** á „mínum síðum“ á vef Reykjavíkurborgar. Umsóknir eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast og ræður tímasetning gildra umsókna forgangi við úthlutun. Umsækjendur eru hvattir til að vera tilbúnir með virkan aðgang að Rafrænni Reykjavík og tilskilin gögn.

Götu- og torgsala á að auka fjölbreytni og þjónustu í sátt við umhverfið. Umsóknir verða að standast almennar kröfur um sölustarfsemi.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel reglur og sölusvæði sem í boði eru.

Nánari upplýsingar eru undir vefslóðinni reykjavik.is/gotuogtorgsala



Umhverfis- og skipulagssvið | Borgartúni 12 - 14 | s. 411 11 11

Dansað var í Hörpu og víðar um land í átakinu Milljarður rís



DANSGLEDI Í GÆR „Það var pakkað í Hörpu og dansað úti um allt,“ segir Hanna Eiríksdóttir, framkvæmdastýra UN Women, um alþjóðlega átakið Milljarður rís, sem fór fram víða um heim í gær. 1.500 manns komu saman og dönsuðu gegn kynbundnu ofbeldi í Hörpu í Reykjavík. Þá dönsuðu um þúsund til viðbótar víðs vegar um landið í stærstu byggðakjörnum. „Það fundu allir fyrir samtakamætti og við létum jörðina hristast fyrir mannréttindum kvenna,“ segir Hanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



EITT SINN ŠKODA ÁVALLT ŠKODA


Nýr ŠKODA Octavia Scout 4x4 frá 5.840.000 kr.



Aukin þægindi



Betra aðgengi



Skemmtilegri lausnir

Opið í dag klukkan 12-16.

Nýr ŠKODA Octavia Scout 4x4 hefur ótal kosti eins og sönnum skáta sæmir. Skykvætt fjórhjóladrif, háþróaðir öryggiseiginleikar og einstakt veggríp gefur þér framúrskarandi stjórn á bílnum. Það fer vel um farþegana og 610 lítra farangursrýmið tekur léttilega við öllum búnaðinum fyrir ævintýraferðina. Þannig er ŠKODA Octavia Scout.

ÞVOTTADAGAR

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

Afsláttur af öllum **AEG** þvottavélum, þurrkurum og uppbvottavélum.



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 87.920,-
Verð áður kr. 109.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 95.920,-
Verð áður kr. 119.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 119.920,-
Verð áður kr. 149.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 127.920,-
Verð áður kr. 159.900



AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

Nú kr. 95.920,-
Verð áður kr. 119.900,-



AEG

UPPBVOTTAVÉL

FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 103.920,-**
Verð áður kr. 129.900,-

STÁL **Nú kr. 111.920,-**
Verð áður kr. 139.900



AEG

UPPBVOTTAVÉL

F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-

STÁL **Nú kr. 127.920,-**
Verð áður kr. 159.900



ZANUSSI

ÞVOTTAVÉL

ZWGB6120K
Tekur 6 kg af þvotti, 1200 snúninga vinda og sjálfvirk vatnsskömmtun.

Nú kr. 69.900,-

0% VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í 12 mánuði. 3,5% lántökugjald.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

OPIÐ
VIRKA DAGA
KL. 10-18 ·
LAUGARDAGA
KL. 11-15

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTLIR-ISAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÖKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SKGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 404 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÓÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAD
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1100

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

Kynbundið ofbeldi er smánarblettur á samfélögum:

Fokk ofbeldi!

Milljarður, vonandi, reis saman og dansaði gegn kynbundnu ofbeldi í gær. Víðs vegar um heiminn í yfir 200 löndum boðuðu UN Women, samtök Sameinuðu þjóðanna sem vinna eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis um allan heim, til byltingar. Dansað var fyrir réttlæti, fyrir heimi þar sem konur og stúlkur þurfa ekki að óttast ofbeldi, þar sem þær njóta sömu tækifæra og karlmenn og strákar.

UN Women á Íslandi buðu til hátíðar í Hörpu þar sem yfir 1.500 manns komu saman, auk þess sem 1.000 til viðbótar dönsuðu gegn kynbundnu ofbeldi um land allt. Í kynningarefni um samkomuna birtu samtökin ógnvekjandi staðreyndir um kynbundið ofbeldi víða um heim. Til dæmis að 600 milljónir kvenna búa í

löndum þar sem heimilisofbeldi er ekki refsivert. 3.600 konum er nauðgað í Suður-Afríku á hverjum einasta degi. Um 40 til 50 prósent kvenna á evrópska efnahagssvæðinu hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og 64 milljónir stúlkna undir átján ára aldri hafa verið þvingaðar í hjónaband um heim allan. Það eru 39 þúsund stúlkur á hverjum einasta degi eða ein á þriggja sekúndna fresti. Af þessum sökum er mæðradaudi helsta dánarorsök unglingsstúlkna á aldrinum 15 til 19 ára í þróunarlöndum. Og beint af innlendum vettvangi; líklegri er að íslensk stúlka í 10. bekk hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni en að hún reyki.

Samhliða byltingunni Milljarður rís standa samtökin UN Women á Íslandi fyrir átaki sem ætlað er að vekja fólk til vitundar um kynbundið ofbeldi. Armband með áletruninni „Fokk ofbeldi“ er þessa dagana til sölu á vegum samtakanna. Orðalagið er vísvitandi ógrandi og ætlað að hreyfa við fólk. „Ef orðalagið fer fyrir brjóstið á fólk þá er mikilvægt að muna að ein af hverjum þremur konum verður fyrir ofbeldi á lífsleiðinni,“ segir meðal annars á heimasíðu samtakanna.

Ein af hverjum þremur konum verður fyrir ofbeldi. Það eru alltof margar konur. Einn þriðji af öllum íslenskum konum er um 55 þúsund. Lítið þjóðfélag sem telur ásættanlegt að tugþúsundir þegna sinna séu beittir ofbeldi reglulega er ekki síðað í neinum skilningi þess orðs. Því flest hljótum við að vera samhála um nauðsyn þess að sporna gegn þessum geigvænlegu tölum, bæði heima og erlendis. Fyrst af öllu þarf að vekja fólk til meðvitundar um þetta vandamál og viðburðir UN Women eru svo sannarlega skref í þá átt.

Boðskapur beggja viðburðanna er að þessar ömurlegu tölulegu staðreyndir um ofbeldi gegn konum munu ekki breytast nema við tökum höndum saman og breytum þeim. Hugarfarið, að hvers kyns ofbeldi gegn konum, heimilisofbeldi, hefndarklám, nauðganir, kynferðisleg áreitni á vinnustað og hvaðeina, sé óafsakanlegt, ekki töff eða virðingarvert að neinu leyti, verður að greipast í huga ungra sem aldinna. Annars mun ekkert breytast.

Ofbeldi gegn konum er smánarblettur á samfélaginu. Allar konur og allar stúlkur eiga rétt á því að lifa lífi án ofbeldis. Það er ekki róttæk krafa. Það eru grundvallarmannréttindi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Falleg hjólhýsi



Verð frá 4.190.000 kr.

Þar sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Guð er ekki til

Hugmyndin um Guð hefur verið mér hugleikin frá því ég var barn. Foreldrar mínir voru ekkert sérstaklega trúadír. Fyrir mömmu var trú félagsleg siðvenja. Skírning, gifting o.s.frv. hafði fyrst og fremst veraldlegan og félagslegan tilgang. Hún lagði til dæmis mikla áherslu á að ég ferðist en ræddi aldrei trúmál við mig og aldrei heyrði ég hana ræða þau við aðra. Pabbi var trúleysingi og hafði gaman af að gera góðlátlegt grín að trúmálum. Fátt fannst honum skemmtilegra en að þræta og bulla í prestum. En amma mín var guðhrædd. Hún kenndi mér að biðja Faðirvorið og signa mig á morgnana. Hún fullvissaði mig líka um að Jesús væri alltaf að fylgjast með



en þá himnafaðga. En mér fannst gott að vita til þess að Jesús væri vinur minn.

Eftir að amma dó missti ég þetta samband við Guð og Jesú, hætti að biðja og hugsaði ekki mikið um þetta. Svo þegar ég gerðist þónkari og byrjaði að lesa mér til um anarkisma og fleira þá komst ég á þá skoðun að trúarbrögðin væru einungis frumstæð hjátrú sett fram

mér, passa mig og þæla í mér. Allt sem gerðist í heiminum væri ákveðið af Guði. Mér fannst þetta notalegt en ég held það hafi haft meira með ömmu að gera en þá himnafaðga. En mér fannst gott að vita til þess að Jesús væri vinur minn.

í þeim tilgangi að reyna að svara hinu spurningum lífsins með upp-spuna og fullyrðingum frekar en rökum. Trúarbrögð gátu líka verið öflugt stjórntæki til að stjórna fólk, jafnvel heilu þjóðunum. Trúarbrögðin voru íhaldssöm og ströng og andsnúin sköpunargleði, húmor, kynlífi og allflestu sem mér fannst gefa lífinu gildi. Og þau kúguðu jafnvel. Þau gerðu lítið úr konum sem einhvers konar annars flokks manneskjum. Og þau útskúfuðu samkynhneigðum. Það gat ég ekki fallist á. Ég snerist því til trúleysis eða lífs án trúar. Ég hélt samt alltaf í hugmyndafræði mömmu um skírning og fermingar, giftingar og svoleiðis, ekki sist til að halda friðinn við hana og fleira fólk í kringum mig.

Fólk má trú á stokka og steina fyrir mér

Það var svo á fullorðinsárum þegar ég var kominn að ákveðnum krossgötum í lífinu; félagslega, andlega, fjárhagslega og líkamlega uppgefinn og átta-viltur, að ég ákvað að leita hjálpar. Ég fór í 12 spora samtök. Það voru þung skref. Þar viðurkenndi ég að ég hefði misst stjórn á lífi mínu og væri til í að gera allt sem til þyrfti til að öðlast heilbriggt líf. Lykillinn að því var Guð. Ég ákvað því að taka Guð inn í líf mitt og fá hann í lið með mér, ekki sist til að mylja úr mér hroka, ótta og reiði. Þetta gagnaðist mér ágætlega að mörgu leyti. Ég gerði einlæga og heiðarlega tilraun til að verða trúadur. Ég sókkti mér í lestur trúarríta og bænalestur, sótti

messur að minnsta kosti einu sinni á dag og las Biblíuna frá upphafi til enda. Það var þung og leiðinleg lesning. Ég fór meira að segja og dvaldist í klaustri á Englandi um tíma til að uppfærðast af munkunum. En eins mikið og ég þráði að trú á þá gat ég það ekki. Mér var það fyrirmunnað. Hugmyndin um persónulegan Guð gengur gegn minni heilbrigðu skynsemi og upplifun og skilningi á heiminum.

Ég er að verða fimmtíu ára. Og eftir að hafa verið beggja vegna borðs, í þessum málum, þá sýnist mér ekkert benda til þess að Guð sé til. Ég hef leitað en ekkert fundið. Ef hann er til þá er hann ekki að standa undir nafni og ekki sá Guð sem við

höldum að hann sé. Ég get ekki fallist á það að hann sé eitthvað sérstaklega kærleiksríkur. Eiginlega þvert á móti. En ég viðurkenni fúslega að það eru til öfl í alheimi sem við höfum ekki náð að skilja. Enginn veit með vissu hvað gerist eftir dauðann til dæmis. Ég virði rétt fólks til að hafa hverjar þær skoðanir sem því sýnist í trúmálum. Fólk má trú á Guð í alheimi eða stokka og steina fyrir mér. Svo framarlega sem það heldur því fyrir sig. Mér finnst allt í lagi að þessum góð ráð og heilræði frá andverum en um leið og þær fara að setja mér einhverjar reglur um daglegt líf mitt þá kys ég að hlusta ekki og hef fullan rétt á því.

Engar risaeðlur í Biblíunni

Flestar framfarir í heiminum eru tilkomnar vegna mannvits, samvinnu og vísinda og oftar en ekki í andstöðu við trúarbrögðin. Vísindin hafa útskýrt alheiminn, leiðrétt rangfærslur trúarbragðanna og jafnvel opnað okkur heim sem Guð hefði aldrei óráð fyrir að væri til. Það er til dæmis ekkert minnst á risaeðlur í Biblíunni. Vísindi og trúarbrögð eru því oft and-

stæður þar sem vísindin eru sannleikur en trúarbrögðin ágiskun. Vísindin hafa velt trúarbrögðunum af þeim stelli sem þau voru á. Ein helsta fyrirstaða læknávisindanna til að bæta heilsu og bjarga mannlífum er og hefur verið trúarkreddur ýmiskonar. Þetta á því miður líka við um mannréttindi.

En það hefur líka margt gott verið gert í nafni trúarbragða og margt

gott fólk sem starfar innan þeirra að góðum málum. Trú getur verið ágæt til persónulegra nota. Soldið eins og typpi. Það er gott að vera ánægður með það og finnst það flottasta og besta typpi í heimi. Það má bæði hafa gagn og gaman af því. En ekki tala mikið um það við ókunnuga eða troða því upp á fólk. Ekki skrifa lög með því. Og mikilvægast af öllu: ekki hugsa með því. Góðar stundir!



Saltkjöt frá Íslandslambi

Skert innihald salts

45%

minna salt - sama bragð njóttu þess...



Sérverkað saltkjöt

Hóflæg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem af einhverjum orsökum þurfa að passa uppá saltneyslu. Sérverkað saltkjöt frá Íslandslambi er með 45% minna salti án þess að það komi niður á bragðgæðum

HELGIN

Tanja Ýr Ástþórsdóttir, fegurðardrottning, bloggari og háskólanemi

Ætlar að hafa það notalegt með kærastanum

„Ég ætla að hafa það notalegt uppi í bústað með kærastanum mínum og við ætlum að baka og gera eitthvað skemmtilegt í dag, þar sem það er Valentínusardagurinn og sá dagur er í algjöru upphaldi hjá mér. Á sunnudaginn ætla ég að hafa það kósí bara, horfa á nokkrar bíómyndir og njóta lífsins.“



Guðrún Veiga Guðmundsdóttir Sælgætis- og rauðvinslegin til skiptis

„Í dag ætla ég að eyða sem mestum tíma með afkvæminu mínu, við fáum okkur nammi og svoleiðis. Svo ætla ég að drekka nokkur rauðvinsglös, þó ekki með afkvæminu. Sunnudagurinn fer í að liggja í sófanum og viðhalda sælgætisvímunnri rækilega.“



Vilhelm Anton Jónsson, tónlistarmaður og þúsundþjalasmiður Skemmtir í hléi á Eurovision

„Við Sveppi verðum að skemmta í auglýsingahléinu á Eurovisionkeppninni sem verður í Háskólabíói í kvöld. Svo er bara að sjá hvernig sunnudagurinn fer, hvernig veðrið verður og hvort maður gerir eitthvað sniðugt. Það verður að koma í ljós.“



Magnús Eiríksson tónlistarmaður Tónleikar og mögulega útvera

„Ég og vinur minn KK erum að spila á tónleikum á Café Rosenberg í kvöld, en það höfum við gert næstum alla laugardaga í hátt í ár. Sunnudagurinn fer svo eftir veðri og vindum, ef veðrið verður gott þá fer ég út í náttúruna, jafnvel á Reykjanesið.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU ...

Í SÖNGVAKEPPNIPARTÍ í kvöld og farðu alla leið í gleðinni hvort sem það er með börnunum með popp í skál eða að skála með vinum.



Á PINK STREET BOYS sem tilnefndir eru til Nordic Music Prize og lofa ansi góðu.

LJÓÐABÓK ELÍSBETAR JÓKULSDÓTTUR

Ástin er ein taugahrúga. Enginn dans við Ufsaklett, sem hlaut Fjöruverðlaunin í síðasta mánuði.



Á FJÓRÐA PÁTTINN AF ÍSLAND GOT TALENT Á STÖÐ 2 í kvöld og fylgstu með hæfileikaríkum Íslendingum spreyta sig.



SKEMMTILEGT Í SKÓLANUM Fjöldi tónlistaratriða verður á dagskránni á opna deginum í tónskóla Eddu Borg í dag. Fjölmargir skólar eru með opið hús og viðburði af því tilefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Býður gestum að taka þátt

Dagur tónlistarskólanna 2015 fer fram í dag og af því tilefni eru margir tónlistarskólar með opið hús.

„Þetta er svo skemmtilegt uppbrot frá því sem við erum að gera frá degi til dags,“ segir Edda Borg Ólafsdóttir, skólastjóri í Tónskóla Eddu Borg. Í dag er Dagur tónlistarskólanna 2015 og því verður boðið upp á margvíslega dagskrá í mörgum tónlistarskólum.

„Við bjóðum upp á fjölbreytta tónlistardagskrá, kaffi, djús og heitar vöflur með rjóma. Við bjóðum alla velkomna, þetta er ekki bara fyrir nemendur, foreldra og aðstandendur þeirra,

heldur eru allir velkomnir sem vilja kynna sér starf tónlistarskólans og hlusta á skemmtilega tónlist,“ segir Edda Borg um daginn í sínum skóla.

Dagur tónlistarskólanna er í febrúarmánuði ár hvert. Fyrir utan viðburði í skólunum heim-sækja nemendur einnig aðra skóla, vinnustaði og heilbrigðisstofnanir í þeim tilgangi að flytja tónlist.

„Við ætlum að enda dagskrána á því að leyfa gestum okkar að taka þátt í tónlistarflutningi. Við

verðum með litla hljómsveit og gestum okkar gefst tækifæri til þess að spila með henni, jafnvel þótt þeir spili ekki á neitt hljóðfæri. Við gerðum þetta í fyrra og fólk hafði gaman af þessu,“ segir Edda Borg.

Á Íslandi starfa um 90 tónlistarskólar og hjá þeim starfa um 900 kennarar og nemendur eru um 15.000 talsins. Fyrstu lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla voru sett 1963 og er nú kennt eftir samræmdum námskrám sem menntamálaráðuneyt-

→ 90 tónlistarskólar starfa á Íslandi og hjá þeim starfa um 900 kennarar og nemendur eru um 15.000 talsins.

id gefur út. Húsið verður opnað klukkan 13.00 í Tónskóla Eddu Borg en hægt er að grennslast fyrir um frekari opnunartíma og viðburði hjá heimasíðum tónlistarskólanna.

gunnarleo@frettabladid.is



Umbylting í þvotti

Miele hefur sett á markað eigið þvottaefni til að tryggja besta mögulega þvottaárangur á umhverfisvænan hátt.

Um er að ræða þýskt hugvit, hönnun og smíði þar sem fara saman þvottavél með vaxkókumynstri og einstök þvottaefni. Samspil sem tryggir orkusparnað, lengri endingu og bestu mögulegu þvottaumönnun sem völ eru á.

Þetta er það sem við köllum umbyltingu í þvotti.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐ - Sportlínan
Þvottavél, verð frá kr. 169.900
Þurrkari, verð frá kr. 134.900



Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Zero Emission



Innovation
that excites

VINSÆLASTI RAFBÍLL Á ÍSLANDI

ER Á **BESTA VERÐINU**, HEFUR MESTU REYNSLUNA
OG BESTA AÐGANG AÐ HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVUM!

KAUPAUKI
VETRARDEKK



**KOMDU Í HÓP RÚMLEGA 200 EIGENDA NISSAN LEAF OG
UPPLIFÐU ÞAÐ BESTA SEM BÝÐST Í FULLVÖXNUM RAFBÍL.**

NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL
VISIA 4.190.000 KR. ACENTA 4.390.000 KR. TEKNA 4.690.000 KR.

OPIÐ FRÁ KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





20
YEAR
WARRANTY
SCANDINAVIAN

25
YEAR
WARRANTY
SCANDINAVIAN

**HYDRO
SEAL**

GUARD
UP TO 10% MORE SCRATCH RESISTANT

**WET AREA
WARRANTY**
SCANDINAVIAN



**SPLASH
WARRANTY**
SCANDINAVIAN

**MATCHING
SOLUTIONS**

PEFC
SCANDINAVIAN

Quick Step, tryggðu þér alvöru harðparket

Vatnshelt harðparket með **Hydra Seal**.
Meiri pressun í millikjarna og **100% lokuð fösun** á milli borða.
25 ára ábyrgð.
Allt að **10 sinnum meira rispupól** en áður.

EIK IMPRESSIVE

Verð áður 6.490

Vsk breyting -78 kr
Vörugjalda lækkun -280 kr
Útsöluafsláttur 35% -2.146 kr

Samtals:

3.986



HARÐVIÐARVAL



LITLA PORPIÐ Sunna, Eyrún og Esther segja að þeim líði vel á vinnustaðnum og segja starfið fjölskylduvænt. Þær eiga það allar sameiginlegt að hafa litið til álversins í langan tíma og að hafa langað að starfa þar í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við mýkjum upp starfsandann

Sunna Björg, Eyrún og Esther eru í miklum minnihluta á vinnustað sínum í álverinu í Straumsvík þar sem konur eru 20 prósent starfsmanna. Þær þvertaka þó fyrir að þær sinni karlastörfum og hvetja konur til að víkka sjóndeildarhringinn við starfsval.

Erla Björg
Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Það er eins og að keyra inn í lítið þorp að koma að Rio Tinto Alcan sem kallast í daglegu tali starfsmanna ÍSAL og í daglegu tali okkar hinna álverið í Straumsvík. Eftir að hafa horft á öryggismyndband, fengið hjálm, slopp og annan öryggisbúnað fáum við að fara inn á vinnusvæðið og hitta þar þrjár konur sem vinna hjá fyrirtækinu. Esther, Eyrún og Sunna Björg eru allar í draumastarfi sínu og komnar ansi langt með starfsferilinn miðað við frekar ungan aldur. Esther er rafvirki, Eyrún er rafveitustjóri og Sunna Björg er framkvæmdastjóri rafgreiningar og situr því í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Konur eru 20 prósent starfsmanna en þær þvertaka þó allar fyrir að álverið sé karlavinnustaður.

Eyrún: Það eru miklu fleiri karlmenn sem vinna hérna en það er ekkert sem segir að þetta þurfi að vera karlavinnustaður.
Sunna: Konur geta algjörlega gengið í öll störf hérna. Í mínu tilfelli þekki ég ekkert annað þar sem ég hef unnið hér frá því ég var 18 ára. Maður hefur aldrei upplifað að vera kominn í rosa karlaumhverfi. En það er kannski öðruvísi með iðnaðarmennina.

Esther: Já, það vantar konur þar.

Við erum aðeins þrjár konur í áttatíu manna hópi.

Eyrún: Ég held það tengist ekki vinnustaðnum. Það er frekar að það vanti kvenkyns iðnaðarmenn í samfélagið. Svo erum við reyndar allar búnar að vera í þannig námi að við höfum vanist því að vera í minnihluta.

Mýkja upp stemninguna

Þær segja að fólk hafi almennt mikinn áhuga á starfi þeirra og finnst það spennandi. Sumum finnst þær kannski svolítið töff.

Eyrún: Mér skilst að ég sé fyrsta konan til að sinna starfi rafveitustjóra á Íslandi þannig að ég fékk smá svona „vó“ stemningu í kringum mig. En það er ekkert við þetta starf sem segir að karlmaður ætti að sinna því frekar en kona.

En eru einhver störf í álverinu sem kona getur ekki sinnt? Snýst þetta einhvern tímann um líkamlegan styrk?

Esther: Já, kannski þínu. Til dæmis þegar ég þarf að lyfta rafmótorum, ég vippa þeim ekkert upp. En maður fer ansi langt á skapinu. Ekki það, það er voða gott að biðja um smá hjálp og það eru allir tillitsamir, ég er stundum svolítið eins og gömlu kallarnir.

Eyrún: Einmitt, það eru líka fullorðnir karlmenn hérna sem hafa ekki sama líkamlega styrk.

Sunna: Það er náttúrulega lykilatíði að vera með blandað kynjahlutfall. Fólk er með mismunandi styrkleika.

Esther: Ég held að körlunum finnst þetta þægileg tilbreyting. Samskiptin verða öðruvísi. Til dæmis finn ég að þeir leita mikið til mín til að tala um börnin, hafa áhyggjur af þeim og þess háttar mál. Ég held þeir fari ekki hvar til annars en þeir koma til mín. Í staðinn nepla þeir mig ekki í öxlina. Það má segja að samskiptin séu á ljúfari nótum.

Eyrún: Ég held að karlmenn þori kannski frekar að vera þeir sjálfir þegar konur eru líka hluti af hópnum. Þeir þora kannski að vera einlægari.

Sunna: Það er gaman að sjá það í framleiðslueldinni þar sem færri konur eru hvað þeim finnst gaman að fá konur til starfa. Það er mjög vel tekið á móti þeim og andrúmsloftið verður oft skemmtilegra.

Eyrún: Já. Þarna eru einhverjar fyrirfram hugmyndir um hlutverk kynjanna. Konur mega vera opnar og einlægir en ekki karlar. Með blönduðum vinnustöðum þá næst kannski eithvert jafnvægi.

Eru sem sagt mikil samskipti? Er þetta sem sagt ekki verksmiðjuvinna þar sem maður er einn með framleiðslutækjunum?

Sunna: Nei, það eru mjög mikil mannleg samskipti og hópurinn vinnur mjög þétt saman. Samvinnan hér er rosalega öflug og hefur í raun eflst á síðustu árum enda hafa verið erfiðir tímar með lágu álverði. Hópurinn hefur bara þjappast saman. Störfin eru líka mjög fjölbreytt og skemmtileg.

Þegar maður vinnur í framleiðslu- unni þá er engir tveir dagar eins og umhverfið er mjög lifandi.

Vantar fyrirmyndir

Fyrirtækið hefur verið með tölusett markmið síðustu tvö ár um að ráða fleiri konur. Aftur á móti hafa ekki öll markmið náðst enda of fáar konur sem sækja um. Sérstaklega gengur illa að auka hlut kvenna meðal iðnaðarmanna. Þarf að hvetja konur meira?

Eyrún: Ég held að það vanti helst fyrirmyndirnar. Á meðan ég var að alast upp gegndu engar konur þessum störfum. Maður sér alltaf bara karla og umræðan er um iðnaðarmennina í karlkyni. Mér datt aldrei í hug að fara í rafvirkjun en núna þegar ég hef kynnst þessu og veit hvað rafvirkjarnir eru að gera þá sé ég hversu skemmtilegt starf þetta er.

Esther: Já, þetta er mjög skemmtilegt. Ég er aldrei að gera sama hlutinn, alltaf á ferðinni, klifra upp á eitthvað og brasa, hitta alls konar fólk út um allt fyrirtæki og spjalla. Dagurinn er ótrúlega fljótur að líða. Það er ekki fyrir alla að sitja við skrifborð og það er sko alls ekki fyrir mig. En svo gæti þetta verið einhver hræðsla í stelpum, sumir eru svo hræddir við rafmagn og vélbúnað, en maður lærir bara á þetta. En já, ég held þetta snúist um að yfirstíga hræðsluna og fá fleiri fyrirmyndir.

Sunna: Það þarf líka meiri ▶

” Samskiptin verða öðruvísi. Til dæmis finn ég að þeir leita mikið til mín til að tala um börnin, áhyggjur af þeim eða kvarta yfir svefnlausri nótt vegna barnagráts.

Esther

” Ég held að karlmenn þori kannski frekar að vera þeir sjálfir þegar konur eru líka hluti af hópnum. Þeir þora kannski að vera einlægari.

Eyrún

” Ég sat einu sinni til hálfimm og ég var þá strax spurð hvort ég ætlaði að vinna yfirvinnu.

Sunna

JO NESBØ

3 vikur á toppnum!

„Þetta er frábær bók, eins og við mátti búast ... hrikalega spennandi og óvænt.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

„Rauk beint í fyrsta sæti á metsölulistum – ég er ekki hissa á því. Jo Nesbø stendur upp úr ... snillingur á sínu sviði.“


KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Drulluspennandi ... rænir þig svefni.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Talandi um spennu, ég tók síðustu 2-300 blaðsíðurnar í einum rykk.“

SIGURÐUR VALGEIRSSON / KILJAN



ÞÚ GETUR FLOGIÐ!

BOSTON flug frá
18.999 kr.

Tímabil: mars - maí 2015

WASHINGTON flug frá
19.999 kr.

Tímabil: maí 2015

LYON flug frá
24.999 kr.

Tímabil: júní - ágúst 2015

PARÍS flug frá
12.999 kr.

Tímabil: apríl - maí 2015

LONDON flug frá
9.999 kr.

Tímabil: apríl - júní 2015

Gerðu verðsamanburð,
það borgar sig!



KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

→ Er að vinna í háspennunni



Esther Gunnarsdóttir 26 ára
Menntun
Rafvirki
Starf
Rafveituvirki

Hvað þýðir það? Alls kyns verk-efni víðs vegar á svæðinu tengd rafmagni og rafveitu. Vinnur þó helst verkefni tengd háspennu í aðveitustöð.

Esther ætlaði alltaf að verða iðnaðarmaður. Hún vann við byggingarvinnu frá 16 ára aldri og prófaði að fara í bóknað en fann strax að það var ekki fyrir hana. Esther fór í rafvirkjanám í FB, á námssamning hjá ÍSAL í kjölfarið og hóf störf að námi og fæðingarorlofi loknu. Sextán rafvirkjar starfa hjá fyrirtækinu og þar af tvær konur.

→ Fyrsti kvenkyns rafveitustjórinn



Eyrún Linnet 35 ára
Menntun
Rafmagnsverkfræðingur
Starf
Rafveitustjóri

Hvað þýðir það? Ber ábyrgð á rafveitunni og hefur umsjón með öllum búnaði.

Eyrún sótti um starfið þegar það var auglýst árið 2011. Hún er fædd og uppalin í Hafnarfirði og hafði alltaf litið hýru auga til álversins. Þegar laust starf var auglýst 2011 sló hún til og hætti á verkfræðistofunni sem hún vann á. Eyrún byrjaði í sérverkefni, fór svo að sinna rafmagnsmálum í kerskála en byrjaði um áramót sem rafveitustjóri. Eyrún er fyrsta konan til að sinna því starfi á Íslandi.

→ Úr mötuneytinu í stjórnina



Sunna B. Helgadóttir 31 árs
Menntun
Véla- og efnaverkfræði
Starf
Framkvæmdastjóri rafgreiningar

Hvað þýðir það? Stýrir allri álframleiðslunni.

Sunna hefur unnið hjá ÍSAL í fjórtán ár en hún byrjaði hjá fyrirtækinu 18 ára sem sumarstarfsmaður í mötuneytinu. Hún fór yfir á vaktir í álframleiðslunni sem vakti áhuga hennar á starfinu og stýrði að einhverju leyti námsvali hennar. Eftir masters-próf í verkfræði tók hún við framkvæmdastjórnastarfinu og fetaði þar með í fótspor Rannveigar Rist sem sinnti starfinu í nokkra mánuði áður en hún varð forstjóri.

400 MANNS

starfa hjá Rio Tinto Alcan.

19%

þeirra eru konur eða um 80.

PRÍÐJA HVER

kona gegnir stöðu stjórnanda eða sérfræðings.

3 KONUR

eru iðnaðarmenn af 80 manna hópi.

8 SITJA

í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. 4 konur og 4 karlar.



Í STEYPUSTÖÐINNI Eyrún, Esther og Sunna vinna á ólíkum stöðum í álverinu. Sunna og Eyrún deila tíma sínum á milli skrifborðsins og eftirlitsferða. Esther er aftur á móti á flakki um allt svæðið allan daginn. Í steypustöðinni er álið mótað í álstangir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

► fræðslu og upplýsingar. Kynna betur störfin og hvaða verkefni felast í þeim. Þetta eru bara venjuleg störf.

Esther: Þegar nám er kynnt í grunnskólum þá er alltaf bara talað um bóknaðsbrautir. Það er aldrei sagt: „Hei, stelpur. Komid og kíkið á vélvirkjabrautina.“ Aldrei.

Sunna: Það er náttúrulega mikið menntasobb á Íslandi á þann hátt að iðnnám nýtur ekki sanmmælis.

Forstjórinn tekur ákvörðun um jafnrétti

Og er þetta ykkar framtíðarstarf? Gengur vel að samþætta starf og fjölskyldu?

Eyrún: Það skiptir engu hvort þú ert karl eða kona hérna, hér er fjölskylduvæn starfsmannastefna. Það fara rútur klukkan átta og fjögur hingað. Þess vegna verður ramminn svo skýr. Hér er dagvinnan unnin frá átta til fjögur.

Sunna: Mörg fyrirtæki gefa sig út fyrir að vera fjölskylduvæn fyrirtæki. ÍSAL er virkilega fjölskylduvæn fyrirtæki. Það er lögð áhersla á að vinna átta tíma á dag og forstjórinn okkar er góð fyrirmynd þar. Það er frábært og rútuferðirnar hjálpa okkur að halda okkur við þennan tíma. Ég sat einu sinni til hálfimm og ég var þá strax spurð hvort ég ætlaði að vinna yfirvinnu.

Eyrún: Rannveig sagði einu sinni á starfsmannafundi að við ættum ekki að vinna meira en átta tíma því við verðum að rækta fjölskyldu okkar. Af því að þegar við förum á elliheimili, þá heimsækir fjölskyldan okkur en ekki vinnan. Þetta fannst mér frábær punktur hjá henni.

Haldið þið að það skipti máli að það er kona sem leiði fyrirtækið?

Eyrún: Ég held að það skipti ekki máli að hún er kona, heldur að hún sé manneskja sem er mjög meðvitund um að það þurfi að taka ákvörðun um að ná jafnrétti. Það að hún er kona hjálpar henni kannski að sjá mikilvægið en það er ekki grundvallaratriði.

→ Markmið um kynjahlutfall nýrra ráðninga var fyrst sett árið 2013 (iðnaðarmenn undanskildir vegna lítils framboðs).

→ Markmið 2013 var að hlutfall kvenna af nýráðningum yrði 60%. Niðurstaða ársins var 70%.

→ Markmiðið 2014 var hækkað í 70% en niðurstaða ársins var um 50%.



ZOOM-ZOOM

MAZDA CX-5 4WD



VERÐ FRÁ:
5.490.000 KR.

MAZDA. DEFY CONVENTION.



BLINDPUNKTSAÐVÖRUN
Gerir ökumanni viðvart um hliðarumferð. Góður staðalbúnaður sem eykur öryggi þitt.



SNJALLHEMLUNARKERFI
Bráðsnjall staðalbúnaður sem eykur öryggi með því að bregðast við ef stefnir í árekstur.



BLUETOOTH
Bluetooth tenging fyrir tónlist og síma. Staðalbúnaður þér til þæginda- og ánægjuauka.



FJÓRHJÓLADRIF MED GÓÐRI VEGHÆÐ
Öflugt fjórhjóladrif og 21 cm veghæð ásamt 1800-2000 kg dráttargetu eykur notagildið.



SKYACTIV SPARTÆKNI
Sparaðu með SKYACTIV spartækni Mazda. Eyðsla frá aðeins 5,2 - 6,6 l/100 km í blönduðum akstri.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA
by Brimborg




Öruggur staður til að vera á

ALDREI FLEIRI TILKYNNINGAR UM OFBELDISBROT

Ofbeldisbrotum hefur fjölgað frá árinu 2011 og hafa ekki borist fleiri tilkynningar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en á síðasta ári þegar lögreglunni bárust 844 tilkynningar um ofbeldisbrot.


Langstærstur hluti gerenda í ofbeldisbrotum er á aldrinum 21 til 30 ára, en líkamsárásir hafa lengi verið nátengdar skemmtanahaldi borgarbúa um helgar, segir Jónas Orri Jónasson, félagsfræðingur í upplýsinga- og áætlanaeild lögreglunnar.

FLEIRI TILKYNNINGAR UM OFBELDISBROT



14 ÁRA OG YNGRI KÆRÐ FYRIR OFBELDI

→ Fjöldi barna sem eru 14 ára og yngri og eru kærð fyrir ofbeldisbrot hefur margfaldast



Leikreglurnar engar og allt sýnt í

Tilkynningum um ofbeldisbrot barna undir lögaldri til lögreglu hefur fjölgað á síðustu árum. Fagmenn segja fjöldann ekki vera áhyggjuefni heldur öfgarnar. Í stað þess að kenna óheilbrigðri unglingameningu um benda fagmenn fingri á foreldra.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is
Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Skipulögð, blóðug slagsmál meðal barna og unglunga í Reykjavík hafa vakið ugg með fólki. Myndböndum af slagsmálum barnanna var dreift á lokaðri síðu á Facebook og er ofbeldið í rannsókn hjá lögreglu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var stofnað til síðunnar vegna persónulegra úti-standna. Þau slagsmál voru tekin upp á myndband. Sá sem tók upp myndbandið kundi ekki að dreifa myndefninu öðruvísi en á Facebook og stofnaði þess vegna sérstaka síðu um það. Síðan, sem var einfaldlega nefnd Slagsmál, vatt upp á sig og fékk upp undir eitt þúsund fylgismenn á skömmum tíma þar sem ungmenni skoruðu á hvert annað í slagsmál. Myndböndin sýna gróft ofbeldi, ungmennin veita þung högg og sparka í höfuð.

Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögsluþjónn sem fer með rannsókn málsins segir að

lögreglan hafi haft upp á stofnanda síðunnar og beðið hann um að loka henni. „Svo var talað við foreldra þeirra barna sem forvarnarlögreglumenn þekktu. Það hefur enginn komið og kært þannig að málinu er í raun lokið.“

Jóhanni finnst þetta mál vera í raun mál foreldranna og vísar máli sínu til stuðnings til þekktis dægurlagatexta. „Það má spyrja foreldrana: „Móðir, hvar er barnið þitt?“ Mér finnst að foreldrar eigi að vita hvar börnin þeirra eru og hvað þau eru að gera. Vita foreldrar til dæmis hvað börnin þeirra eru að gera á Facebook?“ spyr Jóhann og segir að sér finnst ekki eðlilegt að þrettán til fjórtán ára börn fari út í bæ að horfa á aðra unglunga slást og foreldrar viti ekki af því. „Erum við sem samfélag sáttt við þá þróun?“



„Það má spyrja foreldrana: „Móðir, hvar er barnið þitt?“

Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlögsluþjónn



SLAGSMÁL Myndbönd voru tekin af unglingum að slást og var svo deilt á lokaðri Facebook-síðu sem fjölmörg börn undir lögaldri voru meðlimir að.



MYNDSTILLUR ÚR MYNDBÖNDUM Á FACEBOOKSÍÐU.

Hrunið, netið og tískustraumar Börn í vanlíðan sem reyna að sýna sig og sanna á netinu

→ Upplifa reiði foreldra

Magnús Stefánsson, fræðslufulltrúi og framkvæmdastjóri Marita-fræðslunnar, segir ljóst að þeim ungmönnum sem ganga hvað harðast fram lífi mjög illa. Hann rekur líðan þeirra til hrunsins. „Við höfum gleymt okkur í hrininu. Þetta eru börn sem eru alin upp í skugga fjármálakrísu og mikils uppgjors í samfélaginu. Þau upplifðu reiði foreldranna. Reiði er smitandi. Það hefur gætt ákveðins markaleysis og virðingarleysis í samskiptum frá hruni. Þetta hafa börnin okkar horft upp á.“



MAGNÚS STEFÁNSSON

Hann segir tilfinningaþroska barnanna hafa beðið skáða. „Það er svo mikill hraði á okkur, við gefum ekki unglungunum okkar þann tíma sem þeir þurfa og til að rækta upp í þeim manneskjuna. Slagsmálin eru ein birtingarmynd, af mikil netnotkun er önnur birtingarmynd þessarar vanrækslu.“

Magnús bætir við að gallinn við fréttaflutning af áhættuhegðun á netinu sé af smíthættan sé mikil. „Ég vil helst ekki nefna þessar síður og auðvelda þeim aðgang að þeim.“

→ Slagsmálin eru sýningaratriði

Við þurfum að átta okkur á því að stærstur hluti unglunga er til fyrirmyndar. Sannleikurinn er sá að heldur hefur dregið úr vandamálum af þessu tagi á síðustu tuttugu árum,“ segir Þórólfur Þórlindsson félagsfræðingur sem hefur rannsakað ofbeldi meðal unglunga í gegnum tíðina. „Hins vegar verðum við að hafa í huga að um-



ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON

burðarlýndi okkar gagnvart ofbeldi er miklu minna í dag en það var. Það gæti fjölgað tilkynningum um ofbeldisverk.“

Þórólfur segir að slagsmál og áflog hafi verið býsna algeng meðal unglunga áður fyrr. Hann segir formið hins vegar hafa breyst verulega. „Áður fyrr giltu ákveðnar reglur í slagsmálum. Leikreglurnar voru skýrari og til að mynda ódregilegt að ráðast margir á einn eða sparka og kyla ítrekað í höfuð. Slagsmálin í dag virðast vera orðin einhvers konar sýningaratriði, þau eru eiginlega sviðsett. Það eru áhorfendur og tekið upp myndband. Það er rétt að hafa í huga að ofbeldistilvikin þurfa ekki að vera mörg til að vekja mikla athygli þegar þessu er dreift út um allt eins og nú er. Þetta er breytt landslag. Við verðum að gæta okkar

á því að fordæma ekki allt unga fólkið út frá örfáum dæmum.“

15 sekúndna frægð

Óli Örn Atlason, uppeldis- og menntunarfræðingur, hefur haldið fjölmarga fyrirlestra um unglunga og netið. Hann tekur undir orð Þórólfs. „Þetta snýst um



ÓLI ÖRN ATLASON

viðurkenningu frá jafningjahópnum. Þannig hefur það alltaf verið með unglunga. Með samfélagsmiðlunum er hægt að fá margfalt meiri viðurkenningu og viðbrögð. Fólk er að fá 15 sekúndna frægð með myndböndunum. Það eru svo margir sem vilja sýna sig og sanna þannig að maður þarf alltaf að ganga lengra, koma með eitthvað nýtt, eitthvað krassandi.“

Óli Örn bætir við að foreldrar séu almennt illa upplýstir um miðlana sem börnin þeirra nota enda hafi tækninni fleygt fram afar hratt. „Foreldrar verða að gefa sér góðan tíma til að kynna sér þetta. Þeir þurfa einnig að tala meira saman. Þegar foreldrahópurinn er orðinn upplýstari og stendur saman er hann mun fljórtari að taka eftir því ef eitthvað er ekki í lagi og fljórtari að grípa inn í.“

→ Fimm til sex á ári fá lífshættulegt höfuðhögg eftir

Að meðaltali koma fimm til sex á Grensás á hverju ári vegna alvarlegs höfuðhöggs eftir líkamsárás. „Þetta eru bara



GUÐBJÖRG LUDVIGSDÓTTIR

þeir sem koma til okkar. Einhverjir eru ekki svo heppnir að lifa höfuðhöggið af,“ segir Guðbjörg Kristín Ludvigsdóttir, lækni á Grensás. „Það er misjafnt hvaða eftirstöðvar fólk situr eftir með. Alveg frá vægum

skerðingum eins og tapi á bragðeða lyktarskyni upp í að vera hreinlega alveg út úr heiminum eða ná ekki meðvitund.“

Guðbjörg segir eitt högg á höfuðið geta breytt lífi einstaklings varanlega. Þá skiptir ekki öllu máli hve þungt höggið er. „Það skiptir máli hvar viðkomandi er sleginn í höfuðið. Það er erfitt að meta hvað sé vægt höfuðhögg og hvað ekki. Það þarf stundum svo lítið.“

Guðbjörg bendir á nýlega könnun sem sýnir að 76% boxara séu með varanlegar skemmdir í heila sem sjást á mynd. „Þetta getur verið vitræn skerðing, einkenni Parkinson, þrálátur höfuðverkur, þreyta og meiri líkur á minnisglöpum,“ segir Guðbjörg og bætir við að henni þyki óskiljanlegt í ljósi þessara upplýsinga að bardagaþróttir þar sem lamið er




HARALDUR NELSON

í höfuð séu leyfðar og vísar þar til að mynda til MMA-bardagaþróttarinnar sem Gunnar Nelson stundar og hefur notið vaxandi vinsælda meðal landans undanfarin ár.

Algjör vanþekking á íþróttinni Haraldur Nelson, framkvæmdastjóri Mjölnis, segir jafn fáránlegt að bera saman slagsmál unglunga og MMA-íþróttina og að bera saman glæfraleagan hraðakstur í miðbæ Reykjavíkur og kappakstursíþróttir. Slíkt lýsi einfaldlega algjörra vanþekkingu á málinu og sé marklaust tal út í loftið. „Ég sá þessi myndbönd með slagsmálunum í fréttunum og þetta er skelfilegt að horfa upp á. Bókstaflega nístur mann. En svona slagsmál eiga ekkert skylt við bardagaíþróttir. Þar ertu með þrautþjálfaða íþróttamenn sem keppa eftir alþjóðlegum reglum íþróttarinnar, með miklum öruggisskilyrðum og með dómara og lækni sem geta stöðvað keppnina. En svona slagsmál og líkamsárásir eins og sjást á myndböndunum fordæmum við að sjálfsgöngu rétt eins og allir hugsandi einstaklingar hljóta að gera. Þetta eru

FLEIRI TILKYNNINGAR UM BÖRN SEM BEITA OFBELDI TIL BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR



→ 18% aukning var á tilkynningum um börn sem beita ofbeldi frá árinu 2013 til ársins 2014.

→ Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdarstýra Barnaverndar Reykjavíkur, segir mögulegt að fleiri mál séu tilkynnt vegna þess að þau eru tekin upp á myndband sem margir sjá.

beinni

„Það hefur gætt ákveðins markaleysis og virðingarleysis í samskiptum frá hrúni. Þetta hafa börnin okkar horft upp á.“

Magnús Stefánsson,
fræðsluulltrúi og framkvæmdastjóri
Marita-fræðslunnar

„Með samfélagsmiðlunum er hægt að fá margfalt meiri viðurkenningu og viðbrögð. Fólk er að fá 15 sekúndna frægð með myndböndunum.“

Óli Örn Atlason,
uppeldis- og menntunarfræðingur

„Þetta eru ofbeldismenn og eiga ekkert skylt við íþróttamenn í bardagaíþróttum. Það særir okkur auðvitað að vera vera dregin inn í svona umræðu.“

Haraldur Nelson,
framkvæmdastjóri Mjölnis



Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 16. mars.
Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2015-2016.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

- » Framhaldsskólanám – þrjú styrkir að upphæð 200.000 kr. hver.
- » Iðn- og verknám – þrjú styrkir að upphæð 400.000 kr. hver.
- » Háskólanám (BA/BS/BE) – þrjú styrkir að upphæð 400.000 kr. hver.
- » Listnám – þrjú styrkir að upphæð 500.000 kr. hver.
- » Framhaldsnám á háskólastigi – þrjú styrkir að upphæð 500.000 kr.



líkamsárás
ofbeldismenn og eiga ekkert skylt við íþróttamenn í bardagaíþróttum. Það særir okkur auðvitað að vera dregin inn í svona umræðu enda hefur þetta ekkert með bardagaíþróttir að gera.“

Haraldur bætir við að strangar reglur séu í Mjölni. Allir meðlimir skrifi meðal annars undir samning um að framfylgja siðareglum og nýta sér ekki þekkinguna og færni sem þeir öðlast til ofbeldisverka.

„Við erum þrjú stofnfélagar fyrrverandi lögreglumenn og við tökum mjög sterka afstöðu gegn því að hleypa mönnum hingað inn sem við treystum ekki til að fylgja þessum reglum. Við höfum nokkrum sinnum neitað mönnum um aðgang sem við vitum að beita ofbeldi, til að mynda handrúkkurum og öðrum. Það kemur ekkert annað til greina.“

Haraldur hefur þó áhyggjur af öðrum bardagaíþróttafélögum sem setja mögulega ekki eins stífar reglur og viðmið og Mjölur eða fylgja þeim ekki eins fast eftir. „Þess vegna þarf að gera íþróttina löglega. Þá yrði eftirlitið eftir og hlutirnir gerðir á faglegru hátt. En það er á hreinu að þessir klúbbar hverfa ekki með því að banna þá. Menn hafa stundað bardagaíþróttir frá örófi alda. Gerum þetta af skynsemi og fagmennsku svo fólk hafi frelsi til að stunda sitt sport á eins öruggan hátt og unnt er.“



Á RÖKSTÓLUM Sigríður Elva og Hilmar Örn eru á því að allt hafi skánað eftir að þau hættu að fylgjast með fréttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Heilagar tölur og trúarbrögð

Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði og **Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir** dagskrárgerðarkona eiga sameiginlegt að fylgjast lítið með fréttum þessar vikunnar og hafa áhuga á ásatrú. Sigga Elva hefur verið sótt af björgunarsveit en Hilmar Örn ekki.

Á RÖKSTÓLUM

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þegar rökstólarið Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði og Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir dagskrárgerðarkona hittast heilsast þau með virtum. „Hvað, þekktist þið?“ spyr blaðamaður undrandi.

Hilmar Örn: Ekki nóg en við getum sagt að leiðir okkar hafi skarast.

Sigga Elva: Hann gaf dóttur minni, Andrá, nafn við formlega athöfn. Held ég hafi hringt í hann með viku fyrirvara. Mér finnst kristilegar skírnrir yfirleitt svo átakanlega langdregnar og mikið gert úr því að allir viðstaddir eigi að passa upp á trúarlegt uppeldi barnsins. Yfirleitt er ég við það að látast úr leiðindum og samviskubiti yfir því að ætla náttúrulega ekkert að fara eftir þessum ráðleggingum. En nafngjöfin tók bara fjórar mínútur. Það var frábært.

Hilmar Örn: Þetta hlýtur að hafa verið skemmri skírnr svo ég noti vitlaust hugtak og óviðeigandi. Þið hafið fengið hraðspólu. Yfirleitt held ég athöfnin taki tíu mínútur, kortér. En það er ekkert verið að lesa mikið yfir barninu ómála og segja því hvað það eigi að varast og því síður að fá full-orðna til að fá samviskubiti.

Sigga Elva: Fengum við ADHD-útgáfu? Það var því fnt þetta var áður en ég fór að taka ofvirkniöflurnar! Við foreldrarinn tókum þá ákvörðun eftir þessa athöfn að ef við hættum einhvern tíma að lifa í synd þá yrðir þú sjálfkjörinn í að gefa okkur saman. Það verður trúlega bókað einhvern tíma með viku fyrirvara.

Hilmar Örn: Ég er nú samt einn mest hataði maður í heildum kreðsum í Ameríku þessa dagana,

þar var vitnað í að ég tryði ekki bókstaflega á einygdan mann á áttfættum hesti og kommentin frá Bandaríkjamönnum eru svakaleg, þar kemur fram að þúsundir Bandaríkjamanna eiga daglegt samtal við Óðin og fóðra Sleipni á meðan. Þetta er allt í raunheimi.

Sigga Elva: Þeir eru nú dálítið fyrir bókstafinn þarna vestra, blessaðir. En ef maður hittir yfirnáttúrulega veru þá finnst mér það eitthvað til að ræða við fagmenn í heilbrigðisstéttum frekar en tala um það á torgum. Það eru til lyf við þessu.

Hilmar: Já, ég held að fólkið í hvítu sloppunum sé betra í að fást við svona en fólkið í kuflunum. En ég hef alveg þurft að kyngja því að sumir hafi þær skoðanir að ég sé að afvegaleiða fólk.

Sigga Elva: „Já, hefurðu verið mikið í því að draga fólk út í synd og lesti?“

Hilmar Örn: Ekki eins og ég hef viljað. Það liggur við að það hafi farið meiri tími í kökubakstur hjá mér.

Ekki enn komin með flatskjá

Hafið þið eitthvað fylgst með veraldlegum atburðum á litla Íslandi undanfarið?

Hilmar: Nei, ég er þessi andlegi maður sem varla stíg fæti til jarðar! Reyni bara að taka sem minnstan þátt í umræðunni á Íslandi eftir hið svokallaða hrún. Ég verð svo þunglyndur.

Sigga Elva: Ég var að vinna í fréttum þegar runið varð og tók viðtöl við fimm hagfræðinga og tíu pólitíkusa á hverjum einasta degi, að því er mér fannst, kom heim á hverju kvöldi með tilfinninguna: Það bjargast ekkert – það ferst, það ferst. Svo varð mér til happs að ég slapp úr því starfi og fór í meira léttmeti nokkrum mánuðum seinna. Geðheilsan snarbatnaði og ég komst að því að þjóðfélagið fer ekkert á hliðina þótt maður fylgist ekki með.

Hilmar Örn: Ég er svo hjátrúarfullur að ég held að allt hafi skánað að við það að ég hætti að fylgjast með.

Sigga Elva: Sagan segir líka að ef maður bíði nógu lengi þá verði komið góðæri næst þegar maður opnar Fréttablaðið. Fer ekki að bresta á með því?

Hilmar Örn: Ég vona það, en veit ekki alveg hver hringrásin er í árum talið.

Sigga Elva: Er ekki talað um sjó ár? Það er heilög tala í kristninni en ég veit ekki hvernig það er í heidni.

Hilmar Örn: Það er níu hjá okkur en ég skal alveg nota kristna tímatalið ef það hentar.

Sigga Elva: Mér sýnist þið ætla að hafa vinninginn í þessu. Ég er að minnsta kosti ekki búin að fá mér flatskjá enn þá og er enn í Excel-skjalinu að reyna að finna út hvernig ég get losnað úr ofbeldissambandinu við bankann.

Hilmar: Ég tek mest eftir fréttum um týnda púðluhunda og svoleiðis. Þegar ég var að keppa í Útsvari varð ég mér til skammar því ég vissi ekkert fréttatengt.

Maður átti að botna nýlega fyrir sögn og ég seig bara niður, hefði kannski getað það ef fyrirsögnin hefði verið úr Öldinni okkar frá 1930. Þá hefði verið komin mátuleg fjarlægð. En ég veit þó að nýlega var full rúta af ungmennum föst í hálfan sólarhring af því vegurinn fór í sundur og mér finnst svo falleg fréttin af bóndanum sem keyrði um nóttina með mat til þeirra. Svoleiðis fólk gefur manni trú á lífið.

Hafið þið lent í lífsháska eða verið strandaglópar?

Sigga Elva: Ég hef verið sótt af björgunarsveit. Ég álpaðist upp í gúmmibát á Hornströndum með manni sem ætti, strangt til tekið, ekki að vera með próf á þríhjól. Sú

ferð endaði með því að allir féllu útbyrðis rétt við ströndina og ég fékk skrúfunu á fullu blússi í öxlina á mér. Það var siglt í næsta farsímasamband og eftir tvo, þrjá tíma birtist risabátur með her af fólki sem hafði staðið upp frá vinnunni til að sækja einhvern bjána sem hafði verið að salla í vitleysu á gúmmibát. Ég ber endalaus virðingu fyrir svona fólki.

Áhyggjur af þungarokkurum

Munið þið eftir fleiru sem hefur verið í umræðunni nýlega?

Sigga Elva: Nei, ég er búin að sitja með heyrnartól og viðtalsklippa síðustu þrjár vikur. Eiginlega hef ég bara verið í vinnunni síðan í september og er sorglega illa að mér. En síðast þegar ég vissi var eldgos í gangi.“

Hvað segja heidnir menn um það?

Hilmar Örn: „Hverju reiddust goðin,“ var flottur frasi hjá Snorra goða á sínum tíma og sumir halda því fram að „sól tær sortna“ í Völuspá sýni að heidnir hafi upplifað eldgos þaðan sem þeir komu en það hefur aldrei gosið í Noregi og Danmörku svo það er ekkert innbyggt í heidni. Í grísku og rómversku goðafræðinni eru hins vegar eldfjallaguðir og í Suður-Ameríku er eldfjallagýðja svo þetta fylgir staðhættum. En í heidninni erum við með Loka sem veldur jarðskjálfta samkvæmt Snorra-Eddu. Þegar konan hans, Sigyn, tekur kerid í burtu frá honum spriklar hann og þá verða skjálftar. Það er falleg skýring sem ég skil miklu betur en jarðfræðina.

Sigga Elva: Hvenær hætta trúarbrögð að taka breytingum? Er búið að loka fyrir umsóknir eða mætti koma með nýjan guð í ljósi einhverra aðstæðna? Ég var reyndar lengi að hugsa um að stofna söfnuð til heidurs Bakkusi og minnir að til að fá trúfélagsskrá þurfi að byggja á einhverjum sögulegum átrúnaði.

Hilmar Örn: Ég held að það

”Ég álpaðist upp í gúmmibát á Hornströndum með manni sem ætti, strangt til tekið, ekki að vera með próf á þríhjól. Sú ferð endaði með því að allir féllu útbyrðis rétt við ströndina og ég fékk skrúfunu á fullu blússi í öxlina á mér.

Sigríður Elva

”Þegar ég var að keppa í Útsvari varð ég mér til skammar því ég vissi ekkert fréttatengt. Maður átti að botna nýlega fyrir sögn og ég seig bara niður.

Hilmar Örn

sé eðli góðra trúarbragða að þau breytist með tímanum. Þess vegna sér maður gamlar goðafræðilegar sögur í bíómyndum og bókmenntum. Það eru sögur sem verða að segjast og finna sér alltaf leið. Þær eru hluti af okkar sálræna uppeldi og hvernig við speglum okkur á hverjum tíma. Ég hef engar áhyggjur af því. Ég hef meiri áhyggjur af sumum þungarokkurum.

Sigga Elva: Er það af því að tónlistin er vond eða ertu að tala um boðskapinn?

Hilmar Örn: Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að tala um Skálmöld sem ég dýrka og dáí og finnst stórkostlegt hvernig hún miðlar arfinum áfram. En það er komið sérstakt sánd, vikingmetal, og það eru mikil læti. Ég er svo mikil pempía.

Sigga Elva: Þú vilt bara ljúfa tóna eins og hjá Skálmöld.

Hilmar Örn: Já, eitthvað sætt, lítið tíst.

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.hyundai.is



Hyundai Santa Fe
Fjór hjóladrif / Dísil sjálfskiptur
Verð frá 6.990.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*

Opið í dag frá kl. 12–16

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil beinsk.
Verð frá 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*

Hyundai i10



Verð frá 1.970.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*

Hyundai i30



Verð frá 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

Umboðsaðilar:

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200



LIVINGSTONE-EYJA Mörgæsirnir virðast ekki síður hafa gaman af heimsókninni en gestirnir.

MYND/LUIS TURI

Á slóðum sela og mörgæsa

Suðurskautslandið býr yfir náttúrufegurð sem felst í hrikaleik fjalla, hella og jökla, fjölbreytni ísjaka og eyja og nálægð við villt dýr eins og seli, mörgæsir og hvali. **Ari Trausti Guðmundsson** jarðeðlisfræðingur fór með hóp til Suðurskautslandsins.



FARARSTJÓRINN „Við fengum nokkra fína, sólríka daga en líka smá muggu og éljagang,“ segir Ari Trausti.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við vorum á um hundrað farþega skipi, nokkru stærra en gamli Gullfoss var, og sigldum mest meðfram ströndum enda hvergi hægt að ferðast um á landi með hóp ferðamanna og engar eru hafnirnar heldur. Leiðin lá meðfram skaga sem gengur út úr stóra kringlótta meginlandinu í áttina að Suður-Ameríku. Hann er frábrugðinn jökulhellunni miklu því á honum eru fjöll og íslaus svæði með klappir, grjót og skriðjökla fram í sjó, firðir og háir tindar. Hann er í raun miklu líkari austurströnd Grænlands en meginlandinu. Svo eru gríðarlega margar eyjar við ströndina, meira að segja eldvirkar eyjar sem gusu á síðustu öld. Ein af eyjunum er með stórrí, sjávarfylltri öskju þannig að hægt er að sigla inn í hana.“

Þannig lýsir Ari Trausti Guðmundsson í stuttu máli landslaginu sem fyrir augun bar í ferðalagi að Suðurskautslandinu í fyrravetur. Íslendingar hafa farið í vinnuferðir og pólgöngur þangað en þetta var fyrsta hópferðin. Bændaferðir efndu til hennar og Ari Trausti var fararstjóri. „Við Íslendingarnir vorum ellefu og svo var fólk af býsna mörgum öðrum þjóðernum á sama skipi,“ segir hann.

Ein glæsilegasta siglingaleið heims

Áætlanin var ekki niðurnjörvuð, kapteinninn réð því að vissu leyti hvað gert var, að sögn Ara Trausta. „Um borð í skipinu voru gúmmibátar og hver dagur snerist um að fara í skemmtisiglingar á þeim, annaðhvort í land til að skoða tilkomumikið landslag, mörgæsir eða annað spennandi eða að sigla milli ísjaka og skoða seli og hella utan af sjó. Þarna eru nokkrar tegundir af selum og líka nokkrar af mörgæsum og svo er mikið líf í sjónum, hvalir og selir á sundi og fuglar að steypa sér eftir æti, þannig að það er ótalmargt áhugavert sem fyrir augu ber.“

Hann nefnir Lemaire-sundið.

„Um borð í skipinu voru gúmmibátar og hver dagur snerist um að fara í skemmtisiglingar á þeim.“

„Sundið er talin ein glæsilegasta siglingaleið í heimi. Það er mjög þröngt, sums staðar ekki nema tvær, þrjár skipsbreiddir og nærri lóðrétt fjöll beggja vegna rísa í yfir 1.000 metra hæð. Svo eru rannsóknastöðvar þarna sem eru mannaðar ólíkum þjóðum og ein eða tvær eru heimsóttar í svona ferðum.“

Íslendingarnir voru við Suðurskautslandið seinni hluta janúar og aðeins fram í febrúar. Ari Trausti segir staðviðrasamt þar á þeim tíma. „Við fengum nokkra fína, sólríka daga en líka smá snjómuggu og éljagang, hitastigið var frá einni til tveimur mínusgráðum upp í sex til sjö í plús. Tanginn er neðan við heimskaustbaug en ekki nálægst sjálfum suðurpólnum því landið er svo hrikalega stórt.“

Til Alaska næst

En hvaðan var lagt upp í siglinguna? „Við þurftum að komast til Buenos Aries og fórum gegnum London. Frá Buenos Aries flugum við til syðsta bæjar heims, Ushuaia, sem er á Eldlandi, eyjar sem skiptist milli Síle og Argentínu. Við vorum Argentínunumegin og sigldum þaðan, um tveggja sólarhringa ferð yfir Drake-sundið milli meginlandanna.“

Hugmyndin er að fara í hina áttina á þessu ári og sigla til Alaska í ágúst, að sögn Ara Trausta. „Það er hin hliðin á peningnum,“ eins og hann orðar það. „Við verðum á stærra skipi en því sem við vorum á við Suðurskautslandið og það verða engar gúmmibátasiglingar því þarna eru hafnir og bæir og það verður kastað akkerum eða lagst að bryggju til að skoða sig um. Eftir beint flug til Vancouver verður siglt til bæjar sem heitir Seaward og er í Alaska norðarlega, þaðan verður farið í járnbrautarlest til Anchorage og þaðan fljúgum við heim. Þetta verður aðeins þægilegri ferð en hin. Bændaferðir sjá um hana líka.“



SELIRNIR Sæfilar eru risastórir og eru þarna að fara úr vetrarhárunum.



GENTOO-MÖRGÆSIR „Góðan daginn, hér búum við!“



SAFN Lockroy var áður bresk rannsóknarstöð á Gourdier-eyju en er nú safn á sumrin.



ÍSLENSKI HÓPURINN Ánægt fólk undir lok ferðar.

MYNDIR/ARI TRAUSTR

**20%
afsláttur**
LADY PURE COLOR

ALVEG MÖTT MÁLNING
EIN HEITASTA
VEGGMÁLNINGIN Í DAG!

Lady Pure Color 3 ltr **7.196 kr**
7122040-53 ~~8.995~~

Lady Supreme Finish 40
Nýtt lakk fyrir innréttingar, hurðir, glugga
og aðra fleti. 0.75 ltr. 40% glans
7118071-74 **4.495 kr**

Lady Supreme Finish 40
Hágæða lakkmalning

Fyrir innréttingar, hurðir
og glugga þar sem áferðin
þarf að vera óaðfínanleg



Húsmiðjublaðið
er komið út

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI



Eldhústæki
Emmevi, Eden
7900022
21.995 kr



Eldhústæki
Emmevi, Eden
7900023
16.915 kr



Handlaugartæki
Emmevi, Eden.
7900020
13.995 kr



Handlaugartæki
Emmevi, Winny.
7900012
8.785 kr




Handlaugartæki
Damixa, Clover
8000031
32.895 kr

Electrolux



Þvottavél EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga
orkunýting A++
1808864
69.900 kr

Electrolux



Þvottavél/þurrkari
EWW 1476HDW
1860170
162.990 kr

Electrolux




Blástursofn
EOB 3311AOX
Stál, 74 ltr, orkunýting A,
kjóthitamælir.
1830202
74.900 kr

Electrolux




Helluborð EHF 6342XOK
Keramik helluborð
Stærð 380x576x516 mm.
1850524
59.490 kr

nordlux®



Pure loftljós
Hönnun: Bönnelycke
6010858-60
9.399 kr



Harðparket eikarplanki
Eikarplanki, fasaður, mattur
Borðastærð 1.383 x 193 mm
8 mm þykkt, slitpolsflokkur 32
147050

2.289 kr/m²



Harðparket eikarplanki
Eikarplanki, fasaður, mattur
Borðastærð 1.383 x 192 mm
Slitpolsflokkur 32, 8 mm þykkt
147056

1.695 kr/m²
~~2.290 kr/m²~~

EINSTAKT
TILBOÐ



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

Frábært verð á saltkjöti



1999 kr. kg

Verð áður ~~2357~~ kr. kg
Goða valið saltkjöt



998 kr. kg

Verð áður ~~1347~~ kr. kg
Krónu blandað saltkjöt, 1 flokkur



Nýtt
Beinlausir saltkjötsbitar tilbúnir beint í súpu

2298 kr. kg

Goða saltkjötsbitar beinlausir



Saltminna saltkjöt

1198 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Goða saltminna blandað saltkjöt



16%
afsláttur

22%
afsláttur

1989 kr. kg

Verð áður ~~2324~~ kr. kg
ÍM kjúklingabringur

3999 kr. kg

Verð áður ~~5125~~ kr. kg
Ungnautalund frá Nýja Sjálandi

Konfekt og blóm
saman á frábæru verði

3499 kr. tvenna

Blómvöndur blandaður og Frey Finest Assorted Pralines, konfektkassi, 205 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um þerftíllu og/eda myndabreyngi

25%
afsláttur

Aðeins
35 kr. bollan

499 kr. pk.

Myllu bollur m/súkkulaði

599 kr. askjan

Verð áður ~~799~~ kr. askjan
Jarðarber í hjartalagaöskju, 300 g

12
í pk.

419 kr. pk.

Krónu vatnsdeigsbollur

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

LANGVARANDI ÓLGA Í ÚKRAÍNU



2004 Appelsínugula byltingin. Viktor Jústsjenkó og Júliá Tímosjenkó í fararbroddi lýðræðisinnna.



2013 Bylting Evrópusinna gegn Janúkóvitsj hefst í nóvember.

1990 1993 1996 1999 2002 2005 2008 2011 2014

1991 Úkraína verður sjálfstætt ríki, hafði tilheyrt Sovétríkjunum síðan 1919. Leoníd Kravtsjúk kosinn forseti.



1994 Leoníd Kútsjma kosinn forseti. Styrkti á ný tengslin við Rússland.



2005 Viktor Jústsjenkó tekur við forsetaembættinu. Tímosjenkó verður forsætisráðherra, en er sakfelld fyrir spillingu og misnotkun valda.



2010 Viktor Janúkóvitsj kosinn forseti. Sakaður um spillingu og þjónkun við Rússa.



2014 Krímskagi innlimaður í Rússland í mars. Borgarastyrjöld í austurhéruðunum hefst í apríl. Auðkýfingurinn Petró Porosjenkó kosinn forseti í júní.

Vonarglætan í Úkraínu

Pútín Rússlandsforseti virðist hafa náð fram flestum helstu kröfum sínum varðandi Úkraínu. Austurhéruðin fá aukna sjálfstjórn og ESB opnar á viðræður um helstu áhyggjuefni Pútíns. Í kvöld á að hefjast vopnahlé, sem gæti reynst brothætt.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Að nokkru leyti stendur Vladímír Pútín Rússlandsforseti uppi sem sigurvegari eftir friðarsamningana um Úkraínu, sem gerðir voru á nærri sextán klukkustunda löngum næturfundum í Minsk í Hvíta-Rússlandi nú í vikunni. Að minnsta kosti ef framvinda mála verður nokkurn veginn í samræmi við það sem samþykkt var á fundinum.

Hann virðist hafa náð fram flestum helstu kröfum sínum og sneri heim til Rússlands sem friðarhöfðingi hinn mesti.

Þannig fá uppreisnarmenn í austurhluta landsins, sem Rússar hafa stutt leynt og ljóst, vil yrði um stjórnarskrárbreytingar sem eiga að tryggja austurhéruðunum Donetsk og Luhansk aukna sjálfstjórn, þótt ekki sé skilgreint nánar hve langt eigi að ganga í þeim efnum.

Þetta hefur frá upphafi verið ein helsta krafa Vladímírs Pútín Rússlandsforseta fyrir hönd uppreisnarmannanna. Enn á þó eftir að útfæra þessar stjórnarskrárbreytingar, en að minnsta kosti hefur stjórnin í Kænugarði fengið til þess að ræða þennan möguleika í fullri alvöru.

Þá fær Pútín loforð um að eitt helsta áhyggjuefni hans í Úkraínu-deilunni verði rætt, en það er samstarfssamningur Úkraínustjórnar við Evrópusambandið, sami samningur og upphaflega varð til þess að ólga í Úkraínu hófst þegar Janúkóvitsj, þáverandi forseti, ákvað skyndilega að fresta því að undirrita þennan samning.

Það sem ætlast er til af Pútín

Á móti hefur Pútín reyndar þurft að gefa eftir kröfum um að stjórnin í Kænugarði fari frá völdum. Hann hefur frá upphafi litið á hana sem ólöglega byltingarstjórn öfgamanna sem rússneskumælandi íbúum austurhluta Úkraínu stafi beinlínis hætta af. Verði stjórnarskrárbreytingarnar uppreisnarmönnum þóknanlegar ætti það áhyggjuefni þó í sjálfu sér að vera úr sögunni.

Pútín hefur auk þess lofað að beita áhrifum sínum og sjá til þess að uppreisnarmennirnir haldi vopnahléð. Hann þarf svo einnig að sjá til þess að rússneskir



VÍGBÚNAÐUR Aðskilnaðarsinnar á skriðdreka í Luhansk-héraði í október síðastliðnum.

NORDICPHOTOS/AFP

hermenn og aðrir Rússar, sem farið hafa yfir landamærin til að berjast með uppreisnarmönnum, haldi aftur til síns heima.

Evrópusambandið hótar því svo að frekari refsiaðgerðir gegn Rússlandi verði að veruleika, takist ekki að koma þessu friðarsamkomulagi í framkvæmd. Á hinn bóginn hafa Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn heitið því að hjálpa Úkraínubúum við uppbyggingu efnahagslífsins eftir þetta langvarandi stríð í austurhlutanum.

Brothættur friður

Spurningin snýst svo um framhaldið, bæði hvort uppreisnarmenn sætta sig við að gefa eftir vopnavöld sín í austurhéruðunum og einnig hvort Úkraínustjórn sættir sig við að koma raunverulega til móts við uppreisnarmenn hvað varðar stjórnarskrárbreytingarnar.

Verði viðleitni beggja aðila bara til málamynda, eins og til þessa, má búast við því að allt fari fljótlega úr böndunum eina ferðina enn.

Og jafnvel þótt niðurstaðan verði ásættanleg fyrir báða, þá líður væntanlega langur tími þangað til menn jafna sig á tíu mánaða harðvítugri borgarastyrjöld sem hefur kostað meira en fimm þúsund manns lífið.

Klofin þjóð

Úkraína hefur í reynd verið klofin þjóð um langa hríð. Þótt úkraínska og rússneska séu náskyld tungumál, þá eiga rússneskumælandi íbúar austurhlutans stundum erfitt með að skilja úkraínskuna sem íbúar vesturhlutans tala.

Og þótt skólakerfið hafi áratugum saman séð til þess að íbúar vesturhlutans kunni nánast allir rússnesku mjög vel, þá vilja þeir almennt ekki gefa úkraínskuna upp á bátinn. Þvert á móti þá vilja þeir snúa við þeirri áratugalöngu valdastöðu tungumálanna, sem á rætur að rekja til Sovétríkjanna og tryggði rússneskunni jafnan ótvíræða yfirburði sem mikilvægara tungumál en úkraínska. Þessa viðleitni vesturhlutans upplifa íbúar austurhlutans hins vegar sem yfirgang og vilja ekkert endilega þurfa að leggja á sig að læra úkraínsku, hvað þá meira.

Rússum hefur því orðið tíðrætt um ofríki úkraínskra þjóðernisinnna gagnvart rússneskumælandi íbúum austurhlutans. Því til stuðnings hafa Rússar óspart bent á að stjórn málaflakkar með augljósar rætur í nýnasisma eigi nú aðild að stjórninni í Kænugarði. Sú stjórn hafi tekið völdin á síðasta ári eftir að hafa hrakið úr embætti lýðræðislega kjörinn forseta, sem fæddur er í austurhéruðunum.

FRÍÐARSAMKOMULAGIÐ



➔ Þrátt fyrir friðarsamkomulag hafa hörð átök haldið áfram í austanverðri Úkraínu, einkum í og umhverfis bæinn Debaltseve þar sem uppreisnarmenn segjast hafa umkringgt stjórnarherinn.



KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ

1.798

ÁÐUR 1.998 KR/KG

**VERÐ
SPRENGJA**

-30%

BLUE DIAMOND
MÖNDLUMJÓLK 946ML

275

ÁÐUR 393 KR/STK

CHIA FRÆ LÍFRÆN
907G

NÝTT 2.399

TOPPUR 2L
SÍTRÓNU

149

ÁÐUR 169 KR/STK

TOPPUR 2L
KOLSÝRÐUR

99

ÁÐUR 129 KR/STK

-30%

VÆNGIR/BR./LEGGIR
ÍSFUGL - FULLEIÐAÐ

943

ÁÐUR 1.347 KR/KG

SUÐUPOKAGRJÓN
TILDA BASMATI- 250G

199

ÁÐUR 229 KR/STK

PRINGLES SNAKK
3 TEG.

269

ÁÐUR 299 KR/PK

M&M 100G
CHOCOLATE TREAT BAG

149

ÁÐUR 249 KR/STK

-40%

Tilboðin gilda 14. feb. -15. feb. 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Ólafur Þór Jónsson
rekstrarstjóri
heildsölu-
sviðs
Senu



- ZOMBIES, RUN! 3**
Hér þarf maður að flyja undan uppvakningum og lenda í allskyns atvikum sem fá mann til að vilja hlaupa lengra.
- PLAYSTATION APPÍÐ**
Algjörlega nauðsynlegt fyrir þá sem eru að missa sig í PlayStation 4 tölvunni. Hér getur maður skoðað hverjir eru að spila og hvað þeir eru að spila.
- ARION BANKA APPÍÐ**
Ekki mest sexí appið í símanum mínum, en kemur að góðum notum. Nokkurs konar stafrænn gjaldkeri sem sinnir öllum mínum þörfum þegar kemur að fjármálum.
- DOMINO'S APPÍÐ**
Einfalt og gott app sem skilar pitsunni heilli heim. Svo í kjölfarið tek ég auðvitað þrjá kílómetra í Zombies, Run! 3 appinu...eða ekki.



- AMAZON KINDLE**
Eitt af markmiðum mínum fyrir þetta ár var að lesa meira af bókum og því kemur þetta forrit sterkt inn.
- FARM HEROES SAGA**
Ég sé fyrir mér húsdýr og ávexti þegar ég fer að sofa á kvöldin og í draumum mínum stend ég í ástarsambandi við bónda... undirstrikar hvað ég spila þennan leik alltof mikið.
- FACEBOOK APPÍÐ**
Ég stend mig stundum að því að renna þumalputtanum upp og niður skjáinn tímunum saman. Ætti frekar að stinga þumalputtanum upp í mig og fara fyrr að sofa.
- FANTASY FOOTBALL BUDDY**
Hér get ég gert allt sem þarf til að tryggja að liðið sé klárt fyrir næstu umferð. Mjög einfalt í notkun og þægilegt að geta stillt upp liði vikunnar.



LAND HINNA DAUÐU Þrátt fyrir að vera dánir sýna karakterar leiksins mikinn hómur og eru vel talsettir.

Misheppnuð upprisa Grim Fandango

GRIM FANDANGO REMASTERED ★★☆☆☆
PC ÆVINTÝRALEIKUR

Grim Fandango er vel skrifaður leikur og fyndinn. Persónurnar vel talsettar og eftirminnilegar. Leikurinn verður þó fljótt að hálfgerðri martröð þar sem spilarinn prófar sig áfram og áfram við lausn þrauta. Oft liggur ekki fyrir hver þrautin er og leitinn að þrautinni endar oft með snöggu gúggli.

Lucastarts gaf leikinn fyrst út 1998. Söguhetjan er Manny Calavera sem vinnur á eins konar ferðaskrifstofu sem selur látnum einstaklingum ferðir yfir í eilífðina. Manny kemst síðan að því að eitthvað misjafnt er í gangi í landi hinna dauðu og hefst þá ævintýrið.

Leikurinn hefur nú verið endurútféfinn fyrir PC, PS4 og PSVita. Grafíkin, hljóð og fleira endurbætt. En það þarf meira til. Framleiðendurnir nýttu sér ekki tækifærið til að bæta spílu og viðmót leiksins.

Húmorinn og persónurnar vega ekki upp á móti þeirri miklu tilraunastarfsemi sem leikmenn ganga í gegnum til að spila leikinn. Margir eru eflaust ósammála en Grim Fandango hefði átt að vera áfram í landi hinna dauðu.

- skó

Leikið um veldisstólinn

GAME OF THRONES ★★★★★
XBONE/PS4 SPENNA

Leikjaframleiðandinn Telltale hefur vakið verðskuldaða athygli á síðustu misserum. Framleiðandinn hefur lagt línurnar fyrir tiltölulega nýja tegund styttri leikja sem gefnir eru út með nokkurra vikna millibili.

Telltale ákvað að þróa nýja seríu byggða á söguheimi Game of Thrones. Eins og við var að búast er afraaksturinn nokkuð merkilegur. Telltale kann að matreiða spennandi leiki þar sem hasarinn felst í ákvörðunum og samtölum spilarans við sögupersónurnar. Þetta er skáldsaga, dulbúin sem tölvuleikur.

Í fyrstu tveimur köflunum í Game of Thrones leikjaröðinni er ættbálkur Forrestar, drottarna Ironwood, til umfjöllunar. Rétt eins og skáldsögurnar og sjónvarpsþættirnir eru leikirnir með eindæmum blóðugir, en jafnframt vel skrifaðir og áhugaverðir. Grafíkin er ekki upp á marga fiska en það skiptir ekki máli, sagan sjálf er stjórn. Game of Thrones eftir Telltale er eitthvað sem allir aðdáendur GOT ættu að spila.

- khn



ÚTVARPS-SJÓNNAUKAR
Athaganir Keplers gefa vísindamönnum færi á hnitmiðuðum rannsóknum með útvarpssjónaukum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Von um framandi líf

Með stórkostlegum framförum í vísindum er nú í fyrsta skipti raunhæfur möguleiki á að svara einni af höfuðspurningum mannkynssögunnar: Erum við virkilega ein í alheiminum?

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Engi vel var ég sannfærður um að silfrudu ljósdílarnir á næturhimninum væru fjarlægjar jarðir. Ekki sólstjörnur eins og ég veit nú, heldur nákvæmar eftirmyndir af heimili okkar. Móðir mín leiðrétti ekki þennan misskilning þegar ég spurði hana hvort það væri fólk á þessum jörðum. Við vorum á Helligshéiði, á austurleið eftir vikulega heimsókn á Landspítalann (ég heimaði ávallt að fara með). Svarið man ég ekki orðrétt. Eitthvað í þá veru að heimurinn væri mjög stór og að fólk væri líklega hvergi til nema á Jörðinni. Hún sagðist þó vona að svo væri. Þetta var árið 1995. Skipuleg leit að framandi lífi í alheiminum hafði þá staðið í 36 ár og stendur enn.

Líkindi og bjartsýni takast á

Í dag jaðrar það við guðlast þegar fullyrt er að maðurinn sé einn í alheiminum. Geimsjónaukinn Kepler hefur á síðustu árum fundið 1.800 fjarreikistjörnur. Ein af hverjum fimm stjörnum hefur að geyma reikistjörnu þar sem aðstæður eru taldar vera lífvænlegar og áætlað er að heildarfjöldi þeirra í Vetrarbrautinni sé ellefu milljarðar.

Hugmynd eðlisfræðinga árið 1960 var einnig merkileg. Að hlusta eftir öflugum orkuskotum á mjórri bandvídd vetnisgass (1.420 MHz) sem aðeins tæknivæð samfélög þekkja. Við vinnum að þessu markmiði enn í dag en þögnin ein hefur mætt okkur. Við viðurkennum fúslega að lög-

mál efna- og eðlisfræðinnar eru hin sömu víðast hvar í víðáttu alheimsins. Grundvallarsameindir lífnafræðinnar hér á Jörðinni eru síðan tiltölulega algengar í gasskjújum milli stjarnanna. Því miður höfum við ekki enn útskýringu á því hvernig líf verður til. Darwin sjálfur sagði að þessari spurningu yrði aldrei svarað. Þannig getum við ekki útilokað að líf á Jörðinni sé heppnis- skot, summa stórkostlegra tilviljana.

Æviskeið stjarna á borð við Sólinu er síðan tiltölulega stutt í þróunarlegu samhengi. Það er nánast útilokað að við kynnumst verum sem eru á sambærilegu þróunarstigi og við. Framandleiki veranna verður algjör. Álíka framandi og daglegt líf mannsins er fyrir bakteríu.

„Halló?“

Vísindaskáldskapurinn boðar hrun stofnana þegar fyrstu kynni við geimverur eiga sér stað. Stríð og óeirðir. En er það svo? Þegar Darwin kynnti þróunarkenninguna voru viðbrögðin ekki upplausn, þvert á móti. Sama á við um sólmiðjukenningu Kópernikusar. Jafnframt sýna rannsóknir að fylgjendur helstu trúarbragða telja það hafa lítil áhrif á afstöðu sína ef litlir grænir menn birtast í túngarðinum (slík uppkoma eflir líklega trúfestu, ef eitthvað er).

Sá sem kemur til með að tala fyrir hönd mannkyns er síðan Paul nokkur Davies, eðlisfræðingur og formaður aðgerðahóps SETI eftir að samskiptum hefur verið náð. Hópurinn hefur sett fram samskiptareglur ef geimverur hafa samband. Reglurnar hafa víðtæka skírskotun og hafa verið samþykktar af helstu vísindasamtök-

um. Lagalega hafa þessar reglur þó ekkert vægi.


Hópurinn er skipaður vísindamönnum með fjölbreyttan bakgrunn. Þetta hljómar eins og vísindaskáldskapur en að vissu leyti getum við þakkað Verne, Asimov og Clarke og fleiri góðum fyrir skrif sín. Ímyndunaraflið hefur oft fleytt okkur að nýjum landamærum og kallað á umræðu um ólíklegustu mál.

Hver hefur svörin?

„Það geta verið tölfraðileg líkindi að líf hafi þróast í alheiminum en það er allt önnur spurning hvort við munum finna það,“ segir Huginn Freyr Þorsteinsson vísindaheimspekingur. „Það er þetta sem líklega vekur þessa hræðslu mannsins, að vera einn. Þá geta menn gripið til geimvera eða trúarbragða.“ Huginn bendir á hversu agnarsmáar líkur eru á að komast í tæri við geimverur sem hægt er að eiga raunveruleg samskipti við. Jafnframt sé þessi þráhyggja okkar svipuð því sem viðgekkst fyrr á tímum þegar hugmyndir um drauga voru algengar. „Kannski finnst okkur skrýtið að hugsa til þess að við séum ein í alheiminum.“

„Áhugi okkar á þessum verum snýst kannski að einhverju leyti um von,“ segir Huginn. „Að mannkynið sé ekki einsamt, að það sé von um að finna eitthvað annað. Mögulega er þetta meiri von en vísindi.“

Þegar allt kemur til alls verða kynni okkar af hábróðum geimverum fundur með eigin framtíð. Vonandi miðla verunnar reynslu sinni og útskýra hvernig þeim tókst að ná svo langt. Þessi fundur mun þó aldrei uppfylla vonir okkar um endanleg svör: Hver er tilgangur okkar? Hvað er meðvitund? Af hverju deyjum við?



→ Í 72 sekúndur, í ágúst árið 1977, rýndi bandaríski stjörnufræðingurinn Jerry R. Ehman í rannsóknargögn Big Ear-útvarpssjónaukans. Sjónaukinn hafði þá greint gríðarlega öflugt orkuskot. Hann merkti talnarununa og ritaði „Wow!“ Til að senda „Wow!-merkið“ hefði þurft 2,2 gígavatta senditæki (tækni sem þekkist ekki á Jörðinni).



**Mögu-
lega er þetta
meiri von en
vísindi.**

Huginn Freyr
Þorsteinsson

RÁÐSTEFNUR

&FUNDIR

Kynningarblað Lean Iceland, Nauthóll, ION Luxury
Adventure hótél og leiðtogafundurinn í Höfða.

Vinsæl ráðstefna haldin í fjórða sinn

Á ráðstefnuviku Lean Ísland 2015 er áherslan á rekstur fyrirtækja og stofnana. Þótt megináherslan sé lögð á straumlínustjórnun er ráðstefnan í raun ætluð öllum þeim sem vilja skilja hvernig hægt sé að bæta stjórnun og rekstur. Fjöldi áhugaverðra námskeiða er í boði.

Ráðstefnuvikan Lean Ísland 2015 hefst 11. mars og stendur yfir í fjóra daga. Í ár verður áherslan á umbætur í rekstri fyrirtækja og stofnana en þetta er í fjórða sinn sem ráðstefnuvikan er haldin. Lean Ísland dregur nafn sitt af Lean thinking sem á uppruna sinn í aðferðafræði sem Toyota hefur beitt við árangursríka stjórnun bílaframleiðslu sinnar. Lean, sem stundum er nefnt straumlínustjórnun eða stöðugar umbætur, snýst í grófum dráttum um að finna til hvaða aðgerða hægt er að grípa sem skapi mestan ávinning fyrir fyrirtækið og um leið að greina hverju viðskiptavinurinn er raunverulega að óska eftir. Enn fremur snýst Lean um að skoða ferlana og sjá hvar sóun liggur og reyna um leið að minnka hana eða útrýma henni. Aðferðafræðin er á þann hátt nýtt til að byggja upp umbótamenningu á öllum sviðum fyrirtækisins. Mörg íslensk fyrirtæki hafa nú þegar innleitt straumlínustjórnun í rekstri sínum.

Lean Ísland 2015 samanstendur af eins dags ráðstefnu og námskeiðum í þrjú daga og segja skipuleggjendurnir, þær Lísu Jóhanna Ævarsdóttir, verkefnastjóri hjá Ferðabjónustu bænda og framkvæmdastjóri Lean Íslands, og Viktoría Jensdóttir, deildarstjóri virðisþróunar Skipta og stjórnarmaður Lean Íslands, að ráðstefnan sé ætluð breiðum hópi, frá forstjórum og framkvæmdastjórum til ýmiss konar sérfræðinga. „Þótt áherslan sé á straumlínustjórnun þá er ráðstefnan í raun ætluð öllum þeim sem vilja skilja hvernig hægt sé að bæta stjórnun og rekstur fyrirtækja. Þannig hentar hún stjórnendum og sérfræðingum úr ólíkum atvinnugreinum sem vilja innleiða bættu stjórnun en vantar réttu umbótatólin til þess,“ segir Lísu.



Ráðstefnan er ætluð öllum þeim sem vilja skilja hvernig hægt sé að bæta stjórnun og rekstur fyrirtækja, segja þær Lísu Jóhanna Ævarsdóttir (t.v.) og Viktoría Jensdóttir. MYND/GVA



Ráðstefnan hefur vaxið ár frá ári og ríkir mikil ánægja með hana hjá stjórnendum fyrirtækja. MYND/ÚR EINKASAFNI

Fjölbreytt námskeið

Stóri ráðstefnudagurinn er 12. mars á Hilton Reykjavík Nordica þar sem fjöldi áhugaverðra fyrirlesara úr ólíkum atvinnugreinum heldur erindi. „Við munum bjóða upp á erlenda fyrirlesara sem koma úr ólíkum greinum, einn kemur frá fjarskiptafyrirtæki, annar úr banka og enn annar frá stóru alþjóðlegu framleiðslufyrirtæki. Straumlínustjórnun nýtist nefnilega vel í öllum atvinnugreinum og bakgrunnur fyrirlesara okkar endurspeglar vel þá staðreynd,“ bætir Viktoría við.

Mikil áhersla er lögð á að hafa ráðstefnuna hagnýta þannig að ráðstefnugestir geti strax nýtt það sem þeir læra af þátttöku sinni í henni.

Dagana fyrir og eftir ráðstefnuna verða haldin nokkur námskeið þar sem kafað verður enn dýpra í straumlínustjórnun. „Dagana 10.-11. mars og 13. mars munu nokkrir erlendir sérfræðingar kafa dýpra í fræðin á nokkrum námskeiðum. Þar ber meðal annars að nefna námskeið um hvernig bæta megi eigin afköst með breyttu hugarfari og á einfaldan hátt. Þá er ánægjulegt að fá tvo reynslubolta frá Goodyear-dekkjaframleiðandanum og Royal Bank of Scotland sem kenna munu straumlínulagða vörubrúun annars vegar og hins vegar innleiðingu á straumlínustjórnun í þjónustu og skrifstofuhverfi.“

Að sögn Lísu og Viktoríu eru námskeiðin ætluð ólíkum hópum, byrjendum sem lengra komnum. Því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Öll námskeiðin fara fram á ensku og verða haldin á Hilton Reykjavík Nordica, rétt eins og stóri ráðstefnudagurinn.

Samstarfsaðilar ráðstefnuviku Lean Ísland eru m.a. Össur, Icelandair, Azazo, Íslandsbanki, Capacent og Orka náttúrunnar.

Allar nánari upplýsingar um Lean Ísland 2015 má finna á www.leanisland.is.

LEAN ÍSLAND 2015 • DAGSKRÁ

8.30–9.00	Morgunmatur og skráning	
9.00–9.10	Setning ráðstefnu	
9.10–10.10	Everybody Everyday – Engaging Your Entire Workforce Bruce Hamilton	
	SALUR A	SALUR B
10.30–11.20	Lean Transformations are they reaching their potential? Ken Andrew	Building the Foundation for Business Transformation Anette Falk Bøgebjerg
11.25–12.15	Lean and CSI (Continual Service Improvement) – Mission Impossible or Opportunity Pirkko Lankinen	Successful Innovation Based on Lean Product Development Norbert Majerus
12.15–13.00	Hádegismatur	
13.00–13.50	Gemba Walks: How to get more value from workplace visits Patricia Wardwell	Er eitthvað í DNA íslenskra vinnumenningar sem styrkir lean innleiðingu? Hjálmar S. Elíesersson
13.55–14.45	How standards create freedom Jasper Boers	Lean Without Stress Kasper Edwards
14.45–15.05	Kaffi og spjall	
15.05–16.00	Building the Fit Organization Dan Markovitz	
16.00–17.00	Umraðuhópar	
17.00–18.00	Kokteill og spjall	

Matur, fundir og gleðistundir

Í veislusal Nauthóls í Nauthólsvík er hægt að halda fundi og ráðstefnur fyrir 30 til 130 manns. Veitingahúsið, sem er Svansvottað, er frábærlega staðsett enda miðsvæðis en samt umkringt fagurri náttúru og sjávarsýn.

Bestir okkar hafa haft orð á því að þeim finnst gott að komast úr amstri miðbæjarins og hingað til okkar. Við Íslendingar virðumst sækja kraft í náttúruna og hún er svo sannarlega í okkar umhverfi hér í Nauthólsvík,“ segir Dagbjört Fjóra Hafsteinsdóttir, veitingastjóri Nauthóls.



Dagbjört Fjóra Hafsteinsdóttir

Ýmsir möguleikar

Veislusalur Nauthóls er vel tækjum búinn og því tilvalinn fyrir hvers kyns ráðstefnur og fundi, bæði stóra og smáa. „Í salnum er hágæða hljóðkerfi, skjávarpi, flettitafla og púlt, auk þess sem við útvegum skrifblokkir og penna fyrir fundargesti,“ lýsir Dagbjört.

Veislusalur Nauthóls rúmar frá 30 upp í 130 manna fundi allt eftir uppröðun. „Algengasta gestatalan á fundum hjá okkur er 30-80 manns,“ segir Dagbjört.

- Bíouppröðun: 130 manns
- Setið við hringborð: 110 manns
- Setið við hringborð þannig að gestir sjái á skjávarpa: 80 manns
- U-uppröðun: 30 manns

Gleði í lok fundarlotu

Dagbjört segir afar vinsælt að halda vinnudaga í Nauthól með blöndu af fundahaldi, mat og gleði.

„Dagurinn hefst með fundahöldum, síðan er borðaður góður

hádegismaður áður en haldið er áfram að funda. Í lok dags er haldin samheldnistund á barnum með frískandi kokteilum eða viðlíka,“ lýsir Dagbjört. Hún bendir á að gestum líði afar vel á Nauthól enda eru margir viðskiptavinir sem halda reglulega fundi í veislusalnum.

Svansvottað veitingahús

Í rekstri Nauthóls er borin sérstök virðing fyrir umhverfinu og náttúrunni. Í nóvember 2012 hlaut Nauthóll Svansvottun frá umhverfisráðuneytinu og varð þannig fyrsta veitingahúsið á Íslandi til að hljóta þá vottun.

„Það að öðlast vottun Svansins krefst margra mjög misflókinnu skilyrða,“ segir Dagbjört

Á Nauthól er því mikið framboð af lífrænt ræktuðum mat, bjór og víni og hráefni úr nánasta umhverfi.

Nánari upplýsingar má finna á www.nautholl.is og á Facebook.



Boðið er upp á ýms konar uppröðun í veislusal Nauthóls. Til dæmis er hægt að sitja við hringborð eða raða borðum í hálfhring.



Nauthóll getur séð um veitingar fyrir fundi.



Þessi bíouppröðun rúmar 130 manns.

Sendiherrar í sjálfböðastarfi

Tekjur af þeim ferðamönnum sem koma hingað til lands á ráðstefnur eru um tvöfalt hærri á hverja gistinótt en af hinum almenna ferðamanni. Á vegum Meet in Reykjavík starfa um hundrað manns í sjálfböðastarfi við það að fá fleiri ráðstefnur hingað til lands.

Þeim alþjóðlegu ráðstefnum sem haldnar eru hér á landi fjölga með hverju ári. Mikið starf hefur verið unnið á alþjóðlegum samkeppnismarkaði við að markaðssetja Ísland sem áfangastað fyrir erlendar ráðstefnur, hvataferðir, fundi og viðburði. Þessi markaðshluti ferðaþjónustunnar gengur undir nafninu MICE-markaður (e. meetings, incentives, conferences, events/exhibitions) og voru heildartekjur af MICE-gestum um 25 milljarðar íslenskra króna árið 2013. „Það eru miklir hagsmunir í húfi við að byggja upp orðspor og eftirspurn fyrir þennan markað,“ segir Brynja Laxdal, markaðsstjóri hjá Meet in Reykjavík, sem sérhæfir sig í markaðssetningu innan þessa markaðar. „Bæði eru þessir ferðamenn arðbærir og jafna árstíðasveiflur og þá hafa erlendar rannsóknir sýnt að þessi markaður hvetji til tæknilegrar frampróunar, eflir viðskiptatækifæri og stuðli að uppbyggingu sér-tækra þjónustustaðla.“

Persónuleg tengsl mikilvæg

Í samvinnu við Meet in Reykjavík starfa svokallaðir „sendiherrar Meet in Reykjavík“ (ambassadorar). „Þetta eru allt einstaklingar sem eru með sterkt erlent tengslanet og eru í þeirri aðstöðu að geta fengið alþjóðlegar ráðstefnur hingað til lands. Þetta er fólk innan akademíunnar,

í viðskiptalífínu og víðar sem sækir oft fagræðstefnur til annarra landa og getur haft áhrif á að ráðstefnan sem þeir sækja verði næst haldin á Íslandi. Þetta fólk fær hjá okkur markaðsferni og stuðning og við aðstoðum það við gerð tilboðsbóka og fleira. Þeirra framlag er ekki launað af Meet in Reykjavík en umbun fyrir óeigin-gjarnt starf þeirra felst í tengslaviðburðum. Orðspor og bein persónuleg tengsl skipta mjög miklu máli í þessum heimi og því mikilvægt fyrir okkur að fá þessa einstaklinga til samstarfs við okkur,“ segir Brynja.

Ráðstefnugestir verðmætir

Samkvæmt tölum frá Meet in Reykjavík komu um fjörutíu þúsund ráðstefnugestir hingað til lands árið 2013 á 121 alþjóðlegu ráðstefnu. Fjöldi ráðstefna milli árána 2013 og 2012 jókst um sjö prósent og um fimmtán prósent milli 2011 og 2013. Fjöldi ráðstefnugesta jókst hins vegar um 25 prósent á milli 2013 og 2012 sem þýðir að hingað eru að koma fleiri gestir á hverja ráðstefnu. „Tekjur af MICE-gestum eru um tvöfalt hærri á hverja gistinótt en af hinum almenna ferðamanni. Þeir dvelja að meðaltali í sex daga og eyða um 66.500 krónum á dag. Hinn almenni ferðamaður dvelur um 7,2 daga að meðaltali en eyðir 34.500 krónum á dag. Þetta skýrist meðal annars af því að ráðstefnugesturinn

greiðir hér ráðstefnugjald, kaupir yfirleitt dýrari gistingu, gerir vel við sig í mat og drykk og kaupir gjarnan skoðunarferðir. Þar sem ferðin er oft borguð eða styrkt af vinnuveitanda eyðir gesturinn oft meira í verslunum. Reyndin sýnir að Ísland laðar gjarnan að fleiri gesti á alþjóðlegar ráðstefnur en aðrir áfangastaðir þar sem áfangastaðurinn þykir spennandi og gestir bæta gjarnan við einhverjum dögum til ferðalaga í kringum ráðstefnuna.

Brynja segir þetta skipta miklu máli í umræðunni sem hefur beinst að því að auka ætti hér hlut eyðslusamari ferðamanna. „Þessar ábendingar eru ekki að ástæðulausu. Skatttekjur á hvern ferðamann á tíu ára tímabili hafa fallið um 46 prósent á meðan ferðamönnum hefur fjölgað um 142% á tímabilinu. Við þurfum því að horfa á verðmæti hvers ferðamanns en ekki bara á fjöldann.“

Áhættufælnir ráðstefnuskipuleggjendur

Ísland hefur upp á margt að bjóða sem áfangastaður ráðstefnugesta að sögn Brynju. „Hér má finna einstaka náttúru, menningu og mannlíf. Sveitarómantik sem fólk hrifst af og svo er líka þessi einstæða orka sem fólk finnur fyrir þegar það kemur til Íslands. Okkar markaðssetning snýr meðal annars að því að



Brynja Laxdal, markaðsstjóri Meet in Reykjavík, segir mikilvægt að mótuð sé heildræn langtímastefna í ferðaþjónustu.

við förum á sýningar, heimsækjum fyrirtæki erlendis, auglýsum á vefnum, í fagtímaritum og svo framvegis. Við tölum við fólk og búum til áhugakrækjur og útskýrum að Ísland er mjög nútímalegt þjóðfélag. Ráðstefnuskipuleggjendur eru frekar áhættufælnir hópur og þurfa að vera vissir um að innviðir og skipulag falli að faglegum kröfum þeirra. Helsta áskorunin sem við mætum við markaðssetningu landsins er sú að það eru margir sem búa yfir ranghugmyndum um landið, þeir sjá landið sem náttúruáfangastað en jafnvel svolítið frumstætt. Margir

átta sig til dæmis ekki á hvað flugsamgöngur til og frá landinu eru góðar, innviðir nútímalegir, hér sé vel menntað fólk og blómstrandi menningarlíf svo ekki sé minnst á hversu náttúrulega umverfisvæn við erum. Það er alveg einstakt aðdráttarafi við Ísland í dag en það má ekki gleyma að það hefur átt sér stað mikið markaðsstarf á mörgum sviðum. Við þurfum að passa að við töpum ekki þessu einstaka um leið og við bætum þjónustustigið. Þá skiptir mestu máli að mótuð sé heildræn langtímastefna sem einhugur ríkir um að framfylgja.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÞJÓÐRÁÐ

Söngvakeppni Sjónvarpsins er í kvöld og eflaust margir sem ætla að skella í svokallaða eðlu sem er snakkdýfa úr rjómaosti, salsasósu og osti. Ef einhvern skyldi langa til að hafa hana aðeins hollari er ráð að skipta út rjómaosti fyrir kotasælu.

ÞÚ VELUR
NÁTTÚRULEGA

DGI
ORGANICS
SHAMPOO

ÁN PARABENA OG SLS

Dreifing www.isflex.is

„Finn mikinn mun
á hand- og fótuklaða“

Kristbjörg Jónsdóttir

Einstakt
VERÐ!

Beetroot 700mg

Equivalent to 3500mg of dried Beetroot

90 DAGA
SKAMMTUR

www.gengurvel.is

Útsöluastaðir: flest apótek,
heilsubúðir og heilsuhillur verslana.



KVIÐI Allur aldur hefur sinn sjarma, segir Helga. Hún hefur ekki orðið vitni að æskudýrkun í tónlistinni.

MYND/ERNIR

NÚ ENNÞÁ ÖFLUGRA
D-VÍTAMÍN

▪ Spreyjað undir tungu

▪ Gott bragð

▪ Vörn gegn kvefi og flensu

1 sprej á dag, 3ja mánaða skammtur

NÝTT

www.gengurvel.is

Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

HEIMSFRAEGÐ SEM ALDREI GLEYMIST

ÆVINTÝRI Handskjálfti Helgu Möller truflaði ekki frábæran flutning á laginu *Heyr mína bæn í undankeppni Eurovision-keppninnar en óneitanlega vakti hann athygli. Helga afgreiddi spurningar sem vögnuðu á Facebook daginn eftir og sagðist ekki vera alvarlega veik. Þvert á móti er Helga frísk og fjörug og hefur nóg að gera.*

Helga segir að enginn hafi spurt hana sjálfa út í skjálftann sem var áberandi í útsendingunni. „Nei, það þorði enginn að spyrja mig. Hins vegar voru allir í kringum mig spurðir hvort ég væri alvarlega veik,“ segir hún. „Þegar ég heyrði það fannst mér ástæða til að setja þetta á Facebook til að koma í veg fyrir að einhver veikindasaga færi í gang sem enginn fótur væri fyrir. Ég er búin að vera með þennan skjálfta frá því ég var um þrítugt. Þetta háir mér ekki en er þirrandi og hvímeitt. Skjálftinn er fjölskyldusjúkdómur sem leggst bæði á konur og karla. Hann er eingöngu í hægri hendi

og eflaust hefur einhver tekið eftir því að ég skipti yfir í vinstri hönd í laginu. Þetta kemur helst fyrir þegar ég verð spenn. Ég var ekki stressuð en það var spenn í loftinu og mér fannst þetta ógurlega skemmtileg upptákoma. Við vorum búnar að leggja mikla vinnu í æfingar og eflaust var það álagið í kringum þetta sem jók skjálftann,“ segir Helga og bætir við að ef þær hefðu flutt lagið aftur hefði skjálftinn lagast. „Oft hefur það gerst þegar ég kem fram á sérstökum tónleikum að ég er svolítið slæm í fyrsta laginu en síðan minnkar adrenalínið og allt verður eðlilegt.“

Eflum ónæmiskerfið og forðumst kvef og flensu



Immune Support+ kvef- og flensubarinn frá **Natures Aid** inniheldur öfluga blöndu af vítamínum, jurtum og steinefnum sem **styrkja ónæmiskerfið**. Þar á meðal er Beta-glúkan sem talið er öfluga en margt annað þegar kemur að því að **verja okkur gegn sýkingum**. Einnig Yllir (Elderberry) sem er góður fyrir öndunarfærin. **Immune Support+** er verðlaunuð náttúruleg bætiefnablanda sem hjálpar þér að verjast kvefi og flensu og vinnur á þeim.

Hrönn Hjálmarsdóttir
Heilsu- og næringarmarkþjálfari



Söluastaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

Helga starfar sem flugfreyja hjá Icelandair og segist aldrei finna fyrir skjálfta í háloftunum. „Ekki nema þessum venjulega þegar vélin lendir í ókyrrð,“ segir hún og hlær. Vegna þess hversu lítið þetta háir henni hefur hún ekki leitað til læknis. „Eflaust er hægt að gefa einhver lyf til að halda þessu í skefjun en ég þarf ekkert á þeim að halda. Í minni fjölskyldu hlæjum við bara að þessu og köllum okkur skjálftavaktina.“

LÖG EFTIR FORMÚLU

Helga flaug til Evrópu í morgun en hún verður komin heim síðdegis og ætlar að horfa á úrslitakeppnina í kvöld. „Ég horfi alltaf á undankeppnina. Þetta er frábært skemmtiefni og gaman að fylgjast með nýjum andlitum koma fram á sjónarsviðið. Það eru tvö lög sem ég tel að komist áfram en hef þó ekki myndað mér skoðun á því hvort þeirra vinnur. Vil heldur ekki gefa upp hvaða lög það eru sem standa upp úr. Ég hafði þó rétt fyrir mér varðandi þau lög sem héldu áfram í keppninni bæði kvöldin. Mér finnst allir þátttakendur koma sínu vel til skila en lögin misjafnlega grípandi. Ungt fólk í dag er ófeimið og opið. Það hefur líka gott tækifæri til að koma sér á framfæri, til dæmis á YouTube. En það er mikil samkeppni meðal tónlistarfólks og fáir útvaldir.“

GRÍPANDI MELÓDÍA

Þegar Helga er spurð hvort keppnin hafi breyst í árunna rás, játar hún því. „Mér finnst



SÖNGURINN

„Söngurinn er hluti af mér og mér finnst alltaf gaman að syngja. Ég hef ekki mikið velt fyrir mér kynslóðabili eða æskudýrkun. Þar fyrir utan eigum við mikið af hæfileikaríku ungu tónlistarfólki og ég fagna því.“

HÆFILEIKAFÓLK Helga segir að margt ungt fólk sé afar hæfileikaríkt og gaman sé að fylgjast með því koma fram á sjónarsviðið. MYND/ERNIR

lagahöfundar reyna of mikið að semja lög eftir ákveðinni formúlu. Íslendingar vilja hlusta á íslenska tónlist en þeir vilja líka vinna Eurovision. Íslensk tónlistarhefð er einstök en því miður taka okkar bestu lagahöfundar ekki þátt í þessari keppni. Þótt Heyr mína bæn sé ítalskt Eurovision-lag er það um leið mjög íslensk melódía. Þess vegna hafa margir haldið að þetta sé

íslenskt lag. Það er einfalt, fallett og grípandi.“

Eurovision-dívurnar fimm sem fluttu Heyr mína bæn voru fyrir utan Helgu, Ingibjörg Stefánsdóttir, Birgitta Haukdal, Sigrún Eva Ármannsdóttir og Sigríður Beinteinsdóttir. Lagið heitir á frummálinu Non ho l'età, flutt af Gigliola Cinquetti en það var sigurlag í Eurovision 1964. Ólafur Gaukur gerði íslenskan texta við

lagið sem Ellý Vilhjálms flutti ári síðar.

AFTUR Í EUROVISION?

Dívurnar fengu mjög góð viðbrögð við flutningnum og þegar Helga er spurð hvort þær skelli sér ekki bara næst í Eurovision, getur hún ekki varist hlátri. „Jú, hvernig væri það? Finnur gott lag og skellum okkur í keppnina. Það myndi nú vekja athygli ef fimm „stútungskerlingar“ birtust á sviðinu þótt ég vilji nú ekki kalla Birgittu og Ingibjörgu því nafni. En þær eru vissulega hoknar af reynslu. Það hefur reyndar ekki hvarflað að mér að taka þátt í þessari keppni aftur en maður skyldi aldrei segja aldrei.“

Þegar blaðamaður hermir það upp á Helgu að nú sé hún búin að viðurkenna að hún myndi ekki skorast undan þátttöku, skellir hún upp úr. „Ja, ég myndi aldrei taka þátt ein en ef upp kæmi eitt-hvað svona skemmtilegt, þá er aldrei að vita.“

ÓGLEYSANLEGT ICY

Helga hefur nokkrum sinnum tekið þátt í undankeppninni en aðeins einu sinni farið alla leið. Það var í fyrsta skipti sem Íslendingar voru með í Eurovision og sendu Icy-flokkinn til Noregs með Gleðibankann. „Það var ógleymanlegt ævintýri sem mun aldrei gleymast,“ segir hún. „Maður fékk að upplifa heimsfrægð í heila viku. Það var mikið keppnisskap í Íslendingum og við ætluðum að vinna. Það kom því þjóðinni í opna skjöldu þegar við höfnuðum í sextánda sæti. Enn í dag sættist þjóðin á úrslit ef við lendum ofar en í sextánda sætinu. Samt eru 29 ár frá því að Gleðibankinn var fluttur. Það var mikið lagt í undirbúning, meðal annars útbúið myndband samkvæmt nýjustu tækni þess tíma sem hefur elst ágætlega. Búningarnir eru í eigu RÚV og að mínu áliti ættu þeir að fara á Poppminjasafnið í Reykjanesbæ. Ég sendi útvarpsstjóra hér með áskorun um það,“ segir Helga.

ÉG OG ÞÚ

Það er alltaf nóg að gera hjá Helgu. Fyrir jólin söng hún á sjö jólatónleikum. Í næsta mánuði kemur hún fram á afmælistónleikum Gunnars Þórðarsonar ásamt Jóhanni Helgasyni. Þau mynda dúettinn Þú og ég sem hefur haft nóg að gera við alls

kyns tækifæri, árshátíðir, þorra-blót, stórafmæli, brúðkaup og fleira. „Það var Gunnar sem bjó til þennan dúett á sínum tíma. Það var líka hann sem kom mér á kortið, ef svo má segja, hann tók mig í prufu þegar hann var að leita að söngkonu fyrir Þú og ég. Þá var ég að syngja með hljómsveitinni Celsius,“ rifjar Helga upp. „Það kemur okkur alltaf jafn mikið á óvart hvað yngra fólk þekkir lögin okkar,“ bætir hún við.

Helga hefur verið í tónlistarbransanum í 43 ár þótt hún sé ekki nema 57 ára. Hún viðurkennir að það sé mikil vinna fyrir eldri poppara að halda sér á markaðnum svona lengi. „Fólk vill sem betur fer enn hlusta á mig,“ segir hún. „Söngurinn er hluti af mér og mér finnst alltaf gaman að syngja. Ég hef ekki mikið velt fyrir mér kynslóðabili eða æskudýrkun. Það fyrir utan eigum við mikið af hæfileikaríku ungu tónlistarfólki og ég fagna því.“

KÆRASTI Í FJARBÚÐ

Helga á eitt barnabarn sem er 9 ára og það fær oft að fara með ömmu sinni í golf en það er hennar helsta áhugamál. Kærasti hennar til fjórtán ára, Sigurður Hafsteinsson, er golfkennari og fararstjóri í golfferðum og þau spila oft á Spáni. „Við erum ekki gift, né í sambúð, svo ég kalla hann bara kærastann minn,“ segir Helga. „Stundum er þetta þægilegt fyrirkomulag en á öðrum tímum sakna ég hans ógurlega.“

En kvíðir þú því að eldast?

„Nei, mér hefur alltaf þótt allur aldur hafa sinn sjarma. Það er mikilvægt að sættast við aldur sinn og lífa lífinu lífandi. Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af þjónustu við aldrada. Umræðan undanfarið um að aldraðir séu settir á lyf vegna mannekle þekki ég vel frá því faðir minn var á hjúkrunarheimili. Sú reynsla er ömurleg og efni í annað viðtal. Mín upplifun var að hann væri í geymslu til að deyja. Þess vegna tókum við hann heim þar sem hann lést. Ég vona að fólk berji í borðið til að koma í veg fyrir að svona sé komið fram við foreldra okkar,“ segir Helga sem verður heitt í hamsi þegar þessi mál ber á góma. En hún hlakkar til helgarinnar, enda margt skemmtilegt að gerast í lífi hennar þessa dagana.

FERMING

2015

Ný sending

Ótrúlegt úrval

Kjólar verð frá kr 9.900

COSMO

Kringlunni



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

HELGARTILBOÐ

20%

af Hamefa-skápum

Margar stærðir

Svartir / Beinhvítir



habitat



TEKK

COMPANY

MISSTI AF MARAÞONHLAUPI

KLÚÐUR Axel Einar Guðnason varð fyrir því óláni að missa af rástíma í Walt Disney World-maraþoninu í Orlando í byrjun árs. Hann hafði æft fyrir hlaupið síðan í september og ekki misst úr eina æfingu. Hann sleikti sárin í nærliggjandi verslunarmiðstöð með Starbucks í annarri og svínaríf í hinni. Hann heldur ótrauður áfram að hlaupa og segir ekki útilokað að hann reyni aftur að ári.

Axel Einar Guðnason, rekstrarstjóri Hjallastefnunnar, byrjaði að hlaupa fyrir þremur árum og var fljótur að koma sér í maraþonform. Hann fór í fyrsta maraþonið í apríl í fyrra og var eini Íslendingurinn sem var skráður í Walt Disney World-maraþonið í Orlando í byrjun janúar. Hann missti hins vegar af rástímanum og ekkert varð af hlaupinu. Axel segir ferðina hafa einkenst af klúðri, eftir marga streitudaga.

„Við hjónin vorum á leið á ráðstefnu í Flórída helgina eftir. Þegar það lá fyrir fór ég að athuga með hlaup á svæðinu og langaði að nýta ferðina. Það var annað hvort Disney-maraþonið í Orlando eða Mississippi Blues-maraþonið í Jackson sem komu til greina. Hið síðarnefnda hefði þýtt viðbótarferðalag svo Disney-hlaupið varð ofan á.“

HAFÐI EKKI MISST ÚR ÆFINGU

Axel tók þátt í London-maraþoninu í apríl í fyrra og byrjaði að æfa fyrir Disney-hlaupið í september. „Ég æfði samkvæmt prógrammi fjórum sinnum í viku og missti aldrei úr, þrátt fyrir alls kyns veðurfar. Viku fyrir brottför fór yngri dóttir okkar

að suða um að koma með. Úr varð að við keyptum flugmiða fyrir hana. Kvöldi fyrir brottför byrjaði sú eldri og við vorum í miklu pati að panta enn einn flugmiða og útvega tilskilin leyfi rétt fyrir flug.“

ALLT GEKK Á AFTURFÓTUNUM

Þegar fjölskyldan var komin í Leifsstöð kom í ljós að dollararnir höfðu gleymst heima. „Þeir lúrdu í nærfataskúffunni minni,“ upplýsir Axel. Þá var fjölskyldan með hangikjöt fyrir frænku í farteskinu og þurfti að fara sérstaka leið í gegnum bandaríska landamæraeftirlitið. „Það þýddi talsverðan aukarúnt og skrifinnsku. Á hótelinu kom svo í ljós að við höfðum gleymt kjötinu í ísskápnum heima. Svona mætti lengi telja og var allur fókusinn af hlaupinu farinn út um þúfur,“ rifjar Axel upp. Hann segir það þó enga afsökun. „Í grunninn var það ég sem lagði allt of seint af stað í hlaupið og hafði ekki haft rænu á að fá leiðbeiningar um hvert ég átti að mæta. Það gerist ekki aftur.“

Hótelid þar sem fjölskyldan dvaldi var veimur kílómetrum frá rásmarkinu. „Rásmarkið var inni í Epcot, einum Disney-garð-



FÉKK ÞÓ BOL

Það vantar ekkert upp á húmorinn hjá Axel og hleypur hann óhikað um í Disney-maraþonbolnum þó hann hafi ekki einu sinni náð upp að rásmarkinu.

inum, en hlaupið er í gegnum eina fjóra Disney-garða, að því að mér skilst,“ segir Axel með semingi. „Ég lagði af stað um nóttina, enda er ræst eld-

snemma, og ætlaði bara að fara stystu leið að rásmarkinu, eins og ég er vanur. Fljótlega byrjaði vesenið. Lögreglan var búin að loka öllum aðkomuleiðum og vísaði á aðalinnganginn sem var töluvert langt í burtu enda garðurinn á stærð við Garðabæ. Umferðin var líka alveg brjáluð enda búið að loka öllum götum vegna hlaupsins. Þarna rann tíminn í raun frá mér. Lokatilraunin var að fara úr bílnum og biðja einn lögregluþjóninn um að hleypa mér í gegn. Því var auðvitað kurteislega hafnað. Þegar ég fór svo að skoða leiðbeiningarnar eftir á sá ég að þátttakendur áttu að mæta við rásmarkið klukkutíma fyrir hlaup. Ég lagði af stað klukkutíma fyrir hlaup svo þetta var í raun dauðadæmt frá upphafi,“ lýsir Axel. Hann var þó fljótur að sjá björtu hliðarnar.

HEYRÐI SKOTHVELLINN Í FJARSKA

„Sorgin varði bara rétt á meðan ég var að labba aftur á hótelið með skottið á milli lappana. Þá heyrði ég í Sollu stirðu, eða einhverri álíka, sem var að hita liðið upp. Svo ómaði auðvitað bandaríski þjóðsöngurinn og byssuskotið þegar hlaupið var ræst. Þar sem ég stóð í einungis kílómetra fjarlægð sá ég líka bjarmann af flugeldasýningunni sem efnt er til í upphafi hlaups.“

HEFÐI ALDREI FENGIÐ VIÐTAL Í FRÉTTABLAÐINU

Axel fór með fjölskyldunni í nærliggjandi verslunarmiðstöð og fékk sér svínaríf og Starbucks-kaffi í sárabætur. „Ég huggaði mig við að vera ekki með harðsperrur og keypti mér hlaupasokka til að undirstrika það að ég léti þetta ekki stoppa mig og væri hvergi nærri hættur að hlaupa. Facebook-vinir Axels gátu svo lesið eftirfarandi orð-

sendingu: „Lagt inn í reynslubankann í dag, framvegis mun ég mæta á réttan stað á réttum tíma. Missti af hlaupinu sem er auðvitað fúlt en ekkert sem Starbucks og Calvin Klein geta ekki læknað. Gengur betur næst.“

Axel ákvað strax með sjálfum sér að þetta hefði átt að fara svona. „Ég hefði aldrei fengið viðtal í Fréttablaðinu annars. Það hefði fáum þótt merkilegt ef ég hefði farið þetta hlaup og klárað á þremur og fjórutíu.“

NÝTILKOMINN ÁHUGI

Axel heldur áfram að hlaupa í öllum veðrum og vindum. Fjölskyldan hyggst flytja tímabundið til Orlando í sumar og segir hann alls ekki útilokað að hann skrái sig til leiks í Disney-hlaupið að ári. „Þá hugsa ég að ég tjaldi í rásmarkinu kvöldinu áður.“

Hann segir ávinninginn af öllum æfingunum sitja eftir og er eðli málsins samkvæmt í finu formi. Spurður hvort hann hafi alltaf verið í íþróttum segir Axel það fjarri lagi. „Ég var í fótbolta og handbolta í gamla daga en svo byrjaði maður að reykja og drekka og var farinn að safna fáeinum aukakílóum. Ég var gæinn sem svindlaði í öllum skólahlaupum með því að stytta mér leið en svo fullorðnast maður auðvitað. Ég hitti svo gamla íþróttakennarann minn í Flensborgarhlaupi á dögunum. Ég var þarna rauður, móður og mäsandi og sagði henni að nú væri ég búinn að borga allt svindlið til baka með vöxtum og verðbótum og dráttarvöxtum. Eftir það féllumst við í faðma.“

Axel skrifar nýtilkominn hlaupaáhuga helst á grúa fiðringinn. „Ég þakka fyrir að hann sé ekki verri en þetta, Hlaup er frábær hreyfing og ansi ávanabindandi. Er það ekki alltaf þannig að mesta eftirsjáin er að hafa ekki byrjað fyrr?“

■ vera@365.is

ÁTTI AÐ FARA SVONA

„Ég hefði aldrei fengið viðtal í Fréttablaðinu ef ekki hefði verið fyrir þetta klúður. Það hefði fáum þótt merkilegt ef ég hefði farið í þetta hlaup og klárað á þremur og fjórutíu.“

natures aid

GMP
vottað

LÍFSNAUÐSYNLEGAR FITUSÝRUR



Hrönn Hjálmsdóttir
Næringar- og heilsumarkþjálfari

Omega 3 og 6 fitusýrur eru lykillinn að þróun og þroska heila og miðtaugakerfis og bólguviðbrögð líkamans stýrast að stórum hluta af þeim. Fitusýrurnar kallast lífsnauðsynlegar þar sem líkaminn getur ekki framleitt þær sjálfur. Þær gegna mikilvægu hlutverki í æðakerfinu og rannsóknir hafa sýnt að þær hafa bæði áhrif á þroska miðtaugakerfis hjá barni í móðurkviði sem og á fyrstu árum ævinnar. Rannsóknir benda einnig til þess að skortur á Omega-3 fitusýrum tengist þunglyndi, bæði hjá börnum og fullorðnum.

Complete EFA, Omega 3-6-9 - í hylkjum-

Frábær blanda af Omega 3, 6, og 9 sem kemur úr: fiskiolíu, kaldpressaðri hörfræolíu og kaldpressaðri hjólkrónuolíu (starflower).



Omega-3 fiskiolía - í hylkjum

Hrein og góð fiskiolía, unnin úr sardínum og ansjósum. Getur mögulega hækkað „góða“ HDL kólesterólíð, bætt minnið, aukið einbeitingu, mykt liði, dregið úr stirðleika, dregið úr þurrkuþleittum á húð og minnkað exem. Getur einnig minnkað líkur á insúlínónæmi (sykursýki II) og þunglyndi.



Kaldpressuð hörfræolía - í hylkjum-

- Rík af Omega 3 fitusýrum
- Talin jafna hormónakerfið
- Góð fyrir breytingaskeiðið
- Góð fyrir meltinguna
- Hentar grænmetisætum

Tilboð
50% meira
(borgar fyrir 90
færð 135)



Tilboð
50% meira
(borgar fyrir 90
færð 135)

Sölustaðir:

Gamla apótekið
Apótekarinn Helluhrauni
Lyf og heilsa Austurveri
Lyfja Smáratorgi
Lyfjarver
Lyfsalinn
Heilsuhúsið
Apótek Garðabæjar
Árbæjarapótek
Urðarapótek
Borgarapótek
Heilsutorg Blómavals
Hagkaup
Fjarðarkaup

UNAÐSLEG GJÖF FYRIR ELSKENDUR

ICECARE KYNNIR Yes-sleipiefnin eru lífræn og unnin úr fyrsta flokks hráefnum.

Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes-sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar um heim. „Ummæli neytenda um vöruna hafa verið mjög jákvæð og hafa læknað í Bretlandi einnig mælt með því að konur, sem eiga við þurrk í leggöngum að stríða noti vöruna,“ segir hún.

Yes-sleipiefnalínan er lífræn og unnin eingöngu úr fyrsta flokks hráefnum. Hún hefur hlotið lífræna vottun frá The Soil Association í Bretlandi. Yes-sleipiefnin klístrast ekki og henta öllum konum. „Yes-sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem hægt er að nota með gúmmíverjum,“ útskýrir Birna og bætir við að einnig sé fánlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignarhugleiðingum. Pakkningin inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglosunarpróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Fjallað hefur verið um þetta nýja lífræna efni í mörgum helstu tímaritum í Bretlandi. Þar er meðal annars haft eftir Anne Brember, yfirhjúkrunarfræðingi á krabbameinsdeild



Basingstoke og North Hants-sjúkrahússins í Bretlandi; „Yes lífræna sleipiefnalínan er kærkomin lausn fyrir skjólstaðinga okkar sem þjást af þurrki í leggöngum og á kynfærasvæði í kjölfar krabbameinsmeðferðar. Konurnar upplifa efnið á þægilegan hátt á viðkvæmri slímhúðinni auk þess sem það veitir þeim þægilega öryggis-tilfinningu á ný í tengslum við kynlíf.“



BIRNA GÍSLADÓTTIR Er sölustjóri hjá Icecare sem flytur inn bæði Yes sleipiefnin og Pana-súkkulaðið.

SÚKKULAÐI SEM ER GOTT FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

Pana Chocolate er lífrænt, handgert súkkulaði sem er mjólkur-, soja- og glútenfrítt. Það er framleitt við lágt hitastig og því haldast næringarefni í því.

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að hrátt kakó er ofurfæða. Lífræna kakóið sem notað er í súkkulaðið frá Pana er upprunnið frá Suður-Ameríku og inniheldur mikið magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum,“ segir Birna Gísladóttir, sölustjóri Icecare. Talsmenn Pana segjast tryggja að súkkulaðið innihaldi þessi mikilvægu næringarefni. Það sé gert með því að framleiða það við lágan hita. „Súkkulaði sem framleitt er við háan hita, eins og er algengt með flest súkkulaði, inniheldur töluvert minna af næringarefnum en hrátt súkkulaði. Hráa súkkulaðið frá Pana er unnið við stöðugt, lágt hitastig, sem fer aldrei yfir 42 gráður. Þannig er tryggt að súkkulaðið bragðast ekki einungis unaðslega, heldur inniheldur það einnig mikið magn af náttúrulegum næringar- og andoxunarefnum,“ útskýrir Birna.

ENGINN UNNINN SYKUR Súkkulaðið frá Pana inniheldur engan viðbættan, unninn sykur. Í stað hans eru notuð sætuefni sem innihalda lágan blóðsykurstuðul (GI-gildi) eins og agave-síróp eða kókossíróp. Lágt GI-gildi veldur síður sveiflum í blóðsykrinum. „Súkkulaðið okkar hentar því öllum sem umhugað er um heilbrigðan lífsstíl,“ segir Birna.

ENGIN BRÖGD Í TAFLI Pana súkkulaðið inniheldur aðeins hrá lífræn- og nátt-



PANA-SÚKKULAÐI

Hrátt
Lífrænt
Handgert
Vegan
Lágt GI-Gildi

Mjólkurlaust
Sojallaust
Glútenlaust
Engin aukefni
Engin rotvarnarefni

úrleg efni, þar á meðal kakóduft, kakósmjör, kókosolíu, villtar carob-baunir, dökkt agave-síróp, kókossíróp, hnetur, goji-ber, súr kirsuber, kókossflögur, maca-rót, vanillubaunir og hundrað prósent lífrænar ilmkjarnaolíur.

GOTT FYRIR ALLA Birna segir þrjú meginatriði skipta framleiðendur Pana-súkkulaðisins máli. „Í fyrsta lagi eru það gæði vörunnar en í súkkulaðið eru einungis notuð lífræn gæðahræfni. Í öðru lagi er það heilbrigð líkamstarfsemi neytenda, við vinnslu Pana-súkkulaðis er lágt hitastig notað og þannig er náttúrulegum gæðum hráefnanna viðhaldið. Að lokum er það sjálfbærni jarðar sem skiptir máli. Við vinnslu súkkulaðisins eru engar vélar notaðar, allt súkkulaðið er bæði handgert og innpakkað.“

BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni sem virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömbindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pírting þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa,“ segir Kolbrún. „Venjulega þegar ég hef verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“



ÁNÆGD MEÐ ÁRANGURINN Kolbrún fær ekki sveppasýkingar eftir að hún fór að nota Bio-Kult Candéa.

Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

ÖFLUG BLANDA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pírtingur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörunnar.

BIO-KULT FYRIR ALLA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pírtingur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmafóruna. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörunnar. Mælt er með Bio-

Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Vörunnar eru fánlegar í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.



DAYBED SÓFI - Stærð 178/200x70 cm kr. 79.900



SLY SVEFNSÓFI
SVEFNBREIDD 140X200
KR. 139.900
TILBOÐ KR. 109.900



TRYM SVEFNSÓFI - SVEFNBREIDD 140X200
EXTRA ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA KR. 189.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



HJÖRDÍS ÁSTRÁÐSDÓTTIR fræðslustjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður með leiðsögn á Barnastundinni. Hún fær góða hjálpi frá Maxímús Músíkús. MYND/GVA

FJÖRMIKLIR OG LÉTTIR TÓNLEIKAR

BARNVÆNT Sinfóníuhljómsveit Íslands blæs til Barnastundar í Hörpu í dag. Yngstu tónlistaráhugamönnum er þá boðið að hlusta á skemmtilega tónlist undir leiðsögn Hjördísar Ástráðsdóttur sem fær aðstoð frá Maxímús Músíkús.

Fyrsta Barnastund Sinfóníunnar var haldin vorið 2012 og síðan þá hafa tvær slíkar stundir verið haldnar á hverju starfsári Sinfóníunnar. „Barnastund Sinfóníunnar er stutt og notaleg tónlistarstund. Hún er sniðin að yngstu hlustendum, lagavalið og lengd stundarinnar er miðuð við þá sem eru að stíga sín fyrstu spor í tónlistarheiminum. Barnastundin er haldin fyrir utan tónleikasal þannig að þetta er allt afskaplega afslappað og frjálst og við hvetjum börnin til að koma með púða til að sitja á,“ segir Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Að sögn Hjördísar hafa Barnastundirnar verið mjög vinsælar þannig að vissulega sé þörf á slíkum viðburði. „Við dæmst að foreldrum og forráðamönnum barna að koma með svona mikinn fjölda til okkar. Það er iðulega fullt á Barnastund en aldrei uppselt af því hún er haldin í opnu rými en stundum hefur það verið þannig að við höfum varla getað annað fjöldanum sem hefur komið. Markmiðið með þessum stundum er einfaldlega að gefa fólki tækifæri á að koma og heyra og sjá sinfóníuhljómsveit. Að njóta góðrar tónlistar og þeirra sjálfsgöðu lífsgæða sem tónlist veitir. Oft er nú talað um að foreldrar leikskólubarna séu skattþíndur samfélagshópur en þarna erum við að miðla menntun og fræðslu og vonandi notalegheitum og þægilegri upplifun til fólks án endurgjalds. Þetta er okkar framlag í því að þjóna foreldrum ungra barna og við vonum bara að sem flestir sjái sér fært að koma. Fyrst og fremst sækjumst við þó eftir því að fólk njóti þess að vera í góðum félagsskap sem við teljum okkur vera, svona hógvær eins og við erum,“ segir Hjördís og hlær.

Í Barnastundinni sem verður í Hörpuhorni klukkan hálf tölft í dag verður flutt fjörmikið lag um Ólav Riddararós af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig verður flutt úrval léttra og skemmtilegra laga sem mörg hver hafa leitt fima fætur á



dansgólfið, sprellfjörug lög sem koma hreyfingu á mannskapinn. Barnastundin verður undir leiðsögn Hjördísar en hún fær góða aðstoð frá sjálfum Maxímús Músíkús. „Börn og tónlist og börn og sinfóníuhljómsveit eru mjög góðir samferðamenn. Hljómsveitin okkar hefur verið í mjög virku fræðslustarfi frá stofnun sveitarinnar árið 1950. Auðvitað hafa verið lagðar misjafnar áherslur en það er alfarið okkar að búa til og setja saman dagskrá sem höfðar til bæði ólíkra samfélagshópa og ólíkra aldurshópa. Það er okkur í löfa lagið með því að velja til þess gerða tónlist fyrir hvern tiltekinn aldurshóp. Svo verður músin Maxímús Músíkús til aðstoðar í dag en hann er alltaf fastur gestur á Barnastund. Börn hafa heillast af músinni frá því hann kom fyrst fram áður 2008 og það hefur verið vinsælt að fá að strjúka honum og klappa og dansa með honum. Svo veitir hann auk þess myndatökutíma á undan eða eftir tónlistarstundinni,“ segir Hjördís létt í bragði. Hún bætir því við að mikið hafi verið spurt eftir fyrsta verkinu um músina, Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina, frá því það var frumflutt. „Það er því gaman að geta orðið við þeirri ósk en á fyrstu tónleikum að hausti verður verkið flutt aftur.“

BARNASKARI

Barnastund Sinfóníunnar hefur verið vinsæl frá upphafi. Andrúmsloftið er frjálst og setið þar sem er pláss er. AÐSEND MYND

KOMA TIL AÐ NJÓTA

„Markmiðið með þessum stundum er einfaldlega að gefa fólki tækifæri á að koma og heyra og sjá sinfóníuhljómsveit. Að njóta góðrar tónlistar og þeirra sjálfsgöðu lífsgæða sem tónlist veitir.“

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



Fjölnet ehf. er eitt elsta Internetþjónustu-
fyrirtæki landsins með sögu sem nær allt til
ársins 1999.

Í dag er fyrirtækið í hópi fimm stærstu
hýsingar- og internetfyrirtækja á landinu
með stóran og fjölbreyttan hóp fyrirtækja
í viðskiptum. Fyrirtækið er með ISO27001
gæðavottun. Fjölnet ehf. er í eigu Tengils
ehf. sem hefur starfað í 27 ár.

Hjá Tengli og Fjölneti starfa yfir 50
starfsmenn og er fyrirtækið með starfsemi
á þremur stöðum á landinu.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna
á www.fjolnet.is

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið
veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og
fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

Kerfisrekstur - rekstur starfsstöðvar í Reykjavík

Fjölnet ehf. á Sauðárkróki óskar eftir að ráða reyndan kerfisstjóra sem mun sjá um
rekstur starfsstöðvar í Reykjavík ásamt þjónustu til viðskiptavina.

Starfssvið

- Rekstur og uppbygging starfsstöðvar í Reykjavík
- Kerfisrekstur og þjónusta til viðskiptavina, í samvinnu við sérfræðinga Fjölnets á Sauðárkróki
- Tilboðs- og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð þekking á Microsoft stýrikerfum er nauðsynleg
- Microsoft vottun t.d. MCSE eða MCITP er æskileg
- Þekking á MS Exchange, Windows Server, Terminal Server, MS Lync, MS Powershell, MS SQL og IIS
- Afbragðs þjónustulund
- Geta til að vinna verkefni frá upphafi til enda

Leitað er að reyndum og öflugum sérfræðingi. Í boði er gott tækifæri fyrir réttan einstakling.

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Deildarstjóri samskiptadeildar



Landspítali auglýsir eftir deildarstjóra samskiptadeildar til að leiða kynningarmál spítalans. Starfið tilheyrir skrifstofu forstjóra og er veitt frá 1. maí 2015 til 5 ára. Hlutverk samskiptadeildar er að skipuleggja virka upplýsingamiðlun um stefnu og starfsemi spítalans. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi til að móta og innleiða stefnu um innri og ytri samskipti spítalans. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Starfssvið:

- Fagleg forysta um ytri og innri samskiptamál spítalans
- Stefnumótun, innleiðing stefnu og samhæfing í samskipta- og kynningarmálum
- Yfirumsjón með ytri og innri vef ásamt samfélagsmiðlum
- Fjölmiðlatengsl og stuðningur við talsmenn spítalans

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af almannatengslum og kynningarmálum
- Reynsla af stjórnun og teymisvinnu
- Góð þekking á íslensku fjölmiðlaumhverfi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Þekking og áhugi á samskiptamiðlum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með um 5.000 starfsmenn. Spítalinn hefur viðtæku hlutverki að gegna sem þjóðarsjúkrahús auk þess að vera miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Megináherslur Landspítalans eru öruggur spítali, góður vinnustaður, skilvirkir verkferlar og ábyrgur rekstur.

Laun eru samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Um er að ræða fullt starf. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Staða leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Garðaborg.

Garðaborg er tveggja deilda leikskóli við Bústaðaveg, í næsta nágrenni við Fossvogsdalinn. Leikskólinn er Grænfánaskóli og unnið er eftir hugmyndafræði Caroline Pratt og John Dewey. Í leikskólanum er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnun með samstarfi allra sem mynda samfélag Garðaborgar, þ.e. barna, foreldra og starfsfólks. Mikil áhersla er lögð á virkt foreldrasamstarf í leikskólanum. Aðal leikefni leikskólans er opin efniviður í ýmsum myndum, s.s. einingakubbar. Gildi Garðaborgar er *hugrekki* og einkunnarorðin eru *lýðræði – barnasáttmáli – efniviður*.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að þróa og leiða uppeldis- og menntastarf í Garðaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. apríl 2015. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111. Netfang: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.



Bílstjórar

Grand Travel óska eftir að ráða bílstjóra til starfa sumarið 2015. Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingum til að sinna akstri hópbifreiða og þjónustu við farþega. Grand Travel var stofnað 2011 á sviði fólksflutninga og hefur að skipa nýja hóperðabíla ásamt því kappkosta góða þjónustu.

Hæfniskröfur

- Meirapróf D
- Reynsla við akstur hópbifreiða
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, heiðarleiki, snyrtimennska og reglusemi. (reyklausa)
- Geta unnið mikið og undir álagi.
- Enskukunnátta skilyrði.
- Hreint sakavottorð
- Ferilskrá

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á atvinna@grandtravel.is einnig er mjög mikilvægt að viðkomandi skili ferilskrá með umsókn.

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2015



Skeiðarás 4 – 210 Garðabæ
www.grandtravel.is

www.vinna.is



FRAMKVÆMDASTJÓRI SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFÉLAGS

Óskað er eftir kröftugum framkvæmdastjóra til að leiða Skagann 3X ehf., nýtt félag markaðs-, sölu- og þjónustustarfs Skagans hf., Þorgeirs & Ellerts hf. og 3X Technology ehf. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaíðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinum þeirra að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistig félaganna er hátt en þar vinna samtals um 150 manns í þremur starfsstöðvum sem eru um 10.000 fermetrar að stærð. Félögin hafa vaxið umtalsvert síðustu misseri en frumkvöðlaandinn hefur viðhaldið allt frá fyrsta degi. Áhersla er enn sem fyrr lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýjunga og nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum verulegan fjárhagslegan ávinning. Skaginn 3X ehf. mun sjá um að samræma sölu og þjónustu félaganna.

Leitað er að einstaklingi með víðtæka menntun ásamt reynslu í uppbyggingu sölu- og markaðsstarfs á heimsvísu. Bæði er um að ræða beina sölu sem og í gegnum net umboðs- og samstarfsaðila. Skaginn 3X ehf. verður með starfsstöð í Íslenska sjávarklasnum í Reykjavík, Skaganum á Akranesi og 3X Technology á Ísafirði. Hjá Skaganum 3X munu starfa um 20 reyndir viðskipta- og tæknisinnáðir starfsmenn. Félagið tekur jafnframt við allri starfsemi félaganna á erlendum mörkuðum.

HELSTU VERKEFNI:

- Samþætting og efling sameiginlegs markaðs-, ráðgjafa-, sölu- og þjónustustarfs félaganna.
- Kynna félagið og stækka markað á alþjóðavettvangi.
- Nýta sem best fjármagn til markaðs-, sýninga- og sölustarfs.
- Efla samstarf við tækjaframleiðendur sem falla að vöruframboði félagsins.

HÆFNISKRÖFUR:

- Lausnamiðaður hugsunarháttur og hæfileikar til að mæta þörfum viðskiptavina.
- Reynsla í sölu- og markaðsstarfi á erlendum mörkuðum er skilyrði.
- Hugmyndaauðgi og áráðni auk mikils frumkvæðis í starfi.
- Leiðtogaþæfileikar og geta til að skipuleggja og stjórna verkefnum.
- Reynsla af stjórnun og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð tungumálakunnátta er skilyrði.

Nánari upplýsingar, umsóknir og ferilskrá sendist til: atvinna@skaginn.is
Umsóknarfrestur er til og með 1.03.2015.



SPENNANDI STÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTU

Reykjavík Excursions-Kynnisferðir leitar að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund í fjölbreytt sumarstörf á starfsstöðvum okkar í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Í boði eru 100% störf í vaktavinnu og hlutastörf.

BÍLSTJÓRAR

Starfssvið

- Akstur með ferðamenn.
- Umsjón og umhirða bifreiða.

Menntunar- & hæfniskröfur

- Aukin ökuréttindi D.
- Reynsla af akstri hópferðabíla er æskileg.
- Hreint sakavottorð.
- Enskukunnátta.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.

LEIÐSÖGUMENN

Starfssvið

- Leiðsögn í skipulögðum ferðum.

Menntunar- & hæfniskröfur

- Fagmenntun úr viðurkenndu leiðsögunámi.
- Góð enskukunnátta.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Aukin ökuréttindi D er kostur.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, frumkvæði og drifkraftur.

AFGREIÐSLA Á BSÍ & Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Starfssvið

- Sala á farmiðum og bókanir í ferðir.
- Símsvörun og upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- & hæfniskröfur

- Stúdentspróf.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvufærni.

ÞJÓNUSTUVER

Starfssvið

- Bókanir í ferðir.
- Símsvörun og tölvupóstssamskipti.
- Upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- & hæfniskröfur

- Stúdentspróf.
- Menntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af sambærilegum störfum er æskileg.
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli er skilyrði.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvufærni.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 580 5400 eða johanna@re.is. Tekið er á móti umsóknum rafrænt á www.re.is/atvinnuumsokn ásamt ferilskrá og mynd. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2015.



Reykjavík Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 200 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda ferðamenn um Ísland. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • main@re.is • www.re.is • www.flybus.is



Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna og öflugu félagsstarfi.

Spennandi sumarstörf hjá traustu fyrirtæki

Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarflæysinga í álverinu við Reyðarfjörð. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í a.m.k. tvo og hálfan mánuð.

Vaktavinnustörf í framleiðsluteyrum

Okkur vantar afleysingafólk í framleiðsluteymi kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Unnið er á vöktum sem gefa góðar tekjur. Framleiðslustarfsmenn verða að hafa gild ökuréttindi.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf.

Skriflegum umsóknum skal skilað á www.alcoa.is. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 23. febrúar. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir í gegnum netfangið valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

RANATEMA - SÍA - 150706



Kennsluráðgjafar í upplýsingatækni óskast

Kópavogsbær auglýsir eftir þremur kennsluráðgjöfum í upplýsingatækni við grunnskóla bæjarins. Í Kópavogi eru starfræktir 9 grunnskólar með um 4.550 nemendum og um 450 kennurum og stjórnendum.

Við grunnskóla Kópavogs er unnið að innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi og munu kennsluráðgjafar vinna náið með verkefnisstjóra þess verkefnis. Kennsluráðgjafi í upplýsingatækni vinnur að kennslufræðilegri og tæknilegri ráðgjöf við kennara í grunnskólum Kópavogs í tengslum við innleiðingu spjaldtölva ásamt því að sinna fræðslu við kennara og stuðla að framförum og nýbreytni í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Kennsluráðgjafi vinnur í teymi þriggja ráðgjafa sem ráðnir eru við grunnskóla Kópavogs og eiga náið samstarf við skólastjórnendur, grunnskóladeild og upplýsingatæknideild.

Kröfur um menntun og reynslu

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi skilyrði
- Þekking og reynsla í upplýsingatækni í skólastarfi skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Forystuhæfileikar og samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2015.

Ítarlegri upplýsingar um starfið er að finna á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.
Konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Barþjónn – kvöld og helgarvinna

Gallery Bar á Holtinu leitar eftir góðum barþjónum til þess að sjá um gesti okkar. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af barstörfum og einstaka þjónustulund.

Þjónar og aðstoðarfólk í sal

Gallery Restaurant leitar að vönum þjónum í kvöld og helgarvinnu. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af veitingastörfum og einstaka þjónustulund.

Ferilskrá ásamt mynd sendist á umsokn@holt.is

Gallery Restaurant – Hótel Holt.
www.holt.is

ULTIMA THULE

adrenalin.is
Ferðaskrifstofa

– umsjón og rekstur ferða

Ferðaskrifstofan Ultima Thule og Adrenalin leitar að starfsmanni til að sjá um utanumhald og rekstur ferða. Við erum rótgróin ferðaskrifstofa og afþreyingarfyrirtæki sem starfað hefur í 20 ár og okkur vantar áhugasaman starfsmann til að vinna með okkur að fjölbreyttum verkefnum.

Starfssvið:

- Utanumhald og ábyrgð á framkvæmd ferða innanlands
- Samskipti við samstarfsaðila erlendis
- Skipulagning og sala á dagsferðum innanlands
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af ferðamennsku og leiðsögn æskileg
- Góð þekking á Íslandi nauðsynleg
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar

Leitað er eftir starfsmanni í 60 – 100% starf

Umsóknir sendar á netfangið: oskar@ultimathule.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2015.



Capacent Ráðningar

capacent

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða
metnaðarfullan
og áhugasaman
starfsmann

Vefforritari

Hagstofa Íslands leitar eftir forritara. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á vefforritun, sérstaklega í .NET umhverfinu. Hagstofan heldur úti vefjum og öðrum sértækum veflausnum og felst starfið í viðhaldi og framþróun þeirra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ✓ Háskólamenntun í tölvunar-, kerfisfræði eða sambærilegum greinum er mikill kostur
- ✓ Mjög góð þekking á .NET forritun
- ✓ Mikil þekking á vefstöðlum svo sem CSS, JSON, Javascript, JQuery
- ✓ Reynsla af gagnagrunnsforritun er kostur
- ✓ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- ✓ Reynsla af teymisvinnu er kostur
- ✓ Góðir samskipta- og samstarfshæfileika

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2015

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Sími 528-1000
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Ólafur Arnar Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is]



Hagstofa Íslands



ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

AÐSTOÐARHÓTELSTJÓRI

Helstu verkefni

- * Aðstoðarmaður og staðgengill hóteltjóra
- * Yfirumsjón með umhverfisstefnu og gæðamálum

Menntunar- og hæfniskröfur

- * Haldgóð menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- * Stjórnunarhæfileikar
- * Góð tungumálakunnátta
- * Skipulagshæfileikar, áræðni og metnaður
- * Mjög góðir samskiptahæfileikar

SÖLUFULLTRÚI - MICE

Helstu verkefni

- * Tilboðsgerð og sala í ráðstefnudeild
- * Bókanir og ráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur

- * Góð tungumálakunnátta
- * Jákvæðni og rík þjónustulund
- * Nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- * Góðir skipulagshæfileikar
- * Haldgóð menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- * Góðir samskiptahæfileikar

FAGLÆRÐUR YFIRÞJÓNN

Helstu verkefni

- * Móttaka, skipulag og þjónusta við gesti

Menntunar- og hæfniskröfur

- * Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- * Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- * Gott vald á íslensku og ensku
- * Snyrtimennska og stundvísi

Leitum einnig að þjóni í ráðstefnudeild

Umsóknir sendist á starf@grand.is

Grand Hótel Reykjavík | Sigtún 38 | 105 Reykjavík | Sími: 514 8000 | www.grand.is

Hagsýni

Liðsheild

Heilindi

nordural.is



DEILDARSTJÓRI BÓKHALDSDEILDAR

Norðurál leitar að metnaðarfullum og talnaglögnum sérfræðingi með stjórnunarhæfileika í fjölbreytt störf sem deildarstjóri í bókhaldsdeild félagsins. Deildin ber ábyrgð á vinnslu bókhalds og kemur að fjárhagslegum greiningum og skýrslugerð.

Norðurál er eitt af stærstu fyrirtækjum á Íslandi. Starfsmenn eru um 600 og veltan um 70 milljarðar.

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

HELSTU VERKEFNI:

- Fjárhagsuppgjör
- Yfirferð og eftirlit
- Áætlanagerð
- Skýrslugerð
- Innri eftirlitspættir

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk reynsla af bókhaldi og uppgjörsvinnu
- Þekking á SAP fjárhagskerfum æskileg
- Reynsla af stjórnun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð

Sótt er um á www.nordural.is og er umsóknarfræstur til og með **23. febrúar** nk. Upplýsingar veita Kristinn Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, og Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri í síma **430 1000**.

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði er heitið.



United Silicon hefur hafið byggingu kísilvers í Helgúvík á Reykjanesi og framleiðsla mun hefjast á vordögum 2016. Áætlanir gera ráð fyrir að um 60 starfsmenn muni starfa hjá verksmiðjunni á rekstrartíma en 200 starfsmenn meðan á uppbyggingu og uppsetningu búnaðar standur.

Við leitum að öflugum rafmagnstækniþæðingi eða rafmagnsverkfræðingi sem mun bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi á umfangsmiklum rafbúnaði verksmiðjunnar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

United Silicon leitar að stjórnanda raforkuvirkis og fyrirbyggjandi viðhalds

Starfssvið:

- Ábyrgð á viðhaldi og rekstri raforkuvirkis og rafbúnaðar
- Móttaka, skráning og prófun á búnaði meðan á byggingu standur
- Uppbygging fyrirbyggjandi viðhaldskerfis
- Innkaup á vörum og aðkeyptri þjónustu sem tengist viðhaldi búnaðar

Menntun og hæfniskröfur:

- Rafmagnstækniþæði/verkfræði
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla
- Reynsla og/eða menntun innan skipulagðs fyrirbyggjandi viðhalds er kostur
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og dugnaður
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að uppfylla skilyrði Mannvirkjastofnunar um ábyrgðarmann raforkuvirkis stóriðju.

Nánari upplýsingar veitir Rut Ragnarsdóttir í síma 669 6003.

Umsóknum ásamt ferilsskrá skal skilað til rut@silicon.is fyrir þriðjudaginn 24. febrúar.

Starfsmaður óskast í afgreiðslu

Gleraugnaverslun auglýsir eftir starfskrafti í afgreiðslu frá 12-18 á virkum dögum og er um 75% starf að ræða.

Hæfniskröfur: Þjónustulund, jákvæðni og stundvísi.

Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Umsóknir berist á gleraugnasalan@simnet.is fyrir þriðjudaginn 17. feb.

Lífsglaður og jafnréttissinnaður leikskólakennari

Leikskólinn Barnaból á Skagaströnd auglýsir eftir skólastjóra, leikskólakennara til að stýra leikskólanum.

Leikskólinn Barnaból er hluti af Hjallastefnu fjölskyldunnar og við leitum að jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar að metnaði, gleði og kærleika. Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa brennandi áhuga á jafnrétti og lýðræði í leikskólastarfi.

Skólar Hjallastefnunnar starfa að sameiginlegum markmiðum eftir sömu hugmyndafræði en sjálfstæði hvers skóla er mikið. Jafnréttisuppeldi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru innviðir hugmyndafræðinnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska komandi kynslóða.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um, áhugasamir hafi samband við Þorgerði Önnu leikskólustýru á netfangið thaa@hjalli.is eða í síma 8240604. Umsóknarfrestur er til 21. febrúar 2015.



Við leitum að STARFSMÖNNUM

Vífelfell leitar að tveimur lykilstjórnendum til að styrkja öflugt teymi á framleiðslusviði. Vífelfell hefur gengið í gegnum umtalsverða þróun á skipulagi og starfsháttum á síðustu misserum og heldur sú vinna áfram. Hjá okkur eru öryggis- og gæðamál alltaf í fyrirrúmi og forsenda allrar okkar starfsemi. Við störfum í anda stöðugra umbóta með það að markmiði að gera Vífelfell að besta vinnustað landsins.

FRAMLEIÐSLUSTJÓRI

Framleiðslustjóri er í forsvari fyrir þróun og daglegum rekstri framleiðsludeildar verksmiðjunnar í Reykjavík, allt frá móttöku hráefna til afhendingar fullunninnar vöru til dreifingar.

★ HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Áætlanagerð, starfsmannahald og verkstjórn
- Þróun framleiðsluferla og verk dags
- Eftirlit með framleiðslu

★ MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða sambærileg reynsla
- Reynsla úr framleiðsluánaði
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Áreiðanleiki, dugnaður og skipulögð vinnubrögð

TÆKNISTJÓRI

Tæknistjóri er ábyrgur fyrir samræmdri þróun tæknimála er snúa að framleiðslu í verksmiðjum okkar í Reykjavík og á Akureyri. Tæknistjóri leiðir að auki tæknideild verksmiðjunnar að Stuðlahálsi en tæknideildin sér um þróun, rekstur og viðhald framleiðslutækja og húsnæðis.

★ HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Stefnumótun og þróun tæknimála
- Skipulagt fyrirbyggjandi viðhald
- Umsjón með verktökum og þjónustuaðilum

★ MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða sambærileg reynsla
- Reynsla úr framleiðsluánaði
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Áreiðanleiki, dugnaður og skipulögð vinnubrögð

Umsóknir óskast fylltar út á www.vifilfell.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2015. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Ragnar Sævarsson framkvæmdastjóri framleiðslusviðs (ragnar@vifilfell.is)



Vífelfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjavöru. Vörumerkjaflorea Vífelfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki. Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnáttu starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar.

Gildi Vífelfells eru traust, virðing, frumkvæði og agi.



Lögreglumaður

– Lögreglustjórinn Norðurlandi vestra

Við embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra eru lausar til umsóknar tvær stöður lögreglumanna.

Annarsvegar er tímabundin staða lögreglumanns, til eins árs, í almennri löggæslu með starfsstöð á Sauðárkróki. Sett verður í stöðuna frá og með 01. mars 2015, til eins árs. Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um.

Hinsvegar er um að ræða tímabundna stöðu, til eins árs, lögreglumanns með starfsstöð á Blönduósi. Sett verður í stöðuna frá og með 01. mars 2015, til eins árs. Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um.

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum þar sem umsækjandi þarf að vera undir það búinn að vinna að einhverju leyti einn. Leitað er að einstaklingi með góða samskipta- og samstarfshæfni, vandvirkni, þjónustulund og frumkvæði í starfi. Æskilegt er að umsækjendur hafi góða almenna tölvukunnáttu.

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2015.

Umsóknum skal skila til Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra Suðurgötu 1, 550 Sauðárkróki. Nánari upplýsingar um stöðurnar veitir Kristján Þorbjörnsson yfirlöggluþjónn í s. 8921713 eða í tölvupósti kristjan@tmd.is og Stefán Vagn Stefánsson yfirlöggluþjónn í s. 8477437 eða í tölvupósti 9806@tmd.is.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsóknum skal skila á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á löggluvefnum, www.logreglan.is undir liðnum: Eyðublöð.

Lögreglustjórinn Norðurlandi vestra.

Viltu breyta til?

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Blick og Tækniþjónustan ehf. Akureyri eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

- Verkstjóra
- Blikksmið og eða vönum aðstoðarmanni í málmsmíði
- Nemum í blikksmíði

Umsóknir er hægt að senda á bogt@bogt.is
Nánari upplýsingar veitir Valþór í síma 462 4017

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR ÓSKAST

Tinna ehf leitar eftir grafískum hönnuði til að brjóta um tímaritið Yr ofl. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir sendi starfsferilskrá á tinna@tinna.is

Tinna heildsala



TINNA
30 ára

Afleysing - bókhald

ISS auglýsir eftir starfsmanni til afleysinga á fjármálasviði í sex mánuði, frá mars – ágúst 2015.

Starfshlutfall er 60% en gæti orðið 100% yfir sumarmánuðina.

Starfið felst aðallega í merkingu og færslu á fylgiskjölum í Navision ásamt afstemmingum.

Við leitum að töluglögum og nákvæmum aðila með grunnþekkingu í bókhaldi ásamt reynslu af Navision eða sambærilegum bókhaldskerfum.

Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Braga Bragasonar, fjármálastjóra ISS, bragi@iss.is fyrir 19. febrúar.

Staða skólastjóra við Seljaskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Seljaskóla.

Seljaskóli er í Seljahverfi í Reykjavík. Í skólanum eru 610 nemendur í 1.-10. bekk. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru *samvinna, ábyrgð, traust og tillitsemi*. Unnið er eftir jákvæðum hegðunarstuðningi, PBS, þar sem jákvæð hegðun er styrkt markvisst með hrósi og umbun. Skólinn er Grænfánaskóli og er í samstarfi við aðra grunnskóla í Breiðholti um að efla skólastarf í anda nýrrar aðalnámskrár. Í Seljaskóla er lögð áhersla á vellíðan nemenda og starfsfólks, samvinnu allra, fjölbreytta kennsluhætti og teymiskennslu. Mjög gott samstarf er við heimilin í hverfinu og stofnanir í nærsamfélaginu.

Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn til að viðhalda jákvæðum og góðum skólabrag og hafi ánægju af því að vinna með nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, framsækna skólasýn og er tilbúinn til að leiða skólann inn í framtíðina.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reyndsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarþæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða á skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

HRAFNISTA REYKJAVÍK HAFNARFIRÐI KÓPAVOGI REYKJANESBÆ



Viltu vinna með okkur í sumar?

Sumarstarfsfólk óskast til starfa á Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi og í Reykjanesbæ.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hrafnista er vinnustaður þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar. Gott vinnuumhverfi stuðlar að því að hæfileikar sérhvers starfsmanns njóti sín. Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ára.

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars. Öllum umsóknum verður svarað fyrir 7. apríl 2015.

Óskum eftir að ráða í sumar:

- Hjúkrunarfræðinga
- Hjúkrunarfræðinema
- Sjúkraliða
- Félagsliða
- Starfsfólk í aðhlyningu
- Starfsfólk í borðsal
- Starfsfólk í ræstingu

Nánari upplýsingar:

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað fást á www.hrafnista.is

Vinnu vantar

Við leitum starfa fyrir fólk á atvinnuleysiskrá hjá nokkrum stéttarfélögum – hæft fólk sem er tilbúið til að takast á við margvísleg verkefni. Ef þú ert með starf á lausu gætum við haft rétta starfsmanninn.

Kynntu þér málið á vefsíðu okkar: www.starfid.is – eða sendu okkur fyrirspurn: vinna@starfid.is



STARF
VINNUMIDLUN OG RÁÐGJÖF

www.starfid.is

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við fólk án atvinnu, atvinnuleitendur, sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 10 atvinnuráðgjafar STARFS. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinn við margvísleg vinnu markaðsúræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa.

ATVINNA

Ap-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára. Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á

bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna“



Ap-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ

SKIPAEFTIRLITSMANNA



HB Grandi óskar eftir að ráða skipaefitirlitsmann til starfa á botnfisksvið félagsins. Sviðið ber ábyrgð á útgerð þriggja frystitogara og fjögurra ísfisktogara.

- Í starfi skipaefitirlitsmanns felst m.a. ábyrgð á viðhaldi togara fyrir-tækisins og umsjón með innkaupum á vörum og þjónustu. Starfsstöð er á aðalskrifstofum fyrirtækisins við Norðurgarð í Reykjavík.
- Gerð er krafa um menntun sem vélfræðingur eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi. Kostur er að hafa starfsreynslu sem vélstjóri.

- Starfsmaðurinn sem við leitum að býr yfir góðum skipulags- og samskipta-hæfileikum. Viðkomandi þarf að geta unnið undir álagi, vera árangursdrifinn í starfi og fær í helstu tölvuforritum.
- Nánari upplýsingar veitir Elva Jóna Gylfadóttir starfsþróunarstjóri í síma 550 1024 eða með tölvupósti elva@hbgrandi.is.

HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur botnfisk og uppsjávarfisk. Félagið gerir út tíu fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa um 950 manns til sjós og lands.

Umsóknir skal senda á póstfangið starf@hbgrandi.is og er umsóknarfrestur til **2. mars 2015**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða skólastjóra við Austurbæjarskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Austurbæjarskóla.

Austurbæjarskóli er rötgróinn skóli í miðbæ Reykjavíkur. Skólinn hefur starfað síðan 1930 og byggir starfið á sterkum hefðum. Í skólanum eru 450 nemendur í 1.-10. bekk og um 70 starfsmenn. Fjölbreyttir kennsluhættir, samvinna og list- og verkgreinar skipa stóran sess í skólastarfinu. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Austurbæjarskóli er fjölmennningarlegur skóli þar sem virðing er borin fyrir ólíkum hæfileikum og komið til móts við þarfir nemenda. Starfað er eftir Ólweusaráætluninni gegn einelti og unnið er að markmiðum Grænna skrefa Reykjavíkurborgar. Lögd er áhersla á vinsamleg samskipti og vellíðan nemenda og starfsmanna. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag og samvinna við foreldra og nærsamfélag er gott.

Leitað er eftir einstaklingi sem getur veitt skólasamfélaginu faglega forustu á lýðræðislegan hátt og leitt skólann inn í framtíðina með virðingu fyrir ríki menningarlegri arfleifð.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lípurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnuarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.



Barnalæknir á Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í barnalækningum eða barna- og unglingageðlækni við Þroska- og hegðunarstöð. Um er að ræða allt að 100% starfshlutfall eftir nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Þroska- og hegðunarstöð er miðlæg, sérhæfð starfseining innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Stöðin er mönnuð þverfaglegum starfshópi sem sinnir m.a. greiningu, ráðgjöf, meðferð, fræðslu, rannsókn, framþróun og starfsþjálfun í tengslum við börn sem hafa frávik í þroska, hegðun og/eða líðan. Markhópur starfseminnar eru börn að 18 ára aldri og foreldrar þeirra.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starf barnalækni/barna- og unglingageðlækni felst einkum í greiningu, ráðgjöf og meðferð barna með þroska- og hegðunarvanda í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga stöðvarinnar. Boðið er upp á fjölbreytt starf í örvandi starfsumhverfi og góðum starfsanda.

Hæfniskröfur

Leitað er að umsækjanda sem er sérfræðingur í barnalækningum eða barna- og unglingageðlækningum. Til greina kemur að ráða sérfræðing í heimilislækningum með áhuga á greiningu og meðferð vegna þroska- og hegðunarfrávika barna eða lækni í sérfræðinami í áður nefndum sérgreinum. Mikilvægur eiginleiki er færni í mannlegum samskiptum og áhugi og vilji til að starfa í þverfaglegu teymi.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

17.feb
Sprengidagur



1098
kr. kg.

Sláturfélagið Blandað saltkjöt



1998
kr. kg.

Sláturfélagið Valið saltkjöt



79
kr. kg.

Hollenskur Laukur í lausu



1798
kr. kg.

Bónus Grísalundur / ferskar kryddaðar



1598
kr. kg.

Bónus Bacon/beikon

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
gilda a.m.k. til 17. febrúar



19:45 ÍSLAND GOT TALENT

Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Kynnir keppinnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunnir, Auðunn Blöndal.

MEIRIHÁTTAR SUNNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

19:10 SJÁLFSTÆTT FÓLK

Næsti viðmælandi Jóns Ársæls er Bjarni Bernharður, ljóðskáld og málari sem lenti í þeim ósköpum að myrða mann í geðveikiskasti.



20:45 BROADCHURCH

Magnaðir spennubættir þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna Alec og Ellie.



21:35 SHETLAND

Vandaðir breskir sakamálapættir frá BBC um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum.



22:00 THE PLACE BEYOND THE PINES

Dramatísk spennumynd með Ryan Gosling, Bradley Cooper og Eva Mendes í aðalhlutverkum.



22:35 RITA

Vandaðir þættir um dönsku kennslukonuna Ritu sem er þriggja barna móðir og fer ótröðnar slóðir í lífinu.



07:00-20:30 BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurnar alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

		7	5	2		6	3		
						9			
	4		3	8		1		5	
	8		9			5			
		5			1	2			
	1	9		4				3	
5			7		8			4	
6		4		2		8			
			4					2	

LÉTT

	2			5			6		
5	9	6	4					3	
	1			2	8	4			
	4		8	1	9				
	8	2		3	7		1		
		5	2						
	5							3	
					6	1			
4					8	5			

MIDLUNGS

8			5	9		7			
	9								
	5			6					
				5		9	7	3	
		9		4	7	2	6		
	2					4		5	
2	4	1	3	7		6			
			4					2	
	7	3							9

PUNG

8	9	2	6	4	5	3	7	1	
3	5	1	2	7	8	4	6	9	
4	6	7	9	1	3	5	8	2	
5	2	6	7	3	1	8	9	4	
9	3	8	4	2	6	1	5	7	
7	1	4	5	8	9	6	2	3	
1	4	9	8	6	2	7	3	5	
2	8	3	1	5	7	9	4	6	
6	7	5	3	9	4	2	1	8	
9	7	2	6	8	5	4	1	3	
8	5	3	1	2	4	9	6	7	
1	4	6	3	7	9	2	8	5	
2	3	9	5	6	1	8	7	4	
4	8	1	7	9	3	6	5	2	
5	6	7	8	4	2	1	3	9	
3	2	8	9	1	7	5	4	6	
6	9	5	4	3	8	7	2	1	
7	1	4	2	5	6	3	9	8	
9	4	7	3	5	8	1	6	2	
1	5	8	2	6	4	9	3	7	
2	6	3	7	9	1	4	8	5	
7	9	5	8	1	6	2	4	3	
3	8	4	9	2	7	5	1	6	
6	1	2	4	3	5	7	9	8	
4	2	9	6	7	3	8	5	1	
5	7	6	1	8	9	3	2	4	
8	3	1	5	4	2	6	7	9	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Þúsund kílómetra ferðalag hefst með einu skrefi.“

Lao Tzu.

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10		11	
12				13		
	14					15
16				17		
18			19			20
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. hreinsiefni, 6. strit, 8. dorma, 9. leþja, 11. í röð, 12. gengi, 14. háð, 16. berist til, 17. knæþra, 18. ástæður, 20. pfn., 21. fyrr.

LÓÐRÉTT

1. steintegund, 3. hæð, 4. ávaxtatré, 5. þakbrún, 7. fjarskiptatæki, 10. blaður, 13. í hálsi, 15. rórtartauga, 16. yfirbragð, 19. mun.

LAUSN

15. tæga, 16. þrá, 19. ku. 5. úfs, 7. talstöð, 10. pfp, 13. kok, 10. þakbrún, 7. fjarskiptatæki, 17. krá, 18. rök, 20. ég, 21. äður. 11. rs, 12. kílkú, 14. spott, 16. þt, 17. lap, 18. at, 8. sef, 9. lap, 19. ku.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Jón Þór Bergþórsson missti af mögnuðum sigurleik gegn Stephen Jablon á Reykjavíkurskáknotinu 2013.

Svartur á leik



Jón lék 41...H8g6 og vann reyndar fyrir rest. Hinn magnaði leikur 41...Dc2!! hefði hins vegar unnið skákina þegar í stað. Actavis sigraði á Skákkeppni vinnustaða. www.skak.is: NM í skólaskák í fullum gangi.

netto
Kræsingar & kostakjör

SALTKJÖT

FRÁ 199KR/KG

**FRÁBÆR
VERÐ**

SALTKJÖT SÍÐUBITAR
KJÖTSEL

-50%

199

ÁÐUR 398 KR/KG

VALIÐ SALTKJÖT
KJÖTSEL

-40%

1.559

ÁÐUR 2.598 KR/KG

SALTMINNA SALTKJÖT
GÓÐI - BLANDAÐ

1.492

ÁÐUR 1.798 KR/KG

SALTKJÖT ÓDÝRT
KJÖTSEL

-40%

479

ÁÐUR 828 KR/KG

SALTKJÖT BLANDAÐ
KJÖTSEL

-40%

870

ÁÐUR 1.450 KR/KG

**... OG MIKIÐ ÚRVAL FYRIR
BOLLUDAGINN!**



netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

MENNING

Málar í anda hins hollenska Vermeers

Listýningin Daglegt líf verður opnuð í Guðnýjarstofu, Safnaskálanum á Akranesi, í dag klukkan 14.

Akurnesingurinn og listmálarinn Bjarni Skúli Ketilsson – Baski, sýnir í Safnaskálanum á Akranesi.

Hann býr í Deventer í Hollandi ásamt konu og börnum en skrapp heim til að halda námskeið í myndlist og einnig til að sýna verk sín. Myndirnar sýna daglegt líf á Akranesi og í sveitunum í kring en einnig í Deventer í Hollandi.

Þetta er önnur sýning Bjarna Skúla á Akranesi. Sú fyrri var Míningar á striga árið 2012 á 70 afmæli Akraneskaupstaðar og samhliða gaf hann út bókina Akranes heima við hafið.

Fyrirsætan á myndinni sem hér fylgir með er söngkona í hljómsveit listamannsins Dear Ellinor í Hollandi. Hún er af ætt hins heimsfræga málara Johannes

Vermeer sem málaði meðal annars hið fræga málverk Mjólkurstúlkuna.

Baski ákvað að fá hana í samskonar uppstillingu á vinnustofu sinni til að geta málað af henni mynd í anda Vermeers, frænda hennar.

Hér er hún með sinn uppáhalds-drykk og því heitir verkið Viskýstúlkun!

→ Myndirnar sýna daglegt líf á Akranesi og í sveitunum í kring en einnig í Deventer í Hollandi.



EIN AF MYNDUM BASKA
Gerdine Vermeer er af ætt hins heimsfræga málara Johannes Vermeer.

Á enn þá til á kassettu lagið sem breytti öllu á sex mínútum

Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona ætlar að syngja eina frægustu plötu Ellu Fitzgerald með Stórsveit Reykjavíkur í Hörpu næsta mánudagskvöld. Hún stefnir að sólóplötu á árinu, undirbýr trúðaóperu í Borgarleikhúsinu og er með áunna leikhúsbakteríu.

„Þetta er gamall draumur að rætast“, segir Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona sem býr sig undir að syngja lög Ellu Fitzgerald með Stórsveit Reykjavíkur. Kristjana hefur á undanförunum árum verið í fremstu röð íslenskra djasssöngkvenna og á þrátt fyrir ungan aldur að baki glæstan feril. Kristjana er fædd og uppalin á Selfossi og tónlistin hefur alltaf átt hug hennar allan þótt hún hafi ekki alltaf ætlað að leggja djassinn fyrir sig.

„Það þurfti nú ekki nema einn útvarpsþátt til þess að breyta lífinu. Ég var svona meira á leiðinni út í klassískt nám, rúmlega tvítug og farin að spá í framhaldsnám á Ítalíu eða kannski í Þýskalandi þegar þetta breyttist allt með einu lagi. Ég lá í sófanum heima hjá ömmu og afa þegar amma kom og sagði við mig: „Kristjana mín, það er einhver djass í útvarpinu,“ og var eflaust með það á hreinu að þetta væri eitthvað fyrir mig. Ég fór að hlusta, það var þáttur um Ellu Fitzgerald og þar var spiluð upptaka með henni á How High the Moon frá tónleikum í Berlín árið 1960. Og þarna var lagið sem breytti öllu þar sem Ella syngur sex mínútna skat-sóló.

Ég hlustaði dolfallin á þáttinn til enda og í lokin tók þulurinn fram að þátturinn yrði endurtekinn um kvöldið. Svo ég stökk út í bílinn hans afa, brunaði í búð, keypti kassettu og tók svo þáttinn upp um kvöldið. Ég á þessa kassettu meira að segja enn þá. En þetta varð til þess að ég ákvað að fara í djassinn og áður en ég vissi af þá var ég farin í nám til Hollands.“

Næstkomandi mánudagskvöld

ætlar Kristjana að syngja plötuna Ella & Basie frá 1963 í útsetningum Quincy Jones með Stórsveit Reykjavíkur undir stjórn Svíans Daniels Nolgárd, píanóleikara og útsetjara.

„Stórsveitin er í rosalegu formi þessa dagana og Daniel er algjör snillingur. Þessar útsetningar eru ekki lengur til svo Daniel tók sig til og skrifaði þetta upp eftir upptökunni á plötunni. Þetta eru þrettán þekktir standardar og á einni af þekktustu plötum djassins svo þetta verður alveg hrikalega gaman.

Auk djassins hefur Kristjana á síðustu árum einnig starfað í leikhúsi en sýningarnar Jesú litli og Hamlet litli þar sem Kristjana sá um tónlistina og lék einnig í sýningunum nutu báðar gríðarlegra vinsælda og hlutu báðar sýningarnar Grímuverðlaunin sem sýning ársins. Leikhúsið skipar sífellt stærri sess í störfum Kristjönu en hún á reyndar leiklistaráhugann ekki langt að sækja.

„Amma var ein af stofnendum Leikfélags Selfoss og leikhúsið hefur alltaf togað smá í mig. Ég er hreinlega alin upp í litla leikhúsinu á Selfossi og þar tók ég þátt í ýmsum verkefnum en alltaf út frá tónlistinni. Ég var alltaf staðráðin í að verða tónlistarmaður en leikhúsið hefur alltaf heillað mig líka. Það eru algjör forréttindi að geta blandað þessu saman enda má eiginlega segja að ég sé með áunna leikhúsbakteríu.

Við Bergur Þór erum að fara að vinna nýja trúðasýningu fyrir Borgarleikhúsið. Það verður trúðaópera þannig að tónlistin verður í miklu stærra hlutverki en áður svo ég hlakka alveg rosalega mikið til. Tónlistin verður eflaust allt-



KRISTJANA OG ELLA Lagið How High the Moon með þessari mögnuðu söngkonu varð til þess að djassinn varð fyrir valinu hjá Kristjönu Stefánsdóttur.

af númer eitt hjá mér og ég stefni að því að senda frá mér sólóplötu seinna á árinu. Ég sendi frá mér eitt lag síðasta sumar og þetta er nú meira popp en djass enda við Selfyssingar sérfræðingar í sumarsmellum.“

magnus@frettabladid.is

“Ég fór að hlusta, það var þáttur um Ellu Fitzgerald og þar var spiluð upptaka með henni á How High the Moon frá tónleikum í Berlín árið 1960. Og þarna var lagið sem breytti öllu þar sem Ella syngur sex mínútna skat-sóló.”

Fagna birtunni með tónum og textum

Anna Jónsdóttir sópran og Sophia Schoonjans hörpu-leikari halda tónleika í Hannesarholti á morgun.

„Við ætlum að leiða fólk með tónum og textum úr myrkri og kulda í ljós og yl. Okkur finnst svo þarft fyrir sálarlífið að fagna því að við Íslendingar erum að færa okkur úr myrkri yfir í birtuna,“ segir Anna Jónsdóttir sópran-söngkona um tónleika sem hún og Sophia Schoonjans hörpuleikari eru með í Hannesarholti á morgun, sunnudag, klukkan 15.

Við erum með tónlist eftir Mozart og Schubert, íslensk þjóðlög og líka ensk og þýsk. Ég held að þetta sé tónlist við allra hæfi, innlendra sem erlendra.“

Tónleikarnir tilheyra röðinni Konsert með kaffinu.

-gun



FLYTJENDUR Þær Sophia og Anna ætla að flytja tónlist við allra hæfi.

HÁDEGISTÓNLEIKAR
Í NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÍSLENSKA ÓPERAN ÞRIÐJUDAGINN 17. FEBRÚAR KL.12:15

Í FJARLÆGÐ
WAGNER - WEBER - TOSTI
KOLBEINN JÓN KETILSSON
TENÓR
ANTONÍA HEVESI
PÍANÓ

ÓKEYPIS AÐGANGUR

Kährs
QUALITY IN WOOD SINCE 1857



HÖRKU ÜTSALA

ÞRIGGJA STAFA KÄHR'S

NATUR EIKARPARKET 15 mm

Verð 3.790 kr. m²

Birgisson

Meira fyrir ævintýri en predikanir

Þjóðleikhúsið frumsýnir um helgina nýtt leikrit eftir Sigrúnu Eldjárn sem sameinar myndlistina og ritstörfin í barnabókum sínum.

Í dag er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu barnaleikritið Kuggur eftir Sigrúnu Eldjárn, myndlistarkonu og rithöfund. Sigrún hefur verið að skrifa og myndskreyta barnabækur lengi eða allt frá því að fyrsta bók hennar, Allt í plati, kom út árið 1980. Síðan þá hefur Sigrún skrifað og myndskreytt á fimmta tug barnabóka og er hún því kynslóðum barna og foreldra að góðu kunn. Hér er hins vegar á ferðinni fyrsta leikrit Sigrúnar sem er orðin spennit fyrir frumsýningu dagsins.

„Þetta er óneitanlega rosalega spennandi en það er frábært fólk í öllum stöðum, leikarar, leikstjóri, hönnuðir og hreinlega hvar sem er á litið þannig að ég er óskaplega glöð með þetta og veit að þetta er allt saman í góðum höndum.“

Sem höfundur hefur Sigrún alla tíð fengist við að skrifa og myndskreyta barnabækur en eins og hún segir sjálf þá er þessi nálgun eflaust afleiðing þess að rætur hennar liggja í myndlistinni.

„Ég var búin að vera að myndskreyta bækur í talsverðan tíma þegar ég ákvað að prófa að skrifa líka. Ég er einhvern veginn alltaf að vinna með þetta samspil mynda og texta. Myndirnar eru svo stór þáttur í því sem ég geri að barnabækurnar urðu sjálfkrafa að mínu formi. Það væri þó gaman að skrifa einhvern tíma myndskreytta bók fyrir fullorðna en það er þó ekkert endilega á



KUGGUR OG FÉLAGAR Ragnheiður Steindórsdóttir, Gunnar Hrafn Kristjánsson og Edda Arnljótsdóttir fara með hlutverk in í fyrsta barnaleikriti Sigrúnar Eldjárn.

döfinni.“ Sigrún leggur mikla áherslu á hversu mikilvægt starf það sé að skrifa fyrir börn.

„Þetta er starf sem skiptir máli. Það skiptir máli að börn lesi og það er hlutverk barnabókanna að ala upp komandi kynslóðir lesenda vegna þess að lestur er mikilvægur. Ég hef hins vegar aldrei leitast við að hafa boðskap í mínum verkum, forð-

ast það eiginlega frekar en hitt, því ég er ekkert fyrir predikanir. Ef það er boðskapur í viðkomandi verki þá er það eitthvað sem gerist bara vegna þess að ég er meira fyrir sögur, ævintýri og gleði. Það er það sem ég vil miðla í mínum verkum. Ég er líka svo mikið barn í mér og hef eflaust aldrei vaxið alveg upp úr því.“

-mg



MIKILVÆGT STARF Það er hlutverk barnabókanna að ala upp kynslóðir lesenda segir Sigrún Eldjárn, barnabókahöfundur og nú leikskáld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Myndirnar eru svo stór þáttur í því sem ég geri að barnabækurnar urðu sjálfkrafa að mínu formi.“

Sýnir hjarta úr gleri og fleiri líffæri á degi elskenda

Sigga Heimis hönnuður og Elli Egilsson sýna líffæralist og halda málþing um líffæragjafir í Hannesarholti í dag kl. 14.

Í dag kl. 14 verður efnt til málþings um gildi líffæragjafa í tengslum við sýningu Siggu Heimis hönnuðar og Ella Egilssonar myndlistarmanns sem nú sýna glerlistaverk og teikningar af líffærum í húsakynnum Hannesarholts. Á meðal þátttakenda verða bæði líffæraþegar og líffæragjafir og einnig Steinunn Rósa Einarsdóttir, móðir Skarphéðins Andra Kristjánssonar, sem lést í janúar á síðasta ári og varð líffæragjafi daginn eftir.

Sigga Heimis hönnuður er á bak við málþingið og hún leggur áherslu á að þetta verði opið og óformlegt. „Við erum fyrst og fremst að fara að koma saman og ræða þessi mál enda brenna þau á mörgum og það eru allar skoðanir velkomnar. Frændi minn, Sindri Sindrason sjónvarpsmaður, ætlar að koma og stjórna umræðunum og það verða í raun engin framsguerindi.“

Ég byrjaði sjálf að hugsa um þessi mál út frá glerlistinni en 2007 var haft samband við mig frá Corning Museum of Glass sem er stærsta glerlistasafn í heimi. Þau voru að falast eftir hugmyndum að verkum frá mér og þá ætlaðist það þannig að ég fór að hugsa um líkindin á milli glers og líffæra. Bæði búa yfir þessum eiginleikum að geta verið í senn gríðarlega sterk og ákaflega viðkvæm, allt eftir því hvernig með þau er farið og þau eru meðhöndluð. Ég byrjaði að prófa mig áfram og í framhaldinu hef ég kynnt mér þetta mikilvæga málefni sem líffæragjafir eru og viljað vekja athygli á því sem víðast.

Ég sýndi þessi verk í Stokkhólmi fyrir um ári og þeir gáfu mér í rauninni öll verkin með þeim formmerkjum að ég má ekki selja þau áfram. Þau fá því öll að fylgjast að í heild og það gleður mig.

Mig langaði til þess að sýna

„Við erum fyrst og fremst að fara að koma saman og ræða þessi mál enda brenna þau á mörgum og það eru allar skoðanir velkomnar.“

þessi verk hérna heima og vissi af Ella og því sem hann er að gera. Það eru afskaplega fallegar myndir og hann alveg yndislegur. Í framhaldinu hafði ég samband við Hannesarholt og þau hafa opnað dyr sínar fyrir okkur endurgjaldslaut þar sem við sýnum bæði og höldum málþingið í dag á sjálfan Valentínusardaginn. Okkur finnst fara afskaplega vel á því að vera með þetta í dag á þessum degi málefna hjartans – þessa sterka en viðkvæma líffæris. Að sjálfsögðu eru allir hjartanlega velkomnir.“

magnus@frettabladid.is



VIÐKVÆMNI OG STYRKUR Sigga Heimis hönnuður segir margt líkt með líffærum og glerverkum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Gott ráð gegn kvefi

PreCold®

PreCold® er munnúði sem vinnur gegn kvefveirunni og dregur úr líkum á kvefi. Rannsóknir sýna að PreCold® styttr tímabil kvefeinkenna um allt að helming og fækkar kvefveirum í hálsi um 99%

Kíktu á www.precold.is
Fæst í helstu apótekum

ZYMETECH

Dreifingaraðili:
Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

Ljóðrænt og litríkt

Camerarctica leikur í Norræna húsinu á morgun.

Tónleikar hópsins Camerarctica í Norræna húsinu á morgun klukkan 15.15 hefjast á Trio Pathétique eftir rússneska tónskáldið Mikhael Glinka sem var uppi á fyrri hluta nítjándu aldar og er oft nefndur faðir rússneskrar tónlistar. Því næst er hressilegt Trío eftir Nino Rota sem er hvað þekktastur fyrir kvikmyndatónlist sína, meðal annars úr Guðföðurnum, og tónleikunum lýkur með hinu þekktu Gassenhauer-tríói op. 11 eftir Beethoven.




CAMERARCTICA Tónleikar hópsins taka um klukkutíma.

-gun

MARG- VERÐLAUNUÐ ÖRÆFI!

KOMIN
Í KILJU



JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ



ÞÓRUNN H. SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN



„... margræð og óskilgreinanleg,
marglaga og óvænt. Og fyndin,
alveg ógeðslega fyndin.“

KRISTJÁN GUÐJÓNSSON / DV

EINN, TVEIR OG FRÍ!

BARCELONA flug frá
19.999 kr.

Tímabil: maí 2015

ALICANTE, BENIDORM flug frá
18.999 kr.

Tímabil: apríl - maí 2015

TENERIFE flug frá
19.999 kr.

Tímabil: apríl - september 2015

DUBLIN flug frá
9.999 kr.

Tímabil: júní - ágúst 2015

AMSTERDAM flug frá
14.999 kr.

Tímabil: júní - ágúst 2015

Gerðu verðsamanburð,
það borgar sig!



KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

14. FEBRÚAR 2015

Tónleikar

13.00 Kvinnakórinn Léttveit Reykjavíkur heldur upp á 20 ára afmæli sitt allt árið 2015. Fyrsti viðburðurinn verður í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Til sýnis verða ýmsir munir og myndir tengdar kórstarfinu. Kórinn flytur nokkur lög. Allir velkomnir.

13.30 Nokkrir félagar úr Vox feminae syngja nokkur lög undir stjórn Margrétar Pálmadóttur í Gallerí Vest.

17.00 Tríoíð Aurora flytur verk eftir Þóru Martinsdóttur í Norræna húsinu. Miðaverð 2.500 krónur.

20.00 Óskar Pétursson og Jóhann Vilhjálmsson syngja Með sínu nefi, fyrstu sólóplötu Vilhjálmssonar í heild auk fleiri vinsælustu laga Vilhjálmssonar á Græna hattinum í kvöld. Hljómsveitarstjóri er Gunnar Þórðarson. Miðaverð er 3.500 krónur. Aukatónleikar klukkan 23.00.

21.00 Hljómsveitin Stígur spilar á Lofti Hosteli í kvöld. Aðgangur ókeypis.

21.00 Valgeir Sigurðsson mun spila nýtt efni ásamt Liam Byrne í Mengi í kvöld. Valgeir er einn af stofnendum Bedroom Community en plötufyrirtækið mun á komandi mánuðum halda kvöld í Mengi með listamönnum sínum. Miðaverð 2.000 krónur.

22.00 Hljómsveitin Babies á Húrra í kvöld. Frítt inn.

22.00 KK og Magnús Eiríksson spila á Café Rosenberg. Á tónleikunum spila þeir lög úr lagasafni hvors annars auk sameiginlegra lagasmíða. Miðaverð er 2.000 krónur.

22.00 Hljómsveitin Greifarnir verður á Spot í Kópavogi. Gömlu góðu Greifalögin og fleira gott.

22.00 Hljómsveitin Captain Syrup á Dillon í kvöld.

Opnanir

14.00 Myndlistarsýningin Daglegt líf verður opnuð í Guðnýjarstofu, Akranesi í dag. Verk eftir listamanninn Baska eða Bjarna Skúla Ketilsson. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

15.00 Sýning Joris



Rademaker verður opnuð í vestursal Listasafnsins á Akureyri.

15.00 Sýningin Á veglausu hafi verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Verk eftir myndlistarmanninn Kristín E. Hrafnsson verða sýnd auk gripa úr Þjóðminjasafninu og Bygðasafninu í Skógum. Kristinn veltir fyrir sér hvernig fólk fyrr á öldum staðsetti sig í umhverfinu, hvort sem er á sjó eða landi.

17.00 Einkasýning Lukku Sigurðardóttur, Hugskot verður opnuð í galleríi Ekkisens í kvöld.

Námskeið

11.00 Hip-hop vinnustofa í Rebel Dance Studio með Denice Miso og Anton Swerkström. Vinnustofan kostar 7.000 krónur.

Umræður

15.00 Pallborðsumræður um fölsuð listaverk og frumverk í Listasafni Íslands í kjölfar opunar sýningarinnar A Kassen Carnegie Art Award 2014.

Barnatónleikar

11.30 Fjörmikið lag um Ólav Riddararós verður flutt af hljóðfæraleik-



urum Símfóníuhljómsveitar Ísland í Barnastund Símfóníunnar. Sérstakur gestur er Maxímús

Músíkús. Aðgangur ókeypis.

14.00 Hetjur og valkyrjur í Eldborgarsal Hörpunar í kvöld. Viðfangsefnið er spennandi og kraftmikið ferðalag um lendur hljómmikilla og gáskafullra tónverka sem eru mörgum góðkunnug. Símfóníuhljómsveit Íslands flytur. Miðaverð frá 2.000 krónum.

Uppákomur

14.00 Öskupoka- og bolluvandagerð í Menningarhúsinu Gerðubergi. Allt efni á staðnum og aðgangur ókeypis.

15.30 Hugleiðsluviðburður fyrir tvo á Valentínusardag í Jógahofinu. Verð 1.500 krónur.

Tónlist

14.00 Futuregrapher spilar í Macland, Laugarvegi í dag.

21.00 Laser Life á Bar 11 í kvöld.

22.00 Latin Night á Ríó Sportbar, Hverfisgötu í kvöld. Dj Nikki þeytir skífum.

23.00 Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

23.00 Dj Kocoon þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

23.00 Steindi Jr, Bent og Óli Geir á Kaffi Akureyri í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

23.00 Dj Casa Nova þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

Útivist

10.15 Hjólréiðaferð frá Hlemmi. Hjólað verður í 1-2 tíma um borgina í rólegri ferð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Upplýsingar á vef LHM.is.

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SUNNUDAGUR 15. FEBRÚAR 2015

Tónleikar

15.15 Kammerhópurinn Cameractica leikur þrjú trío í tónleikaröðinni 15.15 í Norræna húsinu. Miðaverð er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

16.00 Kvinnakór Háskóla Íslands heldur tónleika í hátíðarsal Háskóla Íslands. Sérstakir gestir eru Ragnheiður og Haukur Gröndal. Miðaverð er 2.000 krónur.

20.00 Tónleikarnir Frumherjar rokksins í Salnum, Kópavogi. Flutt verða vinsæl lög frá rokkímabilinu og kynni er Ómar Ragnarsson. Miðaverð er 3.900 krónur.

Opnanir

11.00 Sýning Einars Garibaldía, Impression, verður opnuð á Torginu í Neskirkju.

Félagsvist

14.00 Félagsvist í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

15.00 Kvikmynd Tarkovskíjs Solaris sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Enskur texti og aðgangur ókeypis.

Uppákomur

13.00 Söngkonan Margrét Eir Hjartardóttir flytur lög úr teiknimyndinni

Frozen á Heimilislegum sunnudögum á Kexi Hosteli. Einnig munu börn og foreldrar lita saman Frozen-myndir, lesið verður úr bókum um ævintýrið mikla og kennsla í fléttugerð. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

15.00 Öskupoka- og bolluvandagerð í Menningarhúsinu Grófinni. Allt efni á staðnum og aðgangur ókeypis.

Dansleikur

20.00 Dansað verður Félagsheimili eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4. Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.600 krónur gegn framvísun félagsskírteinis.

Dans

20.00 Dansverkið Plane verður sýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Miðaverð er 2.500 krónur.

Tónlist

21.00 Trúbadorinn Danni á English Pub í kvöld.

21.00 Dj Símon FKNHNSM þeytir skífum á Kaffibarnum.

21.30 Nicolas Kunysz á rólegu nótnum á Húrra.

21.30 Russian.girls vs The Man á Húrra.

22.00 Trúbadorinn Andri verður á Dubliner í kvöld.

Leiðsögn

14.00 Fjölskylduleiðsögn um sýningu Heklu Daggar Jónsdóttur, Framköllun, í Hafnarborg.

14.00 Halldór Björn Runólfsson, safn-

EKKI MISSA AF

Heimilislegum sunnudögum Kex hostel

Heimilislegir sunnudagar á Kexi hosteli með Frozen-þema. Margrét Eir tekur lagið.



stjóri Listasafns Íslands, leiðir gesti um sýninguna Konur stíga fram - svipmyndir 30 kvenna í íslenski myndlist í Listasafni Íslands.

Listamannspjall

15.00 Einar Hákonarson og Ingiberg Magnússon ræða við gesti um sýninguna Púls tímans, yfirlitssýningu á verkum Einars sem stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Aðgangseyrir er 1.400 krónur.

Fyrirlestrar

15.00 Einar Falur Ingólfsson heldur fyrirlestur í tengslum við sýninguna, Listamaður á söguslóðum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



10
TÚLÍPANAR
1.490 kr.

**ILMVATNS-
 PRUFA
 FYLGIR!
 DOLCE & GABBANA**
 meðan birgðir endast

Kaupauki fylgir öllum blómvöndum
 2 fyrir 1 á kvikmyndina Still Alice og afsláttarmiði á Vegamót fylgir blómvöndum í Skútuvogi, Háfnarfirði og Grafarholti
 meðan birgðir endast



Dagur elskenda
Valentínusorhelgi
 í Blómavali

Konfekt GuyLian súkkulaðihjörtu
499 kr.
~~699~~

Ástareldur
999 kr.
~~1.490~~

Friðarlilja
1.390 kr.
~~1.990~~

Orkidea
1.990 kr.
~~2.490~~

KAFFI GARÐUR

BOLLUDAGSTILBOÐ Í KAFFI GARÐI SKÚTUVOGI LAUGARDAG

Bolla
299 kr.

Bolla og Kaffi
350 kr.



Sænskar rjómbollar sem svíkja engan

Pessar eru öðruvísi og dásamlega góðar. Uppskriftin er fyrir um það bil 18 bollur.

1 msk. kardimommu-kjarnar (sleppa ef gera á íslenskar gerbollur)
3 dl mjólk
1 pakki þurrger
1 ½ dl sykur
½ tsk. salt
150 g mjúkt smjör við stofuhita
1 egg
10-12 dl hveiti

BOLLURNAR Kjarnarnir úr kardimommunum muldir fínt í mortéli. Mjólkin sett í pott, muldu kardimommurnar út í og hitað upp í 37 gráður. Gerið sett í skál og það leyst upp með mjólkinni, smjöri, sykri, salti og egg. Þá er hveitinu bætt út í smátt og smátt og deigið hnoðað þar til það verður slétt og sprungulaust. Því næst er deigið látið hefast undir klút á hlýjum stað í 40-60 mínútur

eða þar til það hefur tvöfaldast. Þá eru hnoðaðar um 18 bollur sem er raðað á ofnplötu klædda bökunarpappír. Bollunum er leyft að hefast undir klút í um 45-60 mínútur til viðbótar. Því næst eru þær penslaðar með egg og bakaðar við 200 gráður í um það bil 10 mínútur eða þar til þær eru gullinbrúnar. Bollunum er leyft að kólna á grind eftir að þær koma út úr ofninum.

FYLING
ca. 400 g möndlumassi (líka hægt að nota hefðbundin Odense-marsípan)
8 dl rjómi
egg til að pensla með flórsykur

MÖNDLUMASSI Möndlurnar er muldar mjög fínt í matvinnsluvél. Þá er sykri bætt út í og blandan keyrð í matvinnsluvél í um 5-7 mínútur þar til massinn verður sléttur. Þá er smá skvettu af mjólk bætt út í þannig að massinn verði dálítið blautur og haldist saman. Sumir taka aðeins innan úr bollunum og bæta því út í möndlumassann. Uppskrift tekin af eldhussogur.com.



GIRNILEGAR Sænsku rjómbollarar eru gómsætar. MYND/DRÖFN VILHJÁLMSDÓTTIR

Sonurinn var stílisti í sjö daga

Tanja Björk Ómarsdóttir leikkona hefur undanfarna viku leyft sex ára syni sínum, Nataníel Loga, að velja fyrir sig fatnað og fylgihluti.

Hinn sex ára gamli Nataníel Logi fékk það skemmtilega hlutverk í vikunni að vera stílisti móður sinnar, leikkonunnar Tönu Bjarkar Ómarsdóttir.

Það var systir Tönu sem benti henni á bandaríska konu sem gert hafði það sama með syni sínum og Tanja ákvað að bera hugmyndina undir son sinn og í sameiningu ákváðu þau að slá til.

Nataníel tók stílista-hlutverkinu af mikilli alvöru og vandaði valið þegar kom að fatnaði og fylgihlutum. „Hann er bara búinn að gera mig mjög töff, ég er alveg að fíla þetta,“ segir Tanja og bætir við: „Hann fékk líka að velja skartgrip og er mjög áhugasamur um þetta allt saman.“

Fötin velja þau mæðgin í sameiningu kvöldið áður og hún segir verkefnið skemmtilegt og hjálpa þeim að skilja hvort annað betur.

„Hann er sjálfur með mjög ákveðnar skoðanir um hvernig hann vill klæða sig og hvað honum finnst flott og ég er kannski ekki alltaf alveg sammála,“ segir Tanja og hlær.

„Hann er voða skynsamur, eins og á mánu-daginn valdi hann Timberland-skó af því þeir eru svo góðir í svona slæmu veðri,“ segir hún glöð í bragði og bætir við: „Hann er ekkert að setja mig í einhverja hlýraboli heldur setur á mig húfu og trefil.“


Eins og margir á Tanja meira af fötum en hún notar og því falla sumar flíkur í gleymsku. „Ég á rosa mikið af fötum og nota kannski svona 10 prósent af fötunum sem ég á.“

Hún segir verkefnið opna fyrir nýja möguleika þegar kemur að því að raða saman flíkum sem hún hefði sjálf ekki parað saman eða hefur ekki notað í langan tíma. „Á þriðjudaginn setti hann saman fjólubláa hettupeysu og gulljakka sem ég hef ekki notað í mörg ár og ég sagði bara: Vá, þetta er geðveikt,“ segir Tanja og mælir með að fleiri foreldrar prufi þetta.


gydaloa@frettabladid.is



GLÖÐ SAMAN
Tanja ásamt börnunum sínum Nataníel Loga og Bergdís. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LAUGARDAGUR Næstseinni dagur verkefnisins, Tanja mælir með að fleiri foreldrar prufi.



FIMMUDAGUR Tanja segir verkefnið hafa gefið sér nýja sýn á fataeignina.

“Hann er bara búinn að gera mig mjög töff, ég er alveg að fíla þetta”



FÖSTUDAGUR
Nataníel er meðvitaður um veður og vinda og gætir þess að móður sinni verði ekki kalt.



MÁNUDAGUR
Fyrsta daginn valdi Nataníel vígalegan gaddajakka og Timberland-skó vegna þess hversu vel þeir henta í snjónum og hálkunni.

ÞRIÐJUDAGUR
Nataníel hefur gaman af því að velja saman skemmtilega liti. MYND/TANJABJÖRK

MIDVIKUDAGUR
Svarthvíta-dressið var eitt af uppáhaldslúkki Tönu.

Öðruvísi hugmyndir fyrir Valentínusardaginn í dag

Valentínusardagurinn er í dag og fyrir þá sem vilja gera meira en að gefa blóm eru hér nokkrar athyglisverðar hugmyndir.

Jógahofið heldur hugleiðsluviðburð fyrir tvo í dag klukkan 15.30. Hugleiðslan sem verður kennd nefnist Venusar-kriyur og eru gerðar af tveimur manneskjum saman. Hugleiðslan kemur úr hefð kundalini-jóga eftir forskrift Yogi Bhajan og eru dýpri en hefðbundin hugleiðsla. Venusar-kriyur dýpka tengsl tveggja sála sem iðka saman í hreinleika og hlutleysi. Þessi hugleiðsla er heillavænleg og tekur hver um sig ekki meira en þrjár mínútur. Í lok við-

burðar verður gongslökun. Viðburðurinn er fyrir alla, ekki bara maka.

Single and HATING IT!

Fyrir þá sem eru einstæðir á Valentínusardaginn og finnst það ömurlegt, stendur Q Félag hinsegin stúdentanna fyrir viðburðinum „Single and hating it“ á Kiki í kvöld klukkan 21.00. Kvöldið byrjar með „Broken hearts“-karíóki þar sem vel valin ástarlög verða í boði. DJ Glimmer klárar svo kvöldið og sér til þess að

allir skemmti sér á dansgólfinu fram á nótt.

Rómeó og Júlía í Háskólabíói

Stórkostlegasta ástarsaga allra tíma verður sýnd í Háskólabíói í dag klukkan 17.00. Um er að ræða leik-sýningu með sjálfum Orlando Bloom í hlutverki Rómeós. Sýningin fór sigurför á Broadway og því er þetta einstakt tækifæri til þess að sjá þetta heimsþekta leikrit.



RÓMEÓ OG JÚLÍA Pau Orlando Bloom og Condola Rashad fara með aðalhlutverkin í leikritinu. NORDICPHOTOS/GETTY



LAUMA Rapparinn kom aðdændum sínum á óvart.

Drake hermir eftir Beyoncé

Rapparinn Drake hermdi eftir söngkonunni Beyoncé og gaf óvænt úr plötu á fimmtudag. Platan, sem heitir „If You're Reading This It's Too Late“ og inniheldur sautján lög, kom óvænt út á iTunes en aðdændur hans áttu ekki von á plötunni fyrr en í lok þessa árs. Síðasta plata hans „Nothing Was the Same“ kom út árið 2013 og seldist í 650.000 eintökum strax í fyrstu vikunni.



FLOTT AC/DC kom fram á Grammy-verðlaunahátíðinni um síðustu helgi og hefur engu gleymt. NORDICPHOTOS/GETTY

Sest á bak við settið í AC/DC

Ástralska rokkhljómveitin AC/DC hefur staðfest að trommuleikarinn Chris Slade muni leysa Phil Rudd af á næsta tónleikaferðalagi sveitarinnar. Hún er á leið í tónleikaferðalag um heiminn.

Slade var áður meðlimur í AC/DC, á árunum 1989 og 1994 og lék inn á plötuna The Razor's Edge. Þá kom hann fram með sveitinni á Grammy-verðlaunahátíðinni um síðustu helgi.

Phil Rudd er nú staddur á Nýja-Sjálandi og bíður þar réttarhalda yfir sér. Hann er ákærður fyrir að hafa reynt að ráða leigumorðingja til starfa til þess að taka tvo menn af lífi. Jafnframt er honum gefið að sök að hafa haft í förum sínum eitruyf, metamfetamín og kannabis. - glp

Fimmta breiðskífa Diktu tilbúin til útgáfu

Hljómveitin vinnur í fyrsta sinn í tíu ár með upptökustjóra. Dikta hefur ekki gefið út plötu síðan árið 2011.

„Við erum hoppandi skoppandi ánægðir með útkomuna,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari, pianó- og gítarleikari hljómveitarinnar Diktu. Sveitin er nú að ljúka við sína fimmту breiðskífu sem enn hefur ekki fengið endanlegt nafn. Stefnt er á útgáfu plötunnar með vorinu og mun hún koma út í Þýskalandi og víðar um heim á sama tíma.

„Ég held að þessi plata sé hressari en hinar. Hún er meira svona „upbeat“ og það má greina smá sumarblæ yfir henni,“ segir Haukur Heiðar spurður út í stíl plötunnar.

Hún var tekin upp í þremur lotum og er að stórum hluta hljóðrituð í Þýskalandi, hjá upptökustjóranum Sky van Hoff. „Við tókum upp tvö lög árið 2013 hjá honum og fórum svo aftur út til hans síðasta sumar og vorum þar í hálfan mánuð. Hann kom svo til Íslands í nóvember og var hérna í mánuð og við kláruðum plötuna,“ útskýrir Haukur Heiðar.

Hann segir sveitina hafa uppgötvað hversu mikilvægt það sé að vinna með upptökustjóra á nýjan leik, því hún hefur ekki unnið með

slíkum á síðustu tveimur plötum. „Það var mjög gott að vinna aftur með upptökustjóra. Við unnum með Ace úr Skunk Anansie þegar við tókum upp plötuna Hunting for Happiness og lærðum mjög mikið af honum. Á síðustu tveimur plötum höfum við gert þetta alveg sjálfir og vorum komnir í ákveðinn þægindaramma.“ Fyrsti alvöru singullinn kemur út núna á næstu dögum,“ bætir Haukur Heiðar við, sem var að búa sig undir að syngja í Eurovision þegar blaðamaður náði tali af honum. - glp



NÝ PLATA Hljómveitin Dikta segir nýju plötuna vera þá hressustu sem sveitin hefur sent frá sér. MYND/FLORIAN TRYKOWSKI.

RJÓMABOLLUDAGURINN

Allir hafa skoðun á hvernig fylling á að vera í bollum en öll erum við þó sammála um að rjóminn er ómissandi. Þú færð góða bolluuppskrift á gottimatinn.is

Guð er kærleikur...



Kanye hannar fyrir Adidas

Rapparinn, og nú fatahönnuðurinn, Kanye West frumsýndi nýja fatalínu sína sem hann gerði fyrir íþróttarisann Adidas Originals á New York Fashion Week á fimmtudag. Síðasta lína West, sem hann hannaði árið 2011, var rökkuð niður af tískuspekingum og því verður spennandi að sjá hvað gagnrýnendur segja um þessa línu og þá sérstaklega Anna Wintour, ritstjóri Vogue, sem sat á fremsta bekk.



GLÆSILEG Tískuhönnuðurinn Alexander Wang og Rihanna létu sig ekki vanta á fremsta bekk.



PVILIKT TRÍÓ Popprinsinn Justin Bieber lét sig ekki vanta og er hér ásamt Kendall Jenner og rapparanum Big Sean.



STYÐJA KANYE Mágkonur Kanye West þær Kendall Jenner og Khloe Kardashian voru mættar ásamt móður sinni, Kris Jenner.



ELÍTAN MÆTT Á fremsta bekk sátu drottningarnar Beyoncé, Kim Kardashian West og Anna Wintour, ritstjóri Vogue.



JARÐARLITIR Lína West er ekki mjög litsterk en einkennist af fallegum jarðarlitum og víðum sniðum.



HRESS BAKSVÍÐS Hjónin Kim og Kanye ásamt Önnu Wintour.



Stuð á Sónar

Á fjórða þúsund gestir sækja Sónarhátíðina í Hörpu. Yfir sextíu atriði eru á hátíðinni, sem lýkur í kvöld.



SAMARIS
Áslaug Rún Magnúsdóttir blés í klarinettið af sinni alkunnu snilld.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANDRI MARÍNÓ



M BAND Tónleikar Harðar unnu á eftir því sem leið á þá. Seiðandi frammistaða.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



ÁHORFENDUR Áhorfendur á Todd Terje réðu vart við sig.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



Í **STUÐI** Todd Terje tók sig vel út á sviðinu í Silfurbergi í Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

Fékk Íslendinga til að hrista skankana

★★★★★

Tónleikar

Todd Terje

SÓNAR REYKJAVÍK
SILFURBERG, HÖRPU

Tónleikar Todd Terje voru vafalaust hápunktur fyrsta kvöldsins á Sónarhátíðinni sem hófst í fyrrakvöld. Stemningin í Silfurbergi var slík að enginn fór þaðan út án þess að vera kófsveittur.

Fyrsta hljóðversplata hans, It's Album Time, kom út í fyrra og vakti lukku hjá tónlistaráhugamönnum um heim allan. Gagnrýnendur hlóðu hana lofi og fyrir skemmstu hlaut Todd tilnefningu til Norrænu tónlistarverðlaunanna fyrir gripinn.

Strax frá fyrsta tóni var ljóst í hvað stefndi. Tónleikarnir voru eins og fallið af kvaðratrótinni af x, sprengdu upp á toppinn í byrjun og héldu sér þar og sást það best á hegðun og atferli áhorfenda.

Tónlist Norðmannsins fékk fólk til að dansa með tilheyrandi hita

og svita. Það var einfaldlega of heitt til þess að dansa ekki. Ljós-in settu punktin yfir i-ið og rúsin í pylsuendanum var loklag-ið þegar Terje tók endurvinnslu á slagaranum I Wanna Dance with Somebody sem Whitney Houston gerði ódauðlegt, en þrjú ár eru liðin frá andláti hennar.

Jóhann Óli Eirísson og Gyða Lóa Ólafsdóttir

NIÐURSTAÐA: Hressandi lokatónleikar á fyrsta kvöldi tónlistarhátíðarinnar og gefa vonandi tóninn fyrir það sem í vændum er um helgina.

Kryddlegin lambalund

- Í KÓRÍANDER OG MYNTU

FYRIR 4

700 g lambalund
1 dl kóríander, saxaður
1 dl mynta, söxuð
2 msk sítrónusafi
3 msk ólífuolía
1 hvítlauksgæiri, saxaður
½ tsk kummin
½ tsk kóríanderduft
2 þurrkuð chili-aldin, steytt
1 rauðlaukur, skorinn í grófa teninga
1 rauð paprika, skorin í teninga

Jógurtsósa með myntu:

¼ agúrka, smátt skorin
1 dós hrein jógúrt
1 dl grísk jógúrt
2 msk sítrónusafi
2 msk mynta, gróft söxuð
½ tsk kummin
salt og nýmalaður svartur pipar

Ef notuð eru grillspjót úr tré leggið þau þá í bleyti í 15 mínútur áður en hráefnið er sett á þau.

Þræðið síðan kjötið, laukinn og paprikuna upp á spjótin til skiptis og penslið yfir með restinni af leginum.

Grillið í 3-4 mínútur á hvorri hlið á vel heitu grilli. Hversu lengi fer svolítið eftir stærð bitanna og hvernig hver og einn vill hafa sitt kjöt eldað. Berið fram með jógurtsósu, grilluðum kartöflum og salati eða öðru meðlæti.

Lambakjöt

NÁTTÚRULEGA GOTT
MEÐ JÚRÓVISJÓN

LAMBAKJOT.IS

LAUGARÁS BÍÓ **midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar **Coca-Cola** LAUGARÁSBÍÓ

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
FIFTY SHADES OF GREY	5:25, 8, 10:35
KINGSMAN	8, 10:40
SEVENTH SON	8
SVAMPUR SVEINSSON 2D	1:45, 3:40, 6 - ÍSL TAL
SVAMPUR SVEINSSON 3D	1:50, 4 - ÍSL TAL
PADDINGTON - ÍSL TAL	1:50, 4, 6
HOBBIT 3 3D	10:10

Grátt gaman í bíó

BAKPANKAR Hildar Sverrisdóttur



Pað er gott að fá að upplifa kraft og stemningu sem maður trúir einlægt að geti flutt fjöll. Í gær gerðist það til dæmis í Hörpu þar sem 2.500 manns dönsuðu gegn kynbundnu ofbeldi, sem er því miður enn ein stærsta váin sem við búum við í þessum heimi.

ÉG verð þó stundum hugsari yfir því hvort fókusinn á það sem við köllum kynbundið ofbeldi sé of víðtækur. Þegar ég kastaði mæðinni eftir dansinn sá ég á vefnum hvatningu til að sniðganga kvikmyndina 50 gráir skuggar og var það rökstutt að með því að sjá myndina væri verið að styðja við ofbeldi. Nú hef ég hvorki séð myndina né lesið bækurnar sem hún byggir á en þykist vita nógu mikið um efnistökin til að hafa á þessu skoðun.

ÉG tel í besta falli ósanngjarnt og í versta falli hættulegt að leyfa sér að fullyrða að skáldskapur sem þessi hvetji til þess glæps sem hvers kyns ofbeldi er. Bækurnar og myndin eru skáld-

verk, ekki heimildarmynd eða leiðbein- ingarbæklingur um eitt eða neitt frekar en annar skáldskapur. Hins vegar hafa þessi verk notið gríðarlegra vinsælda – sérstaklega hjá konum. Líklega af því að þau ýta undir fantasíur sem rannsóknir sýna að eru algengar. Það er staðreynd að margar konur hafa gaman, sama af hvaða ástæðum það er, af þessari afþreyingu. Þegar það er staðreynd er miklu nær að nota tækifærið og ræða opinskátt og heiðarlega um hvar skilin á milli skemmtunar og ofbeldis liggja, í staðinn fyrir að afneita, þagga, sniðganga og helst banna.

AF hverju að gera lítið úr fólki sem hefur gaman af tilteknum skáldskap með því að stimpla það sem stuðningsmenn ofbeldis ef það horfir á bíómynd? Á skömmin að liggja þar? Á hún ekki alfar- ið að liggja hjá þeim sem beita ofbeldi? Fólk á að mega hafa gaman af því sem mörgum öðrum finnst framandi, skrítið, óþægilegt eða jafnvel ógeðslegt – svo lengi sem enginn er auðvitað þvingaður til að gera neitt sem hann hefur ekki samþykkt – því það er ofbeldi. Annað ekki.

Hjónabandið hefur oft „dáið“

Leikarinn Will Smith hefur tjáð sig um hjónaband þeirra Jödu Pinkett Smith.

Will Smith hefur viðurkennt að hjónaband sitt til sautján ára með Jödu Pinkett Smith hafi átt „stormasama daga“ og hafi „dáið“ mörgum sinnum.

„Sama hvað þú hefur þá á það eftir að deyja og þú verður að endurfæða eitthvað nýtt. Þú verður að vera tilbúinn til að fylgja öldudal- um,“ sagði leikarinn við The Sun. „Það verða einhverjir leiðinlegir dagar og einhverjir stormasamir

og það verður að vera í lagi.“

Einkona hans, Jada, hefur áður sagt að Smith sé meira en eigin- maður í hennar augum en þau eiga tvö börn sem eru á unglingsaldri. „Við vorum með allar þessar reglur en þegar þú heldur áfram í sam- bandi kemur ákveðið flæði. Will er með allan þakann. „Eiginmaður- inn minn“ er eiginlega of lítið orð miðað við hvað hann skiptir miklu máli í lífi mínu,“ sagði hún.



GIFT Í SAUTJÁN ÁR Samband þeirra hefur átt sínar hæðir og lægðir í gegnum árin. NORDICPHOTO/GETTY

SAMBÍÓINN

ALFABAKKA

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 3:10 - 5:20 - 8 - 10:40
FIFTY SHADES OF GREY VIP	KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
JUPITER ASCENDING 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON	KL. 1 - 1:30 - 2 - 3:10 - 3:40 - 4:10 - 6:20
SVAMPUR SVEINSSON 3D	KL. 1 - 3:10
THE SPONGEBOB MOVIE	KL. 5:50
WILD CARD	KL. 8:30 - 10:40
THE IMITATION GAME	KL. 6 - 9
AMERICAN SNIPER	KL. 8 - 10:45
BIG HERO 6	KL. 1

AKUREYRI

JUPITER ASCENDING 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON	KL. 1:30 - 3:40
SVAMPUR SVEINSSON 3D	KL. 1 - 3:10
THE SPONGEBOB MOVIE	KL. 5:50
THE IMITATION GAME	KL. 8
AMERICAN SNIPER	KL. 10:40

KEFLAVÍK

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 8 - 10:40
KINGSMAN: THE SECRET SERVICE	KL. 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON	KL. 5:50
SVAMPUR SVEINSSON 3D	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50
PADDINGTON	KL. 1:30 - 3:40

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU KR. 750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

Ódýrt í bíó

TILBOÐ KL. 1:45 Í 2D TILBOÐ KL. 1:50 Í 3D

SVAMPUR SVEINSSON SVAMPUR Á ÞURRU LANDI ÍSL TAL

PADDINGTON SÝND Í 2D ÍSL TAL

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA, KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð

MINNST 4 MIÐAR. A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

ÓLI PRIK DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMÍÐI.IS

SVAMPUR SVEINSSON **PADDINGTON**

HÁSKÓLA BÍÓ **SMÁRA BÍÓ**

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Turist ENG SUB	16.00	Whiplash	18.00
Andri og Edda	16.00	París norðursins ENG SUB	18.00
Believe	16.00	Mr. Turner	20.00
Girlhood	18.00, 2215	A most wanted man	20.00

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

FIFTY SHADES OF GREY	KL. 2-5-8-10:40	FIFTY SHADES OF GREY	KL. 5:15-5:20-8-10:40
FIFTY SHADES OF GREY LÚXUS	KL. 2-5-8	BIRDMAN	KL. 5:30-8-10:30
KINGSMAN	KL. 5:20-8-10:45	ÓLI PRIK	KL. 3-5:30-8-10:20
KINGSMAN LÚXUS	KL. 10:45	PADDINGTON - ÍSL TAL	KL. 3
SEVENTH SON	KL. 8-10:20	ÖMURLEG BRÚDKAUP - ÍSL TEXTI	KL. 3-5:30-8-10:20
BIRDMAN	KL. 8-10:40	BÉLER FJÖLSKYLDAN	KL. 3-ENS. TEXTI
SVAMPUR SVEINSSON 3D	KL. 1-3:15-ÍSL TAL	LEIKRIT: RÓMEÓ OG JÚLÍA	KL. 5
SVAMPUR SVEINSSON 2D	KL. 1-3:30-5:45-ÍSL TAL	RAUTT = BARA LAUGARDAG	
PADDINGTON - ÍSL TAL	KL. 1-3:30-5:45	FJÖLUBLÁTT = BARA SUNNUDAG	

FJÖLSKYLDUPAKKINN MINNST 4 MIÐAR. A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA

Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverð

Miðasala á: **EMÍÐI**

RISA

SKÓSPRENGJA

50-90% AFSLÁTTUR



VANS

VAGABOND
SHOEMAKERS

tamaris



ecco



Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Smáratorgi, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-18
Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18
Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

Fljótari en bandaríska eldflaugin

Sundtímabilið byrjaði ekki alltof vel hjá Ingibjörgu Kristínu Jónsdóttur í Arizona í Bandaríkjunum en það lítur út fyrir að það ætli að enda miklu betur. Vann sund á móti Ólympíumeistararum Missy Franklin í vetur og er komin inn á úrslitamót NCAA í mars.

SUND Hafnirðingurinn Ingibjörg Kristín Jónsdóttir er á sínu öðru ári í Arizona State-háskólanum og finnur sig ekki bara vel í skólanum og hitanum í Arizona heldur er hún einnig farin að bæta sig mikið í lauginni. Um síðustu helgi synti hún sig inn á úrslitamót NCAA við mikinn fögnuð liðsfélaga sinna en til þess þurfti hún að bæta sinn besta tíma um hálfu sekúndu.

Ingibjörg Kristín tryggði sér sætið með því að synda 100 jarda baksund á 52,96 sekúndum á „dual“-móti en þar keppa tveir skólar sem keppa hvor á móti öðrum þar sem sundfólkið safnar stigum. „Á þessu dual-móti vorum við að keppa við hinn skólann hérna í Arizona og það er alltaf mikill ríður á milli okkar svo það var ákveðin pressa að standa sig vel,“ segir Ingibjörg.

„Ég byrjaði á því að synda 50 jarda baksund og vann það og var aðeins 10/100 frá mínum allra besta tíma. Eftir 50 jarda baksundið talaði ég við þjálfarana mína og yfirþjálfarinn spurði mig hvort ég gæti byrjað svona hratt í 100 og ég sagði bara já ég skal gera það. Ég man lítið eftir sundinu sjálfu en ég man að eftir fyrsta 50 var ég orðin langt á undan svo ég vissi að ég var að fara hratt en ekki hversu hratt,“ segir Ingibjörg.

Sá ekki tímann fyrir sólinni

„Þegar ég snerti bakkann þá urðu þvílík fagnaðarlæti en tímataflan er fyrir aftan okkur og út af sólinni þá sá ég ekki tímann og þurfti að synda aðeins út í lauginu til að sjá. Þegar ég sá tímann þá fékk ég smá sjökk, ég bjóst alls ekki við þessu og vissi eiginlega ekki hvernig ég átti að haga mér.“

Þetta var bæting á mínum besta tíma um hálfu sekúndu og ég á eftir að hvíla fyrir stærsta mótið. Ég var einnig búin að tala við þjálfarana um hvað ég þyrfti að synda hratt til að komast inn á NCAA og við vorum sammála um að til að vera örugg þyrfti ég að fara undir 53.00 en í fyrri þurfti 53.20 til að



BÆTIR SIG Í SÓLINNI Í ARIZONA Ingibjörg Kristín Jónsdóttir stendur sig mjög vel með sundliði Arizona State-háskólans og er þegar búin að tryggja sér þátttökurétt í úrslitamóti bandaríska háskólasundsins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

komast inn. Ég fór á 52.96 svo ég ætli að vera örugg inn á mótið en fyrst mun ég keppa á Pac 12 sem er deildarmeistaramótið, svo tveimur vikum eftir það fer ég á NCAA,“ segir Ingibjörg sem er búin að gera betur en í fyrri.

„Í fyrri náði ég ekki inn á NCAA, ég missti af því með 25/100, svo ég var ákveðin eftir það að ég myndi fara á næsta ári sem er að verða að veruleika. Það er stelpa hérna í liðinu sem náði heldur ekki inn á í fyrri með aðeins 21/100 svo við höfum verið að minna hvor aðra á hvað markmiðið okkar er dagsdaglega ásamt því að við lyftum saman sem er mjög góð hvatning af því við höfum sama markmið,“ segir Ingibjörg.

Allar sundgreinarnar mælast í jörðum en ekki metrum. „Það var erfitt að venjast jörðunum, í fyrri

þegar ég kom vissi ég ekki hvað tímarnir mínir þýddu. Ég æfði alltaf í 50 metra laug heima en 25 jarda eru um 22 metrar svo þetta er skrítið. Núna er þetta orðið miklu betra, ég er miklu meðvitaðri um allt, sem hjálpar mjög mikið,“ segir Ingibjörg.

Á hækjum í tvær vikur

Tímabilið byrjaði þó ekki vel hjá henni. „Í október rann ég á startblokkinni á æfingu og þurfti að vera á hækjum í tvær vikur og mátti ekki synda neitt. Ég var frá sundi í þrjár vikur en það fékk mig til að hugsa mikið um hvað ég elskaði sund mikið og hvað ég vildi gera í sundinu,“ rifjar Ingibjörg upp.

„Ég fékk að fara á handahjól og lyfta sitjandi og svo fékk ég að fara ofan í sundlauginu með fótinn allan teipaðan en gat ekkert synt. Eftir

að ég gat byrjað að synda var eins og ég væri ný manneskja,“ segir hún.

„Við kepptum meðal annars á móti Kaliforníu sem er eitt besta liðið í Bandaríkjunum og þar keppti ég á móti Missy Franklin sem er margfaldur Ólympíumeistari og heimsmeistari. Ég keppti á móti henni í 50 jarda baksundi og vann hana sem var mjög skemmtileg reynsla,“ segir Ingibjörg en Missy Franklin, sem er kölluð eldflaugin (e. Missy the missile), er nífaldur heimsmeistari og fjórfaldur Ólympíumeistari. Hún er óumdeild sem besta baksundkona heims.

„Ég hef tekið hausinn á mér algerlega í gegn og þjálfari hann alveg eins og ég þjálfari líkamann sem skiptir greinilega miklu máli. Að fá að keppa á NCAA þýðir það að ég fæ að keppa á móti bestu

sundmönnum í heiminum, þetta er rosalega sterkt og gott mót og það mun gefa mér mikla reynslu sem ég get nýtt mér á heimsmeistarumótinu í sumar,“ segir Ingibjörg sem kann vel við sig í Arizona.

Eins og að lifa í draumi

„Að vera í skóla í Arizona er eins og að lifa í draumi. Ég get sameinað háskóla og sund sem væri mjög erfitt að gera á Íslandi. Aðstaðan hérna er til fyrirmyndar, ég er með fjóra sundþjálfara og einn þrekþjálfara. Útisundlaug og veðrið er alltaf gott. Í þessari viku er spáð 28 stiga hita og sól og hitinn fer hækkandi. Það er ekki annað en hægt að vera glöð þegar ég mæti á æfingu, það er sól úti, 40 aðrir sundmenn tilbúnir að synda hratt og allir að keppa hver við annan,“ segir Ingibjörg. oo@frettabladid.is

Hefði kosið annan endi á ferlinum

Stefán Gíslason hættur vegna þráláttra meiðsla.

FÓTBOLTI Stefán Gíslason, leikmaður Breiðabliks og fyrrverandi landsliðsmaður, hefur ákveðið að hætta knattspyrnuvirkun eftir langa baráttu við meiðsla. Stefán, sem lék sem atvinnumaður með sjö félögum í fimm löndum, er 34 ára gamall og lék á sínum tíma 32 A-landsleiki yfir sjö ára tímabil.

